


**SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR**
*Á sér uppáhalds-horn í eldhúsinu*
• heimili
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**SUMARBÚSTAÐIR**
*Eitt og annað sem eykur á notalegheitin*
Sérblað um sumarbústaði
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

**KARL OLGEIRSSON**
*Flýr kreppuna til Svíþjóðar*
Ætlar að einbeita sér að tónsmíðum í Lundi
FÓLK 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. maí 2009 — 117. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


# Skoða afskriftir skulda hjá fyrirtækjum í samkeppni

**Samkeppniseftirlitinu hafa borist ýmsar ábendingar um hugsanleg brot á samkeppnislögum vegna afskrifta ríkisbanka á skuldum fyrirtækja. Á endanum verða alltaf einhverjir ósáttir segir viðskiptaráðherra.**

**EFNAHAGSMÁL** Samkeppniseftirlitið hefur nú til skoðunar nokkrar ábendingar vegna afskrifta ríkisbankanna á skuldum fyrirtækja, og annarrar ákvarðanatöku þeirra um framtíð fyrirtækja. Forsvarsmenn fyrirtækja hafa áhyggjur af því að keppinautar þeirra fái óeðlilegt forskot með afskriftum eða öðrum aðgerðum.

Mikilvægt er að bankarnir hafi samkeppnissjónarmið til hliðsjónar þegar þeir reyna að greiða úr vanda fyrirtækja, segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins. Einnig verði að horfa til þeirra hagsmuna sem neytendur geti haft af því að fyrirtæki í samkeppni geti starfað áfram og þeim fækki ekki.

Almenna reglan er sú að bankarnir reyni að hámarka verðmætin úr þeim félögum sem falla í þeirra hendur, segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra. Þeir verði þó að virða tilmæli Samkeppniseftirlitsins frá því síðasta haust um að hafa samkeppnisaðstæður til hliðsjónar í hverju tilviki.

Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, vakti athygli á fyrirhuguðum 30 milljarða króna afskriftum hjá Teymi í Fréttablaðinu á laugardag. Teymi á og rekur Vodafone, sem er í samkeppni við Símann.

Gylfi segir forsvarsmenn ýmissa fyrirtækja hafa vakið athygli sína á sambærilegum málum undanfarið. Hann vill þó ekki nefna hvaða fyrirtæki eigi þar í hlut.

Það er skiljanlegt að samkeppnisaðilar séu ósáttir við að skuldir keppinautarins séu felldar niður, segir Gylfi. Bankar verði að gæta sín á því að fyrirtæki fái ekki óeðlilega fyrirgreiðslu, eða að ekki séu felldar niður meiri skuldir en nauðsynlegt sé til að fyrirtæki geti haldið áfram starfsemi.

Í sumum tilvikum sé þó engum greiði gerður með því að setja fyrirtæki í þrot og gefa einhverjum kost á því að kaupa reksturinn ódýrt úr þrotabúi.

Gylfi segir mikilvægt fyrir bankana að fara varlega við afskriftir, en sama hvaða leið bankarnir fari verði alltaf einhverjir ósáttir við málalok.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir áhyggjur af málum sem þessum hafa komið upp þegar í upphafi bankahrunsins.

Nú er svo komið að búast má við talsverði hrinu slíkra mála til bankanna á næstunni, segir Vilhjálmur. Þá sé mikilvægasta sjónarmiðið að bjarga verðmætum, þó að auðvitað verði einnig að hafa samkeppnissjónarmiðin í huga.

- bj

## MÁNUDAGUR

### Mætir brýnni þörf



Endurmenntun Háskóla Íslands býður í haust upp á nýja námsbraut á meistarastigi um málefni innflytjenda.

TÍMAMÓT 16

### Fyrsta myndin



Grímur Hákonarson gerir Sumarlandið, fyrstu kvikmynd sína í fullri lengd.

FÓLK 30

### Lófafylli af fyrirheitum

„Og heimurinn er stór og góður við okkur og okkur virðast allir vegir færir, bara ef við stígum rétt til jarðar núna …,“ skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 12

### Brotlending hjá KR



Stjarnan er enn á flugi en KR-ingar brotlentu á heimavelli sínum í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**FLOTT Í BORGINNI** Í dag verða yfirleitt norðaustan 3-10 m/s, stífastur norðvestan til og austan Vatnajökuls. Léttskýjað sunnan og vestan til, annars skýjað með köflum. Hiti 6-18 stig, hlýjast syðst.

VEÐUR 4



**Á AUSTURVELLI** Fjöldi fólks safnaðist saman á Austurvelli í gær til að fagna Jóhönnu Guðrúnu og hennar fylgdarliði eftir frábæran árangur í Eurovision-keppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ísland lenti í öðru sæti í Eurovision-keppninni í Moskvu:

# Jóhanna hyllt á Austurvelli

**FÓLK** Jóhönnu Guðrúnu Jónsdóttur var fagnað eins og þjóðhetju á Austurvelli í gær eftir glæsta frammistöðu í Eurovision-keppninni í Moskvu þar sem hún hreppti annað sætið. Fjöldi fólks hyllti söngkonuna þegar hún steig á svið og söng lagið Is It True?

Páll Óskar Hjálmtýsson hitaði upp fyrir Jóhönnu Guðrúnu með Eurovision-syrpu og stjórnaði jafnframt athöfninni, sem var sýnd beint í Ríkissjónvarpinu. Jóhanna var að vonum í skýjunum þegar Fréttablaðið hafði samband við hana skömmu fyrir athöfnina. „Við erum öll í hópnum að átta okkur á þessu. Þetta er rosa skrítið og maður er aðeins að venjast því að við höfum náð þessum árangri,“ sagði hún.

Kominn er á borðið samningur um að Is It True? verði á stórri sumarsafnplötu sem verður gefin út í Svíþjóð á næstunni auk þess sem nokkur erlend útgáfufyrirtæki hafa sýnt áhuga á að semja við Jóhönnu.

- fb / sjá síðu 4

Sumarstörfin hjá borginni:

# Um þriðjungur mun fá vinnu

**SAMFÉLAGSMÁL Aðeins rúmur þriðjungur þeirra ungmenna sautján ára og eldri sem sótt hafa um sumarstörf hjá Reykjavíkurborg mun fá vinnu. Alls fá 1.240 ungmenni störf hjá borginni í sumar, en samkvæmt upplýsingum frá Hinu húsinu sóttu ríflega 3.300 um störf.**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri segir að borgin hafi ekki tök á því að ráða fleiri. Þó sé verið að kanna hvort hægt verði að ráða ungt fólk til sérstakra átaksverkefna með samstarfi við Vinnumálastofnun.**

**Allir á aldrinum fjórtán til sextán ára sem sækja um fá vinnu hjá Vinnuskóla Reykjavíkur.**

**„Í ár erum við að ráða samtals tæplega 5.300 ungmenni, sem er mjög mikið fyrir Reykjavíkurborg. Við erum því að gera betur en undanfarin ár,“ segir Hanna Birna.**

- bj










## SPURNING DAGSINS



*Óskar Páll, var ekki fúlt að enda á bak við Rybak?*

„Nei, ber er hver að Rybaki nema bróður eigi í Noregi.“

Íslenska lagið Is It True? eftir Óskar Pál Sveinsson endaði í öðru sæti í Eurovision á eftir lagi Norðmannsins Alexander Rybak, Fairytale.

Tveggja ára tilraun með ókeypis strætóferðir fyrir námsmenn komin á endastöð:

# Námsmenn þurfa að borga

**SAMGÖNGUR** „Ég held að það sé alveg ljóst að það verður ekki frítt fyrir námsmenn í Strætó næsta vetur,“ segir Jórunn Frímannsdóttir, stjórnarformaður Strætó bs. Hún segir að mikill vilji sé til þess að niðurgreiða strætókort fyrir námsmenn í stað þess að hafa þau ókeypis.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort eða hvernig verður komið til móts við námsmenn nú þegar tveggja ára tilraun með ókeypis strætisvagnaferðir virðist komin á endastöð. Jórunn segir að reynt verði að ná lendingu sem fyrst, í öllu falli fyrir sumarfrí.

Reynslan sýnir að námsmenn sem ekki taka strætó eru ekki líklegri til að byrja þótt þeir fái ókeypis kort, segir Jórunn. Þeir sem noti strætó á annað borð fari þó fleiri ferðir. Farþegum hefur fjölgað á þessu ári, en Jórunn segir að það sé frekar tengt slæmu efnahagsástandi en því að námsmenn hafi verið duglegir að nota strætó.

Þrátt fyrir erfitt ástand í fjármálum sveitarfélaga segir Jórunn fullan vilja til þess hjá þeim sveitarfélögum sem standi að Strætó bs. að skerða þjónustustigið ekki frekar en þegar er orðið. Allir vilji standa vörð um þessa mikilvægu þjónustu, um það sé mikil eining á eigendahópnum. **- bj**




**FJÖLGAR** Farþegum Strætó hefur fjölgað á þessu ári, en það tengir Jórunn Frímannsdóttir, stjórnarformaður Strætó bs., frekar við efnahagsástandið en að námsmenn séu að nýta sér ókeypis ferðir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skilanefnd Kaupþings:

# Höfðar mál gegn Tchenguiz

**VIÐSKIPTI Skilanefnd Kaupþings hefur höfðað mál gegn breska fjárfestinum Robert Tchenguiz fyrir breskum dómstólum. Nefndin gerir kröfu um 180 milljónir punda frá fjárfestinum.**

**Breska blaðið Guardian greinir frá þessu í Sunnudagsblaði sínu, Observer. Þar kemur fram að upphæðin er söluhagnaður af sölu á hlut Tchenguiz í bresku verslunarkeðjunni Sommerfield. Skilanefndin telur að hún hafi átt að renna inn í bankann en ekki beint til fjárfestisins. Vegna annarra málaferla eru eignir Tchenguiz tengdar Sommerfield frosnar í Bretlandi. - kóp**

# Lést í bílslysi

Guðlaugur Magni Óðinsson lést í bílslysi skammt sunnan við Dalsá í Fáskrúðsfirði á laugardag. Guðlaugur var sautján ára gamall, til heimilis að Króksholti 6 á Fáskrúðsfirði.



Guðlaugur var í bíl sem ekið var út af þjóðvegi 92 fyrir botni Fáskrúðsfjarðar á laugardagsmorgun.



**DARFUR** Hátt í 300 þúsund manns hafa látið lífið í Darfur-héraði á undanförnum árum.

Súdani fyrir dómstóla í Haag:

# Ákærður fyrir stríðsglæpi

**AMSTERDAM, AP Súdanski uppreisnarleiðtoginn Bahr Idriss Abu Garda hefur gefið sig fram við Alþjóðastríðsglæpadómstólinn í Haag. Hann er ákærður fyrir að hafa framið stríðsglæpi í árás sem kostaði tólf friðargæsluliða lífið í Darfur-héraði árið 2007.**

**Abu Garda er sá fyrsti af þremur sem eru grunaðir um að bera ábyrgð á árásinni, sem er formlega ákærður. Dómsmálið er það eina sem hefur verið höfðað gegn uppreisnarmönnum í Darfur-héraði. Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum hafa hátt í 300 þúsund manns látið lífið í Darfur og um 2,7 milljónir misst heimili sín frá árinu 2003. - fb**

# Lífsýni úr 300 þúsund Íslendingum varðveitt

**Geymd eru sýni úr 300 þúsund Íslendingum á Landspítalanum, Akureyri og á einkastofu í Reykjavík í rannsókna- og þjónustuskyni. Læknar sem taka vörtur, fæðingarbletti eða leg senda sýni í safnið. Ekki eiga allir Íslendingar þar sýni.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Varðveitt eru lífsýni úr um 300.000 Íslendingum í lífsýnasafni sem að stærstum hluta er geymt á Landspítalanum en einnig á Akureyri og í lítilli rannsóknarstofu í einkaeigu á höfuðborgarsvæðinu.

Ekki eiga allir Íslendingar sýni í safninu, aðeins þeir sem eitthvað hefur verið fjarlægt af. Elsta sýnið er frá því um 1935.

„Þegar fólk kemur til læknis og eitthvað er fjarlægt, hvort sem það er varta af húðinni, heilt lunga eða leg, þá er gerð sjúkdómsgreining og svo er varðveitt pínulítið sýni um óákveðinn tíma til að hægt sé að skoða sýnið ef sjúkdómur kemur aftur upp hjá þessum sjúklingi,“ segir Jóhannes Björnsson, yfirlæknir á Landspítalanum og formaður stjórnar Lífsýnasafnsins.

Sýnin eru einn sinnum tveir sentimetrar að stærð og eru varðveitt í læstum hirslum. Þau eru eingöngu notuð í tvenns konar tilgangi; í nafnlausum vísindarannsóknum og til að þjónusta sjúklinga. „Varðveittur er lítill hluti af hverju sýni til að geta þjónustað viðkomandi einstakling. Ef hann fær til dæmis illkynja meinsemd í húð og fæðingarblettur hefur verið tekinn fyrir þrjátíu árum er sýnið skoðað aftur,“ útskýrir Jóhannes.

„Læknir, sem fjarlægir til dæmis blett af húðinni, sendir hingað sýni og við gerum á því greiningu og sendum honum svar. Síðan er hluti af sýninu varðveittur hér,“ segir hann.

Sýnin eru varðveitt þannig að þau eru „fixuð eins og það er kallað, í formalíni. Það drepur allan vef og því eru þau gerð óvirk. Síðan eru þau steypt inn í vax,“ segir Jóhannes og tekur fram að sýni séu aðeins tekin af veiku fólki.

Á Íslandi eru í gildi lög frá árinu 2000 þar sem kveðið er á um söfnun, meðferð og aðgang að lífsýnum í lífsýnasafni. Jóhannes segir að slík söfn séu í þúsundatali um allan heim en það sem geri safnið hér á landi sérstakt sé að Íslendingar séu svo fámennir að allt safnið sé nánast á sama stað.

Samkvæmt lögum er gert ráð fyrir ætluðu samþykki sjúklings fyrir því að lífsýni verði vistað í lífsýnasafni enda sé getið um það í almennum upplýsingum frá heilbrigðisstarfsmanni eða heilbrigðisstofnun. Sá sem lífsýnið er úr getur hvenær sem er afturkallað samþykki sitt og skal lífsýninu þá eytt. **ghs@frettabladid.is**



**ÞEGAR EITTHVAÐ ER FJARLÆGT** Til eru sýni úr 300 þúsund Íslendingum og nær safnið aftur til um 1935. Í safninu eru aðeins sýni af einstaklingum sem eitthvað hefur verið fjarlægt af, til dæmis varta eða fæðingarblettur, en læknar senda sýnin til rannsóknar á Landspítalann og um leið er hluti varðveittur í lífsýnasafninu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**MANMOHAN SINGH** Forsætisráðherra Indlands er að vonum hæstánægður með sigurinn í kosningunum. MYND/AP

Kosningum lokið í Indlandi:

# Yfirburðasigur hjá Congress

**INDLAND, AP** Congress-flokkurinn í Indlandi, með forsætisráðherrann Manmohan Singh í fararbroddi, bar sigur úr býtum í þingkosningum í landinu sem voru haldnar á laugardag. Sigurinn er einn sá öruggasti í Indlandi í tæpa tvo áratugi.

Sigur flokksins og um leið slæmt gengi indversku kommúnistaflokkanna þýðir að umbætur í trygginga- og lífeyrismálum ásamt banka- og verslunarmálum ná líkast til fram að ganga. Þrátt fyrir það telja sérfræðingar ólíklegt að frjálst markaðshagkerfi verði innleitt í landinu í bráð. Alþjóðafjármálakreppan hefur fyrst og fremst komið í veg fyrir það, enda halda Indverjar að sér höndunum þegar kemur að fjárfestingum erlendis. Ekki stendur heldur til að losa um reglugerðir tengdar fjárfestingum í nánustu framtíð. **- fb**

## SLYS

### Óku fram á bíl á hvolfi

Björgunarsveitarmenn, á leið heim frá æfingu á Akureyri, óku fram á bíl á hvolfi í Hrútafirði í gær. Ökumaður var einn í bílnum og hlúðu björgunarsveitarmennirnir að honum. Honum var svo ekið til móts við sjúkrabíl sem kom frá Hvammstanga.


FRAMTÍÐARAUÐUR SÉREIGN

Stattu vörð um viðbótarlífeyrissparnaðinn þinn

Opinn kynningarfundur

Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, 3. hæð
Mánudaginn 18. maí kl. 17:15

Allir velkomnir

AUÐUR CAPITAL

585-6500 | audur.is




Spáð áframhaldandi sólríku og þurru veðri víða um land í vikunni:

# Hitinn í 20 stig á Þingvöllum

**ÚTIVIST** Landsmenn nutu margir einmuna veðurblíðu í gær, og fór hitinn í nítján stig í höfuðborginni. Fjölmargir notuðu tækifærið og stunduðu útivist af ýmsu tagi, fóru í sund, hjólatúra og gönguferðir í góða veðrinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var veðrið gott víðast hvar í gær, og fór hitinn mest í tuttugu stig á Þingvöllum. Heldur var þó kalt í þokulofti víða á Austurlandi. Spáð er áframhaldandi veðurblíðu víða um land. Höfuðborgarbúar geta því hlakkað til sólríkrar og þurrar viku, en reikna má með rigningu um næstu helgi. **- bj**

**MEÐ SNÚNINGI OG DÝFU** Nauthólsvík var þéttsetin í góða veðrinu í gær. Þessir drengir æfðu stökk fyrir lengra komna á sandinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA



# Gætirðu hugsað þér netsamband?

3G internet er nettenging sem hentar fyrir alla almenna netnotkun. Þú stingur pungnum í fartölvuna og ert komin(n) í samband. Fartölvan er því loksins orðin alvöru far-tölva.



**1.990 kr./mán.**

**3G internet og pungur**

**Allt að 5 Mb/s hraði og 5 GB netnotkun innifalin á mánuði.**

**Litir: Hvítur og svartur**

Afborgun 1.990 kr. á mánuði í 12 mánuði
+ 250 kr. greiðslugjald, greitt með kreditkorti.

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

DAGUR & STEINI

## GENGIÐ 15.05.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,25 | 126,85 |
| Sterlingspund | 191,51 | 192,45 |
| Evra | 171,18 | 172,14 |
| Dönsk króna | 22,984 | 23,118 |
| Norsk króna | 19,39 | 19,504 |
| Sænsk króna | 16,048 | 16,142 |
| Japanskt jen | 1,3282 | 1,336 |
| SDR | 191,63 | 192,77 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
209,9316

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður Sjálfstæðisflokksins ósáttur við Evróputillögu ríkisstjórnar:

# Þingið fjalli um tillöguna

**UTANRÍKISMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir tillögu ríkisstjórnarinnar um aðildarviðræður við Evrópusambandið vera afar ósannfærandi og bera það með sér að lítil sannfæring liggi að baki henni. „Þetta er afar rýrt í roðinu og hvergi í tillögunni, eða greinargerðinni sem henni fylgir, er færður fyrir því rökstuðningur, eða látið að því liggja, að áhugi sé eða vilji fyrir því að ganga í málið hjá ríkisstjórninni. Það er eins og þetta snúist bara um að þjóðin fái færi á að kjósa um málið.“

Bjarni segist ekki hafa rætt við utanríkisráðherra um helgina, en hann hafi tjáð honum fyrir helgi að hann teldi að málið ætti að fá hefðbundna þinglega meðferð. Það færi þá fyrir utanríkismálanefnd og þar væri hægt að gera breytingartillögur ef verkast vildi.



**ÓSÁTTUR** Segir enga sannfæringu búa að baki tillögu ríkisstjórnarinnar um aðildarviðræður við Evrópusambandið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hann segir ótímabært að segja til um hvort og þá hvaða breytingartillögur Sjálfstæðisflokkurinn muni gera á tillögunni. Þá sé einnig ótímabært að segja hvort flokkurinn sé reiðubúinn til að taka þátt í viðræðum við sambandið, en ráðherrar hafa talað um að leita eftir samstarfi þar um. Málið sé á forræði ríkisstjórnarinnar.

„Það er einkennilegt að utanríkisráðherra tefli fram þingsályktunartillögu þar sem hann áskilur sér rétt til að berjast gegn samningnum sem hann síðan klárar. Slíka samninga á ekki að gera.“ **- kóp**

Lögregluaðgerð á Spáni:

# Glæpaforingi handtekinn

**ÍTALÍA, AP Raffaele Amato, einn helsti kókaínsmyglari Ítalíu, var handtekinn á Spáni í sameiginlegri aðgerð spænsku og ítölsku lögreglunnar.**

**Amato, sem er frá Napólí, er sakaður um nokkur morð sem ná allt aftur til ársins 1991. Tengjast þau deilunni á milli Di Lauro og Ruocco-glæpagengjanna sem kostuðu yfir tíu manns lífið. Amato var á þessum tíma háttsettur morðingi fyrir stjórann Paolo Di Lauro sem hafði það að markmiði að auka völd sín í Napólí. Síðan þá hefur Amato orðið þekktur innan glæpaheimsins sem kókaínsmyglari.** **- fb**



**HLASSINU STURTAÐ** Sumir trukkanna sem notaðir eru við framkvæmdina geta tekið allt að 55 tonn af grjóti. MYND/JT

Framkvæmdir í Bakkafjöru:

# Fyrsta hlassið í Landeyjahöfn

**SAMGÖNGUR** Fyrsta grjótfarminum var sturtað í Landeyjahöfn á laugardaginn. Til stendur að reisa höfn í Bakkafjöru fyrir ferjusiglingar til Vestmannaeyja.

Gerðir verða tveir um það bil 700 metra langir garðar sem liggja í boga og vernda höfnina og ferjubryggjuna fyrir ágangi sjávar. Alls verður notað um 1,3 milljónir tonna af grjóti í garðana, en heildarmagnið sem fer í framkvæmdina er um tvær milljónir tonna. Gert er ráð fyrir að uppbyggingu brimvarnargarðanna ljúki í október, en verklok við höfnina eru áætluð í júlí á næsta ári. Alls munu um áttatíu manns starfa við verkið í sumar. **- kóp**

Vanskil hjá ÍLS 800 milljónir:

# Hlutfall vanskila þrefaldast

**EFNAHAGSMÁL Hlutfall vanskila af heildarútlánum Íbúðalánasjóðs (ÍLS) fyrstu fjóra mánuði ársins 2009 er nærri þrefalt hærra en á sama tíma í fyrra, að því er fram kemur í tilkynningu frá sjóðnum.**

**Heildarvanskil við sjóðinn eru nú rúmar 800 milljónir króna. Hlutfall af þriggja mánaða vanskilum af útlánum er nú um 0,14 prósent, og hefur aukist um 40 prósent frá því í janúar, þegar það var 0,1 prósent. Í janúar 2008 var hlutfallið 0,05 prósent.** **- bj**

# Fagnað eins og þjóðhetju

**Jóhönnu Guðrúnu var fagnað eins og þjóðhetju á Austurvelli í gær eftir glæsta frammistöðu í Eurovision-keppninni í Moskvu. Fjöldi fólks hyllti söngkonuna er hún steig á svið og söng lagið Is It True?**

**FÓLK** Jóhanna Guðrún og fylgdarlið hennar stigu á svið í veðurblíðunni á Austurvelli í gær og sungu Is It True? sem hreppti annað sætið í úrslitakeppninni í Moskvu á laugardagskvöld. Páll Óskar Hjálmtýsson hitaði upp fyrir hana með Eurovision-syrpu og stjórnaði jafnframt athöfninni, sem var sýnd beint í Ríkissjónvarpinu. Gífurlegur mannfjöldi safnaðist saman í á Austurvelli til að fagna þessum frábæra árangri í Moskvu.

Jóhanna Guðrún var að vonum í skýjunum þegar Fréttablaðið hafði samband við hana skömmu fyrir athöfnina. „Við erum öll í hópnum að átta okkur á þessu. Þetta er rosa skrítið og maður er aðeins að venjast því að við höfum náð þessum árangri,“ sagði hún. Spurð hvernig tilfinning það sé að hafa jafnað árangur Selmu Björnsdóttur frá árinu 1999 er hún söng All out of Luck, sagði hún: „Við erum bara himinlifandi með það. Í rauninni er þetta meiri árangur því þegar hún keppti voru helmingi færri lönd í keppninni, án þess að gera lítið úr henni.“

Alls hlaut Jóhanna Guðrún 218 stig í úrslitunum en í undankeppninni sem var haldin síðastliðinn þriðjudag náði hún efsta sætinu með 174 stig, tveimur stigum meira en Tyrkland.

Erlend útgáfufyrirtæki hafa sýnt Jóhönnu áhuga, þar á meðal Sony í Svíþjóð og 19 Entertainment sem er eigu Simons Fuller, höfundar Idol-keppninnar. Eins og gefur að skilja vonar hún það besta en heldur sig þó á jörðinni. „Auðvitað er maður voða spenntur en oftast gerast svona hlutir hægt. Maður verður bara að bíða og sjá hvernig fer.“

María Björk Sverrisdóttir, umboðsmaður Jóhönnu, segir að þegar sé kominn á borðið samningur um að Is It True? verði á stórri sumarsafnplötu sem verður gefin út í Svíþjóð. Kemur það ekki á óvart enda hefur Jóhanna notið mikilla vinsælda þar í landi. Spurð hvort stór útgáfusamningur sé í burðarliðnum vildi hún lítið tjá sig. „Það er einn samningur sem er kominn lengra áleiðis en annað. Þetta kemur í ljós en áhuginn er mjög mikill fyrir henni.“ Bætir hún við að stefnt sé á að fylgja árangrinum í Eurovision vel eftir og hamra járnið á meðan það er heitt. „Það var lagt upp úr því. Þess vegna lagði ég gífurlega áherslu á undirbúningsvinnuna áður en ég fór út.“

**freyr@frettabladid.is**



**Á AUSTURVELLI** Jóhanna Guðrún uppi á sviði á Austurvelli að syngja Eurovision-lagið Is It True? sem náði öðru sætinu í Moskvu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Páll Óskar um Eurovision:

## Yndislegur dýrðardagur



„Þetta fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég þóttist vera bjartsýnn að spá því í fimmta til sjöunda sæti. Þegar annað sætið var staðreynd var maður öskrandi og æpandi fyrir framan sjónvarpið. Þetta var einn yndislegasti dýrðardagur á Íslandi í mínum minnum,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson, Eurovision-aðdáandi númer eitt. „Ég átti ekki von á þessum árangri frá lagi sem er jafnlágstemmt. Þetta er ekki beint rismikið lag en flutningurinn var óaðfinnanlegur. Það gekk allt upp. Söngurinn hjá Jóhönnu, bakraddirnar, útlitið á atriðinu og líka þessi kjóll sem er búið að tuða svo mikið yfir. Þetta sýnir líka og sannar að við Íslendingar höfum alveg jafnmikla möguleika á að vinna og allar hinar þjóðirnar. Goðsögnin um austur-evrópsku mafíuna fékk að fjúka út um gluggann.“



Lykill að lægra verði
Afsláttur, punktar og aukin þjónusta. Sæktu um Staðgreiðslulykilinn í dag á skeljungur.is.


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**GÓÐVIÐRI ÁFRAM**
Enda þótt víðast sé góðviðrasamt á landinu verður veðrið áberandi best suðvestanlands. Þar má búast við bjartviðri fram eftir vikunni auk þess að þar verður einna hlýjast. Á morgun má búast við þokusúld við austurströndina og á miðvikudag má búast við skúrum þar, einkum austan Vatnajökuls.




Á MORGUN
8-13 m/s NV- og austan Vatnajökuls, annars hægari.

MIÐVIKUDAGUR
3-10 m/s, stífastur austan til og með N-ströndinni.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Amsterdam | 17° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 17° |
| Eindhoven | 19° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 17° |
| New York | 17° |
| Orlando | 27° |
| Osló | 10° |
| París | 18° |
| Róm | 28° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Hjá TM tölum við um viðskipta**vini**
og vitum að góð vinasambönd
verða ekki til af sjálfu sér.

Þau þarf að rækta.



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tm.is / **www.tm.is**

- Hjá TM fá bestu viðskiptavinirnir hærri tjónleysisafslátt
- Hjá TM fá viðskiptavinir vátryggingaráðgjöf sniðna að sínum þörfum
- Hjá TM fá viðskiptavinir framúrskarandi tjónaþjónustu

**Gott samband verður betra með tímanum**

TM

**KJÖRKASSINN**



*Á forseti Íslands að hitta Dalai Lama þegar hann kemur hingað til lands?*

| | |
|---|---|
| Já | 75,1% |
| Nei | 24,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Horfðir þú á Eurovision?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Loksins sér fyrir endann á 25 ára löngu stríði Tamíltígra og stjórnarhersins á Srí Lanka:

# Uppreisnarher Tamíltígra leggur niður vopn

**SRÍ LANKA, AP** Uppreisnarher Tamíltígra hefur gefist upp í 25 ára löngu stríði sínu við stjórnvöld á Srí Lanka. Bauðst hann til að leggja niður vopn sín í gær eftir að stjórnarherinn réðst af krafti inn í sterkasta vígi þeirra í norðausturhluta landsins.

Þegar íbúar Srí Lanka fréttu af endalokum stríðsins þyrptust þeir út á götur og fögnuðu gríðarlega. „Þessi sigur tryggir okkur betri framtíð fyrir komandi kynslóðir,“ sagði Prasanna Jayawardena, sem skaut upp flugeldum úti á götu. Mahinda Rajapaksa, forseti Srí Lanka, ætlar að halda blaðamannafund á þriðjudagsmorgun sem verður sýndur beint úr þinghúsi landsins þar sem hann lýsir því yfir að stríðinu sé lokið.

Selvarasa Pathmanathan, yfirmaður hjá Tamíltígrunum sendi út yfirlýsingu í gær þar sem hann lýsti yfir ósigri sinna manna. „Fólkið okkar er að deyja af völdum sprengna, skotárása, veikinda og hungursneyðar. Við verðum að koma í veg fyrir meiri skaða. Eini kosturinn okkar er að taka í burtu einu ástæðuna fyrir óvin okkar til að drepa okkur. Við höfum ákveðið að þagga niður í byssum okkar,“ sagði hann.

Alls hafa rúmlega sjötíu þúsund manns látist í stríðinu á Srí Lanka en á undanförnum mánuðum hafa um 250 þúsund almennir borgarar yfirgefið helstu átakasvæðin í landinu. Átökin hafa verið sérlega mikil á þessu ári og að sögn Sameinuðu þjóðanna voru sjö þúsund almennir borgarar drepnir og 16.700 særðust frá 20. janúar síðastliðnum til 7. maí.

- fb



**FÖGNUÐUR** Fjöldi fólks fagnaði endalokum stríðsins sem hefur kostað yfir sjötíu þúsund manns lífið síðastliðin 25 ár. MYND/AP


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Sólarlottó

Spilaðu með og láttu sólina leika við þig.

Portúgal 6., 13. og 20. júní
Verð frá:
59.900 kr.
Verð á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn í 7 nætur.
Enginn barnaafsláttur. Aukavika kostar 10.900 kr. á mann.
(Aukavika aðeins bókanleg á skrifstofu)

Tyrkland Marmaris
5., 12. og 19. júní Verð frá:
72.900 kr.
Verð á mann miðað við 4 í íbúð í 7 nætur.
Enginn barnaafsláttur. Aukavika kostar 20.000 kr. á mann
(Aukavika aðeins bókanleg á skrifstofu).

Þú kemst í sólina með Plúsferðum.

Bókaðu strax á www.plusferdir.is

plús FERÐIR
www.plusferdir.is

VISA MasterCard

PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100


# Aldraðir og fatlaðir til sveitarfélaganna

**Málefni aldraðra og fatlaðra verða flutt til sveitarfélaganna ef marka má nýjan stjórnarsáttmála. Unnið hefur verið lengi að málinu og sveitarfélögin vilja taka málaflokkinn að sér. Tekjustofnanefnd mun fara yfir tekjuskiptingu.**

**STJÓRNSÝSLA** „Sveitarfélög verði efld með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga á sviði málefna fatlaðra, aldraðra og heilbrigðisþjónustu.“ Þannig segir í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar. Viðræður á milli ríkis og sveitarfélaga hafa lengi staðið yfir og sveitarfélög hafa sent frá sér samþykktir í þá veru að þetta verði að veruleika. Úr því að málið er komið í stjórnarsáttmálann er því ekkert til fyrirstöðu að það verði að veruleika.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir mikinn áhuga hjá sveitarfélögum fyrir þessu og landsþing hafi ályktað í þá veru. Það sé þó háð því að nægir fjármunir fylgi verkefninu.

Halldór segir málið hafa verið langt komið í ráðherratíð Páls Péturssonar en þá hafi strandað á því að ríkisvaldið hafi ekki viljað setja endurskoðunarákvæði inn í samninginn hvað fjárhagsliði varðar. Nú hafi menn komist að samkomulagi um að fjárhagsþáttur verkefnisins verði endurskoðaður.

Þrír ráðherrar undirrituðu í mars, ásamt fulltrúum sveitarfélaga, viljayfirlýsingu um flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaga árið 2011. Halldór segir að það eigi að ganga eftir, enda sé vinna við þann málaflokk lengra komin. Málefni aldraðra gætu verið komin til sveitarfélaganna árið 2013.

Í viljayfirlýsingunni kemur fram að heildarkostnaður ríkisins við málefni fatlaðra nemi um tíu milljörðum á ári. Halldór segir erfiðara að meta kostnaðinn við málefni aldraðra, þau séu að hluta til heilbrigðismál og mun flóknari en málefni fatlaðra.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að setja á fót tekjustofnanefnd sem fari yfir tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Halldór fagnar því, enda sé það í samræmi við kröfur sveitarfélaganna. Hann væntir þess að nefndin geti tekið til starfa á næstu vikum. „Starf slíkrar nefndar hangir saman við flutning verkefna,“ segir Halldór.

Þá segir einnig í stjórnarsáttmála að unnar verði tillögur að eflingu lýðræðis á sveitarstjórnarstigi í samvinnu við sveitarfélög og að höfðu samráði við íbúa um land allt. Þá verði sett ákvæði um gerð siðareglna á sveitarstjórnarstigi.

Einnig er gert ráð fyrir að hlutverk sveitarfélaga í velferðarþjónustu við börn og fjölskyldur verði aukið með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

kolbeinn@frettabladid.is



**VERKEFNI FLUTT** Stjórnarflokkarnir sömdu sín á milli um flutning verkefna aldraðra og fatlaðra til sveitarfélaga í stjórnarsáttmálanum. Það er í samræmi við vilja sveitarfélaganna. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**

Borgarstjóri segir umdeildar arðgreiðslur fara í samfélagsleg verkefni borgarinnar:

# Arðgreiðslum OR ekki haggað

**VIÐSKIPTI** Full samstaða er um það í borgarstjórn að breyta ekki umdeildum arðgreiðslum Orkuveitu Reykjavíkur til eigenda sinna, segir Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri.

Hún segist sammála þeirri niðurstöðu stjórnar Orkuveitunnar að greiða eigendum sínum 800 milljóna króna arð vegna ársins 2008. Það er helmingi lægri upphæð en undanfarin ár, og 1,7 prósent af eigin fé fyrirtækisins um áramót. Reykjavíkurborg á stærstan hlut í Orkuveitunni, en önnur sveitarfélög eiga minni hlut.

Fulltrúar starfsmanna hafa gagnrýnt að greiddur sé arður á sama tíma og laun starfsmanna hafi lækkað. Þess hefur verið krafist að launalækkunin verði dregin til baka.

Hanna Birna segir málin ótengd. Öll sveitarfélögin sem eigi Orkuveituna séu í þeirri stöðu að þurfa að draga úr launakostnaði, eins og mörg fyrirtæki í einkageiranum. Að sjálfsögðu geri sveitarfélögin sömu kröfur til fyrirtækis í þeirra eigu.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn, hvatti í gær til viðræðna við stéttarfélög starfsmanna Orkuveitunnar vegna málsins. Hann gagnrýndi í yfirlýsingu samskiptaleysi borgaryfirvalda vegna málsins. - bj



**GREIÐSLUR** Arðgreiðslur frá Orkuveitu Reykjavíkur nýtast til rekstrar leikskóla, grunnskóla og annarra samfélagslegra verkefna segir borgarstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*

# Tölvusumarskólinn
# Menntun sem gefur þér forskot



Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

**Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## Sumarskóli 9-16 ára



### Stafræn ljósmyndun fyrir 9-14 ára

Farið í myndaleiðangra og ljósmyndir teknar, myndirnar fluttar í tölvu og unnið úr þeim og þær síðan prentaðar eða settar á vefinn. ***Vikunámskeið.***

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 17.900

### Myndabandavinnsla fyrir 9-14 ára

Alls konar skemmtilegar vídeómyndir teknar á stafræna myndavél eða vídóevél og þær fluttar í tölvu til klippingar, úrvinnslu og birtingar á vefnum. ***Vikunámskeið.***

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 17.900

### Flash margmiðlun fyrir 12-16 ára

Kennt að búa til lifandi myndir, vefsíður með hreyfimyndum, teiknimyndir og leiki með Flash CS4. ***Vikunámskeið***

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 18.900

***Tilboð**: Bókaðu tvö eða fleiri námskeið, eða bjóddu vini eða systkini með og fáðu hvert sæti á aðeins 14.950,-*

*Fyrstu námskeiðin hefjast 8. júní.*
*Námskeið í júní og ágúst. **BÓKAÐU STRAX!***

## Tölvunám fyrir 50+

Skemmtilegt nám í notalegu umhverfi fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður.

**Kennslugreinar:**
- Grundvallaratriði tölvutækni, Internetið tölvupóstur og stýrikefið Windows.
- Word ritvinnsla og töflureiknirinn Excel.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 72 stundir/48 klst. **Verð**: 64.900

*Næstu námskeið hefjast 2. júní og 23. sept.*

## Photoshop ljósmyndavinnsla

Vertu fær við ljósmyndavinnslu og almenna myndvinnslu með vinsælasta forritinu.

**Lengd**: 27 stnd./18 klukkust. **Verð**: 32.900.

*Nám hefst 25. maí og 26. ágúst.*

## DreamWeaver vefsíðugerð

Búðu til kraftmiklar vefsíður sem eru í senn nútímalegar í útliti og auðvelt að breyta.

**Lengd**: 27 stnd./18 klukkust. **Verð**: 32.900.

*Nám hefst 15. júní og 17. ágúst.*

## Flash hreyfimyndir fyrir vef

Lærðu að búa til hreyfimyndir og lifandi auglýsingar fyrir vefinn.

**Lengd**: 18 stnd./12 klukkust. **Verð**: 27.900.

*Nám hefst 3. júní og 7. september.*

## Vefsíðugerð grunnur

Lærðu það sem þarf til að búa til kraftmiklar vefsíður með DreamWeaver og Photoshop. Góður grunnur sem skilar árangri.

**Lengd**: 54 stnd./36 klukkust. **Verð**: 54.900.

*Nám hefst 25. maí og 17. ágúst.*

## DreamWeaver, Photoshop & Flash

Taktu allt það besta í einum öflugum pakka og sparaðu um leið og þú verður færari til að takast á við krefjandi verkefni.

**Lengd**: 72 stnd./48 klukkust. **Verð**: 76.900.

*Nám hefst 25. maí og 17. ágúst.*

## Veldu hnitmiðað nám

**Almennt tölvunám**
Almennt tölvunám • *90 stundir/74.900*

**Byrjendanám**
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/11.900*
Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/11.900*

**Stafræn ljósmyndun**
Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 st./12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/16.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/18.900*

**Access**
Access I: Almennt nám • *22 stundir/29.900*
Access II: Sérhæft nám • *18 stundir/34.900*

**Word**
Uppsetning ritgerða og skýrslna • *13 st./16.900*
Word I: Almenn ritvinnsla • *22 st./26.900*
Word II: Kraftmikil ritvinnsla • *18 st./26.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 st./19.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 st./8.900*

**Excel**
Excel I: Almennt nám • *22 st./26.900*
Excel IIa: Sérhæft nám • *18 st./32.900*
Excel IIb: Fjárm.,bókh. & endsk. • *18 st./39.900*
Excel: Pivottöflur • *5 st./12.900*

**PowerPoint**
PowerPoint I: Almennt nám • *13 st./16.900*

**Outlook**
Outlook I: Póstur, dagbók ofl. • *13 st./16.900*
Outlook II: Fyrir lengra komna • *9 st/14.900*

**Publisher**
Publisher: Bæklingar,kort ofl. • *13 st./18.900*

## Einkakennsla

Stundum þarftu ekki kennslu nema í stutta stund til þess að læra það sem þú vilt og þá er gott að geta leitað til þeirra sem þekkja hlutina best.

Við höfum starfað við kennslu og ráðgjöf í meira en 23 ár þannig að þér er óhætt að koma til okkar og fá einkatíma. Það er ódýrara en þú heldur !

*Við bjóðum einnig sérnámskeið fyrir hópa og fyrirtæki á mjög hagstæðu verði. Fáðu tilboð og sparaðu.*

## Verkefnalausnir

Komdu með verkefnin sem þú þarft að leysa til okkar og við aðstoðum þig við lausn þeirra. Við ráðum við mjög flókin verkefni í Excel, Access, Word, PowerPoint, Outlook, OneNote, Publisher, DreamWeaver, FrontPage, Flash Photoshop, FileMaker og öðrum forritum

Komdu þangað sem sérfræðingarnir aðstoða þig við að finna lausn, með bros á vör.

## Kerfisstjóranám MCITP



Við bjóðum þér fjölbreytt MCIPT og MCTS nám ef þú vilt taka að þér umsjón tölva og neta og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Hægt er að ljúka náminu, sem er skipt í þrjá áfanga, með alþjóðlegum prófgráðum frá Microsoft sem auðvelda þér aðgang að störfum hér á landi og erlendis.

Hægt er að taka einn eða fleiri áfanga í einu. Hver einstakur áfangi er 60 stundir að lengd.

**Lengd**: 60/120/180st. **Verð**: frá 99.þ00

Sérfræðingur með 20 ára reynslu og Microsoft Certified Professional gráður kennir.

*Næstu námskeið hefjast 2. júní og 24. sept.*

## Hagnýtt bókhaldsnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Kenndir eru allir algengustu þættir fjárhagsbókhalds, töluvbókhalds, uppgjörs. afstemningar, virðisaukaskatts, ofl..

**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 99.900

*Næstu námskeið 11. ágúst og 11. september*

## Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

### Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Ef þú hefur komið áður færðu **10% afslátt**

## Tölvunám TV til betri verka

**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

## Alþjóðleg þekkingarpróf

*Í samvinnu við **Pearson Vue, ECDL** og **Prometric** bjóðum við mikið úrval alþjóðlegra þekkingarprófa á mörgum sviðum.*

*Taktu próf og fáðu alþjóðlega viðurkenningu!*

**Námskeið | Ráðgjöf | Verkefnastjórnun | Verkefnalausnir | Þekkingarpróf | Handbækur**

**TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN**
Grensásvegur 16 • 108 Reykjavík

**520 9000 | tv@tv.is | www.tv.is**

*Viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi*




Lagadeild

www.lagadeild.hi.is

Kennarar við lagadeild Háskóla Íslands skrifa nánast allar kennslubækur í lögfræði sem notaðar eru í landinu. Við byggjum framsækið og krefjandi nám á 100 ára hefð við langöflugasta háskóla landsins.

**Engin skólagjöld**

**Skrásetningargjald aðeins kr 45.000**

**Umsóknarfrestur til 5. júní**

HÁSKÓLI ÍSLANDS



Eftirlitsstofnun EFTA biður um skýringar á fjárfestingarsamningi um Helguvík:

# Gæti tafist allt fram í ágúst

**IÐNAÐUR** Endanleg niðurstaða ESA, Eftirlitstofnunar EFTA, um fjárfestingarsamning um álver í Helguvík, gæti verið tilbúin í byrjun ágúst.

Þetta er þó háð því að ESA berist fullnægjandi svör við spurningum sem hún sendi íslenskum stjórnvöldum 4. maí, og að íslensk stjórnvöld svari fyrir lokafrest sem þau hafa til 2. júní. Verði svörin tæmandi, hafa starfsmenn ESA tvo mánuði til að ljúka yfirferð sinni. Per Andreas Bjørgan, framkvæmdastjóri á sviði samkeppnismála og ríkisaðstoðar hjá ESA, vill ekki gefa upp um hvað ESA hafi spurt íslensk stjórnvöld. „Við vorum með þónokkrar spurningar. Þetta er stór samningur og við þurfum að hafa allar upplýsingar.“ Um leið og svörin berist verði málið sett í forgang. „Við skiljum að það er mikilvægt að fá þetta á hreint,“ segir hann.

Fjárfestingarsamningur ríkisins og Century Aluminum var samþykktur á Alþingi í apríl. Þá var hann gagnrýndur nokkuð, og var meðal annars efast um að hann stæðist samkeppnissjónarmið EES-samningsins, sökum ívilnana ríkisins. **- kóþ**


**HELGUVÍK** Framkvæmdir við nýtt álver í Helguvík úti á Reykjanesi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**LANGHOLTSSKÓLI** Foreldrar í Langholtsskóla hafa áhyggjur af því að ekki sé tekið nógu vel á eineltismálum sem komi upp innan veggja skólans og tala um óvirkni í skólanum sem hafi viðgengist lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Langholtsskóli taki ekki nóg á einelti

**Foreldrar í Langholtsskóla eru óánægðir og segja að slælega sé tekið á eineltismálum í skólanum. „Óvirknin“ í skólanum hafi viðgengist lengi. Skólastjórinn hafnar þessu og segir farið eftir Olveusar-áætluninni í hvívetna.**

**MENNTUN** Megn óánægja er meðal hóps foreldra í Langholtsskóla með viðbrögð skólans þegar eineltismál koma upp. Unnur Ragnheiður Hauksdóttir og Tina Maria Johnson eiga báðar börn í skólanum sem hafa orðið fyrir einelti. Þeim þykir skólinn ekki taka nógu hratt og vel á eineltismálum.

„Dóttir mín talaði um að það væri stúlka í bekknum sem væri mikið að stríða henni í haust og eftir áramót fór þetta að ágerast. Dóttir mín er frekar lágvaxin og stúlkan var til dæmis galandi og gólandi yfir alla í bekknum að hún væri dvergur. Kennarinn lofaði að tala við yfirvöld skólans og því hélt ég að þetta væri í einhverjum farvegi,“ segir Unnur.

„Síðan fór þetta að ágerast og ég gerði mér ekki grein fyrir að þetta væri farið að dreifast um hverfið. Dóttur minni var farið að líða svo illa að ég tók hana úr skólanum um tíma. Við foreldarnir förum með hana út úr bænum og förum svo niður í skóla að ræða við skólastjórann. Mér fannst óskaplega lítið gert úr þessu hjá honum,“ segir Unnur.

„Hann fór að tína eitt og eitt barn út úr bekknum til að tala við án vitundar foreldra en foreldrarnir vita ekki af þessu nema þeir sem ég hef talað við. Skólastjórinn hélt að með því að gerandinn kæmi til okkar og bæðist afsökunar þá væri málið búið. Að því er virðist átti ekki meira að gerast. Nú er þetta afgreitt mál en ég er ekki sátt við það. Ég vil til dæmis að stelpan fái sálfræðiaðstoð,“ segir hún og telur óvirknina í skólanum hafa viðgengist lengi.

Tina Maria á tvo drengi, sem báðir eru eða hafa verið í Langholtsskóla og hafa orðið fyrir einelti. Hún er mjög reið yfir því hversu lítið er tekið á eineltismálum í skólanum.

Hreiðar Sigtryggsson skólastjóri hafnar því að slælega sé tekið á eineltismálum í skólanum. Hann bendir á að skólinn hafi tekið upp Olveusar-verkefnið fyrir nokkrum árum og segir að farið sé eftir þeirri aðgerðaáætlun í hvívetna. Hann vill ekki ræða einstök mál sem hafa komið upp innan skólans.

Fjóla Íris Stefánsdóttir, formaður Foreldrafélags Langholtsskóla, segist ekki hafa heyrt af alvarlegum eineltismálum í Langholtsskóla upp á síðkastið. Hún segir að ástandið hafi batnað mikið eftir að skólinn hafi tekið upp Olveusar-verkefnið fyrir nokkrum árum.

**ghs@frettabladid.is**

Menningar- og listamiðstöð opnuð í Englendingavík í Borgarnesi:

# Brúður taka kaupfélagið yfir

**MENNING** Hjónin Bernd Ogrodnik og Hildur M. Jónsdóttir sem reka fyrirtækið Fígúra hafa fest kaup á tveimur pakkhúsum og gömlum verslunarhúsum Kaupfélags Borgfirðinga í Englendingavík í Borgarnesi og hyggjast opna þar menningar- og listamiðstöð. Gengið var frá kaupunum fyrir helgi.

Þar verður brúðuleikhús, leikbrúðusafn, vinnustofur fyrir brúðu- og leikmunagerð og síðan veitingastofa og gjafavöruverslun. Annað pakkhúsið var reist árið 1885 og hitt ári síðar. „Við fögnum þessum örlögum húsanna,“ segir Finnbogi Rögnvaldsson, formaður byggðarráðs og meðlimur í hollvinasamtökum sem stofnuð voru árið 2003 um endurreisn og verndun húsanna. Aðspurður hvort þetta sé jafnvel betri starfsemi en Kaupfélag Borgfirðinga var þarna með segir hann, „ja, þetta er býsna ólíkt.“

Hjónin hafa unnið í áratugi að leikbrúðulist og gerði Bernd til dæmis árið 2003 kvikmyndina Strings þar sem leikbrúður koma í leikara stað. Hann færði einnig líf í brúðuna Pappírspésa sem Herdís Egilsdóttir skrifaði um á sínum tíma. „Við ætlum að gefa okkur ár í þetta,“ segir Hildur. „Þannig að í maí 2010 verða Brúðuheimar opnaðir í Borgarnesi.“ **- jse**


**HÚSIN Í ENGLENDINGAVÍK** Þarna voru höfuðstöðvar Kaupfélags Borgfirðinga á sínum tíma en sum húsanna voru reist á árunum 1885 til 1886. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



VORTILTEKT!
NÚ HREINSUM VIÐ ÚT
30-50% AFSLÁTTUR
Við eigum von á nýrri vörulínu frá King Koil Comfort solution
og ætlum því, ánæstu dögum, að selja eldri gerðir
með allt að 50% afslætti.
COMFORT solutions
By King Koil
30%
AFSLÁTTUR!
Af sængurfatnaði og heilsukoddum
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# Áhrif mataræðis á andlega heilsu



Dr. Natasha Campbell-McBride heldur 2 fyrirlestra í Bíósalnum á Hótel Loftleiðum, þriðjudaginn 19. maí kl. 18.00 og kl. 20.00.

*Aðgangseyrir kr.1000,- Skráning á netfanginu: johannamjöll@simnet.is. Fyrirlesturinn fer fram á ensku*

Dr. Natasha Campbell skrifaði bókina "Meltingarvegurinn og geðheilsa" eftir að hafa náð undraverðum árangri með breyttu mataræði og notkun bætiefna fyrir son hennar sem var greindur með alvarlega einhverfu. Reynsla hennar hefur sýnt að mataræði er mjög mikilvægur þáttur í að hjálpa börnum og fullorðnum með andlega kvilla og hefur hún unnið mikið frumkvöðlastarf varðandi notkun próbíótískra bætiefna við meðferð á andlegum vandamálum. Fyrirlesturinn er almennur og ætti að gagnast öllum sem áhuga hafa á að borða sér til bata.



*Dr. Campbell-McBride er læknismenntuð með sérmenntun í næringarfræði og taugasjúkdómafræði og sérhæfð í næringarfræði fyrir fullorðna með meltingar- og ónæmissjúkdóma.*

30 ára heilsuhúsið



Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





VERJUM OG SÆKJUM ÞANN RÉTT SEM VIÐ EIGUM

KOMDU

Í MORGUNKAFFI

Á STÓRHÖFÐANN

þriðjudaginn 19. maí

milli 9 og 11

*Ef þú ert atvinnuleitandi líttu þá við*

*og spjallaðu við félagana.*

*Kannaðu hvaða möguleikar eru í boði.*

*Starfsmenn STAFA lífeyrissjóðs fjalla um*

*greiðslubyrði og skuldbreytingar.*

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

VIÐ VINNUM FYRIR OKKAR FÉLAGA!


Kreppan virðist ekki draga úr ásókn í nám sem kostar á annað hundrað þúsund:

# Enginn blús í tónskólunum

**MENNTUN** Foreldrar virðast ekki ætla að draga úr tónlistarmenntun barna sinna í kreppunni. Sigurður Sævarsson, formaður Félags tónlistarskólastjóra, segist ekki hafa orðið var við neina breytingu á fjölda fyrirspurna eða umsókna fyrir næsta ár, en svo komið er.

„En ég reikna nú samt með því að eldra fólk, sem hefur þetta að tómstundagamni og hefur orðið fyrir tekjuskerðingu, hugsi sig tvisvar um," segir hann. Sérstaklega hafi komið á óvart mikil ásókn í söngnám, sem kostar á bilinu 150 til 200 þúsund á ári. Fyrir algengasta grunnnámið, svo sem píanónám, þurfa foreldrar að borga milli 90 og 110 þúsund á ári, fyrir skólavist frá september og fram í maí. Borgin bætir ofan á það um 320.000 krónum að meðaltali fyrir hvern nemanda, en ríkið kemur ekki að tónlistarnámi barna. Til stóð að skera þetta framlag niður um tólf prósent, en borgin er nú að leita viðbótarfjárveitingar, enda höfðu skólarnir ekki gert ráð fyrir niðurskurðinum á þessu ári.

Sigurður segir skólana flesta rekna á núlli, í besta falli. „Þetta er ekki rekið með hagnað í huga, en ekki heldur til að safna skuldum. Ef fellur til peningur þá endurnýjum við hljóðfærakostinn," segir hann. **- kóþ**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SIGURÐUR SÆVARSSON** Formaður Félags tónlistarskólastjóra segir hagnaðarsjónarmið ekki ráða rekstri skólanna.

Íslendingar veita aðstoð:

## Fimm milljónir til Srí Lanka

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðuneytið mun veita fimm milljónir króna í neyðaraðstoð til flóttafólks á Srí Lanka. Aðstoðin verður veitt með milligöngu Rauða kross Íslands.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Þá skorar Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra á stríðandi fylkingar í landinu, stjórnarherinn og Tamíltígra, að vernda óbreytta borgara. Tugir þúsunda óbreyttra borgara hafa flúið átakasvæðin síðustu daga og Rauði krossinn telur að um 50 þúsund séu enn á yfirráðasvæði Tamíltígra. Ráðherra minnir á að báðum aðilum sé skylt að fara að alþjóðlegum mannúðarlögum. **- kóp**



**NJÖRÐUR Á VEIÐUM** Hrefnuveiðimenn ætla að skipta bátnum Nirði út fyrir stærra skip og veiða megnið af eitt hundrað dýra kvóta á hann. MYND/GUNNAR BERGMANN

# Tuttugu sóttu um leyfi til hrefnuveiða

**Óvissa um framtíð hrefnuveiða varð til þess að hrefnuveiðimenn hættu við fjárfestingar á Akranesi. Þrjár útgerðir hafa fengið veiðileyfi en alls hafa tuttugu aðilar sótt um. Vinnsla afurðanna færist til kjötvinnslu í Reykjavík.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Hætt hefur verið við áform um að setja upp vinnslu hvalaafurða á Akranesi. Félag hrefnuveiðimanna gat ekki fylgt eftir hugmyndum sínum um fjárfestingar vegna óvissu um framtíð veiðanna.

„Það liggur fyrir að ekkert verður af vinnslunni í ár," segir Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri Félags hrefnuveiðimanna. „Fyrrverandi sjávarútvegsráðherra tryggði okkur veiðileyfi til fimm ára sem gerði okkur kleift að huga að fjárfestingum til að setja upp okkar bækistöðvar á Akranesi. Yfirlýsingar Steingríms J. Sigfússonar um endurskoðun hvalveiða að lokinni komandi vertíð urðu hins vegar til þess að fjárfestar sem við höfðum náð samkomulagi við kipptu að sér höndunum." Gunnar segir að hrefnuveiðimenn hafi eftir sem áður leyfi til hrefnuveiða í fimm ár og fari svo að því verði breytt verði því ekki tekið þegjandi og hljóðalaust. Hrefnuveiðimenn hafa komist að samkomulagi við kjötvinnsluna Esju í Reykjavík um að verka þær eitt hundrað hrefnur sem leyfilegt er að veiða í sumar.

Samkvæmt upplýsingum frá sjávarútvegsráðuneytinu hafa tuttugu aðilar sótt um leyfi til hrefnuveiða en fyrir höfðu verið veitt leyfi til þriggja útgerða. Það eru útgerðir Halldórs Sigurðssonar og Drafnar í Reykjavík og Njarðar í Kópavogi. Þessar útgerðir hafa stundað hrefnuveiðarnar á undanförnum árum og uppfylla öll skilyrði sem sett eru fyrir þeim. Innan Félags hrefnuveiðimanna eru fjórar aðrar útgerðir, eða alls sjö. Gunnar segir að félagið muni ekki sækja um fleiri leyfi; það hafi verið ákveðið að stunda veiðarnar sameiginlega á þremur bátum. Um það hefur verið stofnað félagið Hrefnuveiðimenn ehf.

Gunnar á ekki von á að gefin verði út fleiri leyfi. Sjávarútvegsráðuneytið getur ekki svarað því hversu margir umsækjendur standast kröfur, eða hafa tiltæka báta til veiðanna.

Leyfisveitingarnar hafa verið gagnrýndar af Félagi hrefnuveiðimanna. Gunnar minnir á að þeim fáu sem stundað hafa veiðarnar í gegnum árin hafi verið lofað að þeir fengju til baka þann rétt sinn til að veiða hrefnu þegar takmörkunum yrði aflétt. Réttur þeirra hafi verið viðurkenndur af öllum sjávarútvegsráðherrum sem setið hafa síðan veiðibann var sett á á níunda áratugnum. Því skjóti það skökku við núna að stjórnvöld auglýsi leyfi til veiðanna fyrir hvern sem er. **svavar@frettabladid.is**

### VEIÐIBANN Á TVEIMUR SVÆÐUM

Sjávarútvegsráðherra hefur gefið út reglugerð um tvö afmörkuð svæði til hvalaskoðunar þar sem bannað verður með öllu að veiða hvali á væntanlegri hvalavertíð. Svæði þessi eru afmörkuð í Faxaflóa annars vegar og hins vegar milli Tröllaskaga og Mánáreyja norður af Tjörnesi. Félag hrefnuveiðimanna telur að lokun svæðanna muni ekki hafa áhrif á framgang veiðanna að neinu ráði.




# Við höldum Seltjarnarnesbæ upplýstum

**Eitt af þeim sveitarfélögum sem treysta Skyggni fyrir rekstri tölvukerfa sinna**

Seltjarnarnesbær er öflugt og nútímalegt sveitarfélag. Stjórnendur þess leggja mikið upp úr því að vera í góðum tengslum við íbúana. Tölvu- og upplýsingakerfi bæjarins gegna þar lykilhlutverki og því er mikilvægt að þau séu örugg, hagkvæm og þægileg í notkun.

Skyggnir sérhæfir sig í hönnun og rekstri tölvu- og samskiptalausna sem lækka kostnað og bæta eiginleika upplýsingakerfa. Við höfum á annað hundrað sérfræðinga á okkar snærum og þjónustumiðstöð sem opin er allan sólarhringinn.

· Persónuleg þjónusta
· Víðtæk þekking og reynsla
· Skilningur á væntingum og þörfum
· Hagkvæmari rekstur
· Aukið öryggi upplýsingakerfa
· Áreiðanleg ráðgjöf
· Skilvirk þjónustustýring

Skyggnir

Skyggnir sérhæfir sig í hönnun, uppsetningu og rekstri tölvu- og samskiptalausna. Fyrirtækið er hluti af Nýherjasamstæðunni.

Urðarhvarf 6 | 203 Kópavogur | Sími 516 1000 | skyggnir.is

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Meint hætta á klofningi vegna ESB-umræðu:

## Ólíku saman að jafna

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, varaði við því í þingsetningarræðu sinni á föstudag að umræðan um aðild Íslands að Evrópusambandinu gæti orðið efniviður í svo alvarlegan ágreining að hún gæti skipt þjóðinni í tvær andstæðar fylkingar. Vísaði hann þar til þess hvernig á liðnum áratugum „ágreiningur um tengslin við önnur ríki klauf þjóðina í herðar niður, sundraði samstöðu á örlagastundum“. Því þurfi „öll meðferð málsins að vera með þeim hætti að sem flestir verði sáttir“.

Undir þessi orð forsetans má taka. En gagnrýna má þá samlíkingu sem hann dregur milli umræðunnar um aðild að Evrópusambandinu og umræðunnar um veru erlends herliðs hér á landi, sem hann var augljóslega að vísa til.

Nær væri að líta á umræðuna sem átti sér stað í kringum tvö stærstu skrefin sem Ísland hefur stigið til þessa til þátttöku í evrópskum samstarfsstofnunum. Bæði í aðdraganda þess að Ísland gekk í EFTA árið 1970 (áratug síðar en næstu nágrannaríkin) og í Evrópska efnahagssvæðið árið 1994 veittu viss öfl í íslenzku stjórnmálalífi hatramma andstöðu gegn því að þessi skref væru stigin. Sú andstaða nánast gufaði upp í kjölfar þess að skrefin voru stigin. Af þessari reynslu að dæma liggur nærri að ætla að svipað muni eiga sér stað varðandi næsta skref, sem nú er til umræðu: innganga í Evrópusambandið.

Með öðrum orðum: fyrri átök um Evrópumál skildu ekki eftir sig ámóta gjá og átökin um hersetuna og NATO-aðild ollu. Að þessu leytinu má gagnrýna varnaðarorð forsetans í þingsetningarræðunni. En sú hætta á klofningi sem hann varar við er þó tvímælalaust fyrir hendi, ekki sízt vegna þess einmitt að það stendur til að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um hinn væntanlega aðildarsamning við ESB.

Þar með er nefnilega líka fyrirsjáanlegt að hér myndist þverpólitískar „já“- og „nei“-hreyfingar svipað og þekkist frá Noregi, þar sem fullgerður aðildarsamningur hefur tvisvar verið naumlega felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu. Norsku nei-in tvö eru reyndar einu dæmin úr sögu Evrópusambandsins þar sem aðildarsamningar hafa verið felldir. Reynsla Norðmanna og annarra þjóða af slíkum atkvæðagreiðslum er sú, að í áróðursstríðinu vill gjarnan fara svo að tilfinningarök og upphrópanir vega þyngra þegar á reynir en yfirveguð skynsemisrök. Það liggur einfaldlega í hlutarins eðli að slíkt fylgir atkvæðagreiðslu, þar sem tekizt er á um stórt mál sem varðar hagsmuni margra sérhagsmunahópa og höfðar til tilfinninga kjósenda. Í áróðursstríðinu eru rökin gjarnan einfölduð og valkostirnir – sem eru jú aðeins tveir – máladir í svart-hvítu.

„Við þurfum öll að hafa í huga, hvaða stöðu sem við gegnum eða hver sem afstaðan er til aðildar, að í þessum efnum er það þjóðin sem ræður. Okkar skylda er fyrst og fremst að búa málið vel í hennar dóm, að forðast eftir fremsta megni að úrslitin skilji eftir djúpstæða gjá.“ Vonandi taka sem flestir þessi orð forsetans til sín og láta heildarhag íslenzku þjóðarinnar verða sér leiðarljós í þeim slag sem framundan er.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvað ef?

Þá er Evróvisjón-æðinu lokið þetta árið og uppskeran var betri en oft áður. Annað sætið varð niðurstaðan og er það glæsilegur árangur. Af því tilefni var blásið til sigurhátíðar á Austurvelli, hvar Páll Óskar lék lög af geisladiskum. Að lokum kom svo stjarnan sjálf, Jóhanna Guðrún, og söng lagið við mikinn fögnuð.

Menn spyrja sig nú hvað hefði orðið hefði Ísland sigrað í keppninni, hvernig sigurhátíðin hefði þá verið. Víst er þó að fáar þjóðir halda jafn glæsilegar annars sætishátíðir og við.



### Heiðursgusan

Meðal þess sem gert var söngkonunni ungu til heiðurs var að sprauta vatni á flugvélina sem hún ferðaðist með, en slíku fylgir víst töluverður heiður. Sjá mátti vígalega slökkvibíla, beggja megin vélar, dæla vatni af miklum móð yfir flugvélina, í sannkölluðum heiðursboga.

Þetta býður upp á alls kyns skemmtilegar útgáfur þar sem maður getur í tíma og ótíma sprautað vatni á hina og þessa í kringum mann, allt í nafni heiðursins.



### Eins og við þoldum

Meðal þeirra sem reikna má að hafi andað léttar þegar í ljós kom að Norðmaðurinn með barnsandlitið hafði yfirhöndina eru menntamálaráðherra og sjónvarpsstjóri. Páll Magnússon orðaði þetta sjálfur mjög skemmtilega í gær: „Sigurganga hennar var eins mikil og Ríkisútvarpið þoldi.“

Þó væri það líklega atvinnuskapandi hefðum við sigrað og þurft að halda keppnina að ári. Í það minnsta hefðu allir reykvéla-, vindvéla- og sviðssprengingameistarar þessa lands haft næga vinnu, að ekki sé talað um sérfræðinga í heljarstökkum.

*kolbeinn@frettabladid.is*

# Lófafylli af fyrirheitum



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

**Í DAG** | Is it true?

Við horfðum á Evróvisjón og á eftir fóru krakkarnir út á töfrastaðinn sem er skammt frá og komu til baka með fjögurra laufa smára, fimm laufa smára – og ein hafði meira að segja fundið sex laufa smára.

Þau komu til baka með lófafylli af fyrirheitum. Svo að allar óskir megi rætast. Því að stundum koma líka dagar sem rætast: sumarblíða sem engan endi ætlar að taka í mildi sinni og örlæti á sólargeisla, himinninn heiður, hafið skínandi, fjöllin tindra í fjarska og grasið ilmar… Og heimurinn er stór og góður við okkur og okkur virðast allir vegir færir, bara ef við stígum rétt til jarðar núna…

Hún var í bláum kjól sem ég er því miður ólæs á því ég kann ekki táknfræði kjóla jafn vel og ég ætti að gera en ég leyfi mér samt að giska á að hann kunni að hafa snúist um töfrastund fátæku stúlkunnar. Hann var blár eins og fjarskinn, með fjöðrum sem minna á flug til ævintýrahallanna þar sem höfrungarnir kátu leika sér allan daginn og þangað sem seglskipin sigla þöndum seglum. Hún var auðvitað glæsileg og að sjálfsögðu geislandi og skilaboðin sem lagið sendi svo ísmeygilega voru aldrei áréttuð í sjálfum flutningnum þar sem ævintýrið, bláminn og leikurinn ríktu. Þess þurfti ekki. Þau blöstu við.

### Hvað hef ég gert?

Fulltrúi þjóðar á svona leikum er einmitt fulltrúi þjóðar; einhvers konar aðalsamningamaður í flóknum ósögðum samningaviðræðum um stað í samfélagi þjóðanna: sjáið mig/virðið mig/óttist mig/girnist mig/aumkið mig. Stundum er sendur einhver sem á að ryðja sér braut áfram; stundum einhver sem á að impónera með vandlega sviðsettum ögrunaraðgerðum; stundum eitthvað annað.

Popplög eru alltaf um eitthvað annað. Sérstaklega lög um ástina – þau eru sjaldnast um ástina. Is it true? Fjallar þannig formlega um ástarsamband sem farið hefur út um þúfur og annar aðili þess reynir eftir á að átta sig á því sem gerst hefur og hvar sökin liggur. En lagið er auðvitað ekki um það.

Það sýnir ráðvilltan ungling sem kemur fyrir okkur „daginn eftir“ og hefur gert eitthvað óheyrilega hræðilegt af sér. Og spyr: Getur það verið? Hvað hef ég gert? Hvað kom fyrir mig? Er þetta satt? Varð mér á? Klúðraði ég öllu? Er allt mér að kenna? Eða plataðir þú mig? Og geturðu nokkurn tímann fyrirgefið mér allt þetta sem gerðist?

Er þetta satt? Er þetta virkilega svona slæmt? Og svarið er: Já því miður, svona slæmt. Þjóðin ber hópsök, og hópsök er eðli sínu samkvæmt ævinlega ómakleg gagnvart hverjum og einum. Þjóðin lifði um efni fram eins og það er kallað. Það táknar ekki að hvert og eitt okkar hafi lifað um efni fram, heldur hitt að vissir einstaklingar gerðu það í nafni þjóðarinnar, sköpu gjaldeyrishalla með brjálæðislegum peningaumsvifum svo að Íslendingum er nú ekki treyst af alþjóðasamfélaginu til að að fara með fé sjálfir: himinhátt vaxtastigið sem erlendir tilsjónarmenn og landstjórar AGS standa fyrir er til vitnis um að þeir líta svo á að ekki megi lána Íslendingum fé, hvorki einstaklingum né fyrirtækjum – það muni óðara fara í einhverja vitleysu.

### Iðrun og auðmýkt

Er þetta satt? Já, því miður: svona slæmt. Þið fluguð hærra en þið komust, seildust eftir meiru en þið réðuð við, fenguð meira fé að láni en þið reyndust borgunarmenn fyrir og þið eruð ekki fær um að fara með fé. Þið hafið fyrirgert rétti ykkar til sjálfstæðis því að þið reyndust ekki kunna fótum ykkar forráð þegar á reyndi. Þannig lítum við út í augum heimsins. Við súpum nú seyðið af Sjálfstæðisárunum átján þegar vaðið var um veraldarrann af engri fyrirhyggju en ærnum þótta.

Hún stóð þarna í bláum og fiðruðum kjól, fátæka stúlkan sem átti þessa töfrastund, og lagði hönd á hjartastað áður en hún opnaði faðminn til að hleypa út sorgunum og heimurinn fann að iðrun hennar og auðmýkt var sönn og sök okkar gufaði upp með hverju orði sem rann fram af hennar munni, sveif burt með seglskipunum stóru í bláan fjarskann þar sem höfrungarnir dansa við kátar öldur – og vitanlega gat heimurinn ekki annað en fyrirgefið allt það sem á undan fór á vegum þeirra sem hún fór nú með umboð fyrir, aðalsamningamaðurinn Jóhanna unga á meðan eldri Jóhanna sat heima þegjandaleg og starfsöm að greiða úr óreiðunni. Á eftir fóru svo krakkarnir út í eilift sumarkvöldið og komu til baka með lófafylli af fyrirheitum.

# Auður Íslands

**UMRÆÐAN**

Örlygur Hnefill Jónsson skrifar um nýtingu auðlinda



ÖRLYGUR HNEFILL JÓNSSON

Samdráttur í hefðbundnum atvinnuvegum landsbyggðarinnar hefur verið viðvarandi undanfarna áratugi. Breytingar í landbúnaði og fækkun starfa hefur sett mark sitt á landsbyggð alla. Sama er að segja um sjávarútveginn þar sem niðurskurður veiðiheimilda og tilflutningur minnkandi kvóta hefur farið illa með byggðir. Við þessa stöðu hefur m.a. verið litið til þess að nýta þær orkuauðlindir sem landið býr yfir. Fallvötn hafa verið virkjuð og lengst af var rekin sú nýlendustefna að flytja orkuna inn á höfuðborgarsvæðið til þess að efla þar atvinnu og styrkja byggð.

Nú er hinsvegar komið það hljóð í strokkinn að landsbyggðin vill og þarf á öllum sínum möguleikum að halda. Því segjum við Þingeyingar að við ætlum að nýta orku okkar landshluta til atvinnuuppbyggingar í heimabyggð. Það sama hafa Austfirðingar gert og sjá vildi ég það sama í auknum mæli á Suðurlandi og í Þorlákshöfn, Grindavík og Reykjanesbæ. Allir þekkja uppbygginguna á Hvalfjarðarströnd og Vestfirðingar eiga sóknarfæri í því að treysta raforkuframleiðslu sína og rafmagnsöryggi. Á Norðurlandi vestra eru möguleikar að framleiða rafmagn og sjálfsagt væri að nýta það rafmagn sem nú er framleitt í Blönduvirkjun til að styrkja heimabyggðina þar sem á þarf að halda.

Meðan ríkir íslenskir bankar lánuðu til fjárfestinga í útlöndum sem fuku í vindinn var Byggðastofnun að lána til innlendrar atvinnuuppbyggingar, m.a. í sjávarútvegi, ferðaþjónustu og nýsköpun sem skapar gjaldeyri og veitir vinnu. Eins hefur stofnunin að auki lánveitingar sínar til landbúnaðar, sem er mikið byggðamál, sem treystir byggð og sparar gjaldeyri. Nú er treyst á þessa atvinnuvegi sem aldrei fyrr og munu auðlindir landsbyggðarinnar vega þungt í endurreisninni.

Ársfundur Byggðastofnunar verður haldinn á Hótel Reynihlíð 20. maí 2009 kl. 13.00 og er öllum velkomið að mæta til fundarins. Umræðuefni fundarins verður nýting orkuauðlinda til svæðisbundinnar uppbyggingar. Verða þannig skoðaðir þeir möguleikar sem þjóð okkar á til að komast betur og fyrr upp úr því fúafeni skulda og alþjóðlegrar skammar sem við erum öll í. Með nýtingu auðlinda getum við eflt innviði samfélagsins, heilbrigðis- og menntakerfi, menningu og mannlíf.

*Höfundur er varaþingmaður og formaður stjórnar Byggðastofnunar.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR
TILBOÐ
á stillanlegum rúmum
PROFLEX
Vinsælasta stillanlega rúmið hjá okkur
Íslenskir botnar
Íslensk framleiðsla
Margir leðurlitir í boði
20-50% afsláttur
af völdum vörum
20% afsláttur
af fylgihlutum við dýnukaup
Óseyri 2
AKUREYRI
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal
REYKJAVÍK
6 mán. vaxtalausar greiðslur
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is




# Óttinn við lýðræðið

**UMRÆÐAN**
Haraldur Flosi Tryggvason og Kristín Pétursdóttir skrifa um Evrópumál


KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR


HARALDUR FLOSI TRYGGVASON

Fjölmargir eru þeirrar skoðunar að aðild að Evrópusambandinu kæmi landi og þjóð vel. Þá eru aðrir þeirrar skoðunar að Evrópusambandsaðild komi Íslandi og Íslendingum illa. Langflestir í þessum hópum eru jafnframt þeirrar skoðunar að lýðræðisfyrirkomulagið sé það fyrirkomulag sem best hentar íslensku samfélagi. Iðulega er þetta fólk sammála um að leggja beri samning um aðild að Evrópusambandinu í dóm þjóðarinnar.

En þá eru ekki allir taldir. Til eru þeir sem eru hræddir um að samningur um aðild að Evrópusambandinu verði ekki góður og að þjóðin muni þrátt fyrir það samþykkja slíkan samning í kosningum. Ótti kemur í veg fyrir að þetta fólk vilji ganga til samninga. Sami ótti setur lýðræðishalla á íslenskt samfélag, því sumir virðast reiðubúnir til að berjast gegn aðildarviðræðum á þessum grundvelli. Sú afstaða kemur í veg fyrir að þjóðin geti kosið um málið.

Til að koma til móts við viðhorf síðastnefnda hópinn hafa stjórnmálamenn, bæði á hægri og vinstri væng stjórnmálanna, lagt til að þjóðin kjósi um það hvort ganga eigi til samninga um aðild að Evrópusambandinu. En um hvað ætti slík kosning að snúast? Væri ekki réttast að þar væri spurt hvort þú óttist um að aðrir velji á endanum eitthvað sem þér ekki líkar. Með öðrum orðum þá snerist spurningin um hvort þú óttaðist lýðræði eða ekki. Hverskonar ákvörðun kæmi út úr slíkri kosningu? Ef niðurstaðan yrði sú að þjóðin óttaðist ekki lýðræðið þá mætti túlka hana þannig að taka skuli ákvörðun um málið reista á rökum. Að öðrum kosti væri niðurstaðan sú að þjóðin vildi láta óttann stjórna sér, hún teldi rétt að leita ekki upplýsinga. Val af þessu tagi getur engan veginn talist til upplýstrar ákvarðanatöku og er óboðlegt lýðræðisþjóð.

Við teljum að umtalsverð líkindi

*Sami ótti setur lýðræðishalla á íslenskt samfélag, því sumir virðast reiðubúnir til að berjast gegn aðildarviðræðum á þessum grundvelli. Sú afstaða kemur í veg fyrir að þjóðin geti kosið um málið.*

séu til þess að Evrópusambandsaðild væri gæfuspor fyrir íslenska þjóð. Við erum sammála um að mikilvægt sé að afla betri upplýsinga um málið með aðildarviðræðum og að niðurstaðan skuli borin undir þjóðina til samþykktar eða synjunar í lýðræðislegum kosningum. Við höfum ásamt tæplega 15.000 öðrum undirritað yfirlýsingu þessa efnis á heimasíðunni www.sammala.is í þeim tilgangi að hvetja stjórnvöld til þess að ganga óhrædd til aðildarviðræðna og þjóðina til að ganga óhrædd til kosninga.

Við teljum brýnt að skoða alla kosti sem gætu leitt til endurnýjaðs stöðugleika og hagsældar á Íslandi. Látum ekki óttann við lýðræðið koma í veg fyrir að þjóðin taki afstöðu til þessa mikilvæga máls.

*Haraldur Flosi er lögfræðingur og Kristín forstjóri.*

# Barnasáttmálinn í leikskólastarfi

**UMRÆÐAN**
Inga Rut Ingadóttir, Lena Sólborg Valgarðsdóttir og Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir skrifa um leikskólastarf


INGA RUT INGADÓTTIR


STEINUNN ERLA SIGURGEIRSDÓTTIR


LENA SÓLBORG VALGARÐSDÓTTIR

Mikil umræða hefur verið í þjóðfélaginu og á Alþingi um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Rætt hefur verið um Barnasáttmálann í tengslum við lögfestingu hans hér á landi og nýleg mál þar sem börn voru beitt líkamlegum refsingum eða ofbeldi. Í námi okkar höfum við unnið verkefni sem lýtur að innleiðingu þróunarverkefnis í leikskóla og var ákveðið að taka Barnasáttmálann fyrir sem viðfangsefni. Lítið efni er til um kennslu eða fræðslu um Barnasáttmálann og réttindi barna og það sem til er miðast oft við eldri börn. Því var talsverð áskorun að vinna með efnið. Í 42. grein Barnasáttmálans kemur fram að þau ríki sem samþykkja sáttmálann skuldbindi sig til að kynna hann fyrir börnum og fullorðnum. Því ákváðum við að skoða hvernig hægt væri að kynna börnum á leikskólaaldri réttindi þeirra og reyna að finna hvaða leiðir væri best að fara í vinnu með Barnasáttmálann.

**Markmið með vinnu um réttindi**

Markmið með vinnu með Barnasáttmálann á leikskólum er að börnin velti fyrir sér réttindum sínum, tjái sig og verði fær um að segja sína skoðun án þess að særa aðra. Mikilvægt er að fjalla um ábyrgðina sem fylgir því að segja það sem manni finnst, það er ekki hægt að segja allt sem manni sýnist. Þetta er liður í því að styrkja barnið sem einstakling og félagsleg færni þess eykst. Vinnu með Barnasáttmálann er hægt að tengja vinnu með gildi eins og ábyrgð, umburðarlyndi og réttlæti og einnig lífsleikni. Ekki hefur skapast meiri umræða í þjóðfélaginu en nú um gömlu, góðu gildin. Sáttmálinn verður 20 ára í nóvember og þá er stefnt að því að lögfesta hann og því kjörið tækifæri að byrja núna að taka upp Barnasáttmálann í leikskólum.

**Af hverju Barnasáttmálinn?**

Af hverju að vinna með Barnasáttmálann? Jú það er mikilvægt að börn byrji strax í leikskóla að tjá sig, segja sínar skoðanir og venjist þannig lýðræðislegum starfsháttum. Lýðræði lærist ekki á því að fylgjast með heldur með því að vera virkur þátttakandi. Með fræðslu okkar erum við að byggja upp lýðræðislega hugsun hjá börnunum þar sem þau eru þátttakendur í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þau þurfa að vita að framlag þeirra skipti máli og að það sé þeirra réttur. Því skulum við tryggja börnum farveg fyrir þetta í leikskólum landsins.

Kynning á þróunarverkefnum útskriftarnema verður í Bratta, fyrirlestrarsal Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, föstudaginn 15. maí og hefst hún kl. 9. Eftir það verður hægt að skoða verkefni nema í Fjöru, matsal skólans, og kynna sér enn betur vinnu þeirra.

*Höfundar eru útskriftarnemar í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands.*

# Hver á að bæta fæðiskostnaðinn?

**UMRÆÐAN**
Óskar Hrafn Ólafsson skrifar um hvalveiðar


ÓSKAR HRAFN ÓLAFSSON

Það er orðinn árviss viðburður að talsmenn ýmissa umhverfis- og dýraverndunarsamtaka rísi upp á afturlappirnar og mótmæli takmörkuðum hvalveiðum Íslendinga. Viðkomandi samtök hafa ekki fært fram nein haldbær rök fyrir því hvers vegna ekki eigi að nýta hvalastofna með sjálfbærum hætti. Sýnt hefur verið fram á að hvalastofnar í Norður-Atlantshafi hafa stækkað mikið síðustu áratugina. Fyrir því hafa Íslendingar og fleiri fundið vegna þess mikla magns af fiski sem hvalahjörðin skóflar í sig á ári hverju.

Erlendir umhverfisverndarsinnar geta ekki ætlast til þess að Íslendingar einir borgi fæðið fyrir þessa afræningja. Ef þeir vilja ekki að hvalir séu veiddir þá er lágmarkskrafa að þeir taki þátt í að borga fæðiskostnaðinn. Það má líkja þessu við ótta manna vegna eyðingu regnskóganna á Amazonsvæðinu. Hvert tré þar bindur tíu sinnum meira af koltvísýringi en tré á Íslandi og það er því mikið í húfi. Ekki er hægt að ætlast til þess að þeir, sem hafa atvinnu af skógarhögginu, séu sendir heim bótalaust. Þeir þurfa að lifa eins og aðrir og því er eina ráðið að greiða þeim bætur fyrir að hætta skógarhögginu.

Svo vikið sé aftur að hvalamálunum og stærð hvalastofnanna umhverfis landið þá má leiða að því líkur að hvalirnir éti nytjafisk að verðmæti tveggja milljarða evra á ári hverju. Mín tillaga er sú að erlend umhverfisverndarsamtök eða ríkisstjórnir þeirra ríkja, sem hvað harðast hafa beitt sér gegn hvalveiðum Íslendinga, borgi 70% af fæðiskostnaði hvalanna. Íslendingar geta tekið 30% á sig. Gerist þetta þá er sjálfsagt að hætta hvalveiðum. Ef ekki þá á að auka hvalveiðar og nýta stofnana með sjálfbærum hætti. Málið er einfalt. Sá, sem á kartöflu- eða kálgarð, stuggar við þeim sem stela úr garðinum. Hann skýtur gæsirnar sem leggjast á kálið. Hið sama eigum við að gera til þess að vernda nytjastofnana í hafinu sem þessi þjóð hefur lengstum lifað svo til alfarið á. Höldum hvalastofnum í skefjum með skynsamlegum veiðum. Ef einhverjir vilja hins vegar taka þátt í að greiða fyrir fæðu þeirra þá er sjálfsagt að skoða það mál. Með nútímatækni er hægt að merkja hvali og fylgjast með ferðum þeirra með aðstoð gervihnatta. Þeir, sem tækju hvali í fæði, gætu þá fylgst með ferðum þessara dýra og því hvar þau eru að éta hverju sinni.

*Höfundur er fyrrverandi skipstjóri.*

# 2012 tækifæri…

**UMRÆÐAN**
Ingi Bogi Bogason skrifar um iðn- og tæknimenntun


INGI BOGI BOGASON

Að undanförnu hafa Samtök iðnaðarins birt auglýsingar þar sem óskað er eftir vel menntuðu fólki til fjölda starfa eftir þrjú ár. Árið 2012 verður íslenskt samfélag á hraðri leið úr öldudalnum. Þá verður mikil eftirspurn eftir vel menntuðu fólki í áliðnaði, byggingariðnaði, listiðnaði, líftækni, matvælaiðnaði, málm- og véltækni, prentiðnaði og upplýsingatækni. Þess vegna er ástæða fyrir ungt fólk að íhuga vel námsval sitt, einmitt nú, vorið 2009.

Ákvörðun um menntun til næstu ára snýr ekki síður að stjórnvöldum en ungu fólki. Framundan er aðhald og niðurskurður í ríkisbúskapnum. Gæta þarf þess að slíkar aðgerðir bitni ekki á fyrirtækjum heldur skapi þeim réttlátan og varanlegan rekstrargrundvöll. Á þessum grunni þarf að vera hægt að byggja fyrirtækin aftur upp, m.a. mannauð þeirra.

Mikið er talað um að í krafti vel menntaðs vinnuafls munum við hafa ríkari möguleika en ella til að ná okkur fljótt og vel úr kreppunni. Það gerist hins vegar ekki af sjálfu sér. Stjórnvöld þurfa að skapa stefnu í menntamálum sem ýtir undir og auðveldar menntakerfinu að vera einn af lykilþáttum í endurreisn landsins.

**Menntun sem skapar vinnu**

Samtök iðnaðarins hafa árum saman lagt áherslu á mikilvægi verk- og tæknifræðimenntunar á háskólastigi og iðn- og starfsmenntunar á framhaldsskólastigi. Við búum við öflugt menntakerfi á þessum sviðum sem við getum nýtt enn betur og markvissar án þess að kosta miklu til. Iðnmenntun er kennd við framhaldsskóla í öllum landshornum. Fjölbreytni í verkfræði og skyldum greinum hefur snaraukist undanfarin ár, m.a. með tilkomu öflugrar tækni- og verkfræðideildar við HR.

Einungis 75% íslenskra ungmenna á aldrinum 18-24 ára ljúka viðurkenndu námi í framhaldsskóla. Á Norðurlöndunum er sú tala 85-95%. Þetta þýðir að fleiri fara hér halloka á vinnumarkaði en vera þyrfti og íslensk fyrirtæki skortir aðgang að jafn samkeppnishæfu starfsfólki og í nágrannalöndunum.

Margt ungt fólk er til vitnis um að iðn- og tæknimenntun skilar sér í góðum störfum síðar meir. Bæði iðnmenntun og verkfræðimenntun felur í sér möguleika til margbreytilegra skapandi starfa. Aðsókn í þessa menntun er góð en þyrfti að vera meiri. Það þarf nefnilega miklu fleira fólk með menntun á þessum sviðum til að byggja upp atvinnulíf morgundagsins.

**Menntun sem borgar skuldir**

Koma þarf í veg fyrir rof í menntun ungs fólks. Við þurfum að tryggja, eins og kostur er, að sem flestir ljúki prófi úr framhaldsskóla og að drjúgur hluti þeirra haldi áfram

*Stjórnvöld þurfa að skapa stefnu í menntamálum sem ýtir undir og auðveldar menntakerfinu að vera einn af lykilþáttum í endurreisn landsins.*

námi í háskóla. En um leið þarf að beina athygli þessa fólks að menntun sem skilar því skapandi og vel launuðum störfum, hjá fyrirtækjum sem skapa sem mest verðmæti fyrir land og þjóð. Stjórnvöld þurfa að leggja málinu lið. Þau þurfa að tryggja, eins og kostur er, að iðn- og starfsmenntun, verk- og tæknifræðimenntun sé sett í öndvegi.

Þessi menntun skilar hraðast hagnaði í sameiginlegan sjóð landsmanna. Þetta er menntunin sem byggir upp arðbæran atvinnurekstur og gerir okkur kleift að greiða niður skuldir okkar á næstu árum.

**Gæði fyrir kostnað**

Framundan eru hagræðingartímar. Þá þarf að beita eins hlutlægum aðferðum og kostur er. Eitt sjónarmið hlýtur þá að vega þungt; að sem mest gæði fáist fyrir opinber fjárframlög til menntunar. Iðnmenntun, verkfræði- og tæknimenntun skilar sér hratt í betur reknum og arðsömum fyrirtækjum. Því þarf sérstaklega að hlúa að þessari tegund menntunar.

*Höfundur er forstöðumaður menntunar og mannauðs hjá Samtökum iðnaðarins.*

# Einföld leið út úr kvótakerfinu

**UMRÆÐAN**
Jón Kristjánsson skrifar um sjávarútvegsmál

Stjórn fiskveiða með því að ákveða fyrir fram hve mikið skuli veiða af hverri tegund, kvótakerfið, hefur ekki skilað þeim árangri sem til var ætlast, þ.e. að auka afrakstur fiskstofna. Eftir aldar fjórðungs tilraun er þorskafli í sögulegu lágmarki og vöxtur fiskanna er lélegri en nokkru sinni fyrr. Menn greinir á um hvers vegna þetta sé, Hafrannsókn kennir um ofveiði, að ekki hafi verið farið hárfínt eftir ráðleggingum þeirra. Aðrir vilja meina að þær líffræðilegu forsendur sem lagðar voru til grundvallar hafi ekki staðist. Þegar dregið var úr veiðum dró úr vexti einstaklinganna. Næg fæða var ekki fyrir hendi til að standa undir stærri stofni.

Þegar úthlutað er afla til kvótahafa reyna þeir skiljanlega að fá út úr honum sem mest verðmæti. Þeir reyna að ná sem verðmestum fiski og sé ekki kvóti fyrir því sem veiðist fer það í sjóinn aftur.

Þar sem kvótakerfið hefur í sér innbyggðan hvata til sóunar, þá þarf að leggja það af. Einnig er vafasamt að úthluta afla ár fram í tímann, ómögulegt er að telja fiskinn í sjónum og ekki er unnt að sjá fyrir breytingar á fiskgengd eða aflabrögðum þegar kvótar eru ákveðnir. Sóknarkerfi eins og notað er í Færeyjum nemur breytingarnar strax og er laust við brottkast.

Nú tala menn um að breyta þurfi kerfinu og bæta það en fyrning, innköllun á kvóta, uppboð eða hvað það nú heitir viðheldur kerfinu en kemur ekki í veg fyrir galla þess. Það hefur vafist fyrir mönnum hvort unnt sé að innkalla aflaheimildir án þess að ríkið eigi yfir höfði sér skaðabótamál. Margir útgerðarmenn halda því fram að verði aflaheimildir af þeim teknar smám saman og boðnar upp fari fyrirtæki þeirra á hausinn. Þeir sem hafa tekið lán til kvótakaupa séu stórskuldugir og þurfi tekjur til að borga af lánunum. Krafa er um að aflaheimildir verði boðnar út

*Kvótauppboð myndu aðeins auka rekstrarkostnað, sem kæmi fram í auknu fiskverði, erfiðari samkeppnisaðstöðu og taprekstri. Auk þess færi afgjaldið af kvótanum svipaða leið og bensíngjaldið, í ríkishítina.*

hæstbjóðendum til að fá tekjurnar af auðlindinni í ríkiskassann. Þá myndu menn bjóða hver í kapp annan svipað og við lóðauppboð á höfuðborgarsvæðinu, sem endaði með skelfingu. Innkoman fór beint í aukna eyðslu sveitarfélaganna til að kynda undir brjálæðinu.

Hafa verður í huga að kvótinn sem slíkur er einskis virði, verðmætin liggja í fiskinum sem kemur að landi og það mun skila sér til þjóðarinnar eftir sínum leiðum. Kvótauppboð myndu aðeins auka rekstrarkostnað, sem kæmi fram í auknu fiskverði, erfiðari samkeppnisaðstöðu og taprekstri. Auk þess færi afgjaldið af kvótanum


JÓN KRISTJÁNSSON

svipaða leið og bensíngjaldið, í ríkishítina.

Það er ekki flóknara að stíga út úr þessu kerfi en það var að fara inn í það. Það gæti t.d.hafist með eftirfarandi tilkynningu frásjávarútvegsráðherra:

Við endurskoðun gagna og endurmat á líffræðilegum forsendum þykir ekki þörf á að vernda þorsk og aðrar botnfisktegundir sérstaklega. Eftirfarandi tegundir eru því teknar út úr kvóta: Þorskur, ýsa, ufsi, skarkoli, steinbítur, karfi og úthafsrækja. Skipum með gilt veiðileyfi er heimilt að stunda veiðar á þessum tegundum. Settar verða nánari reglur um umgengni til að koma í veg fyrir árekstra veiðarfæra og skipaflokka. Ákvörðun þessi gildir til eins árs í senn.

Með þessu er ekki verið að taka aflaheimildir frá neinum og því ekki um neina „bótaskyldu“ að ræða. Svona breytingar myndu þýða aflaaukningu, nokkuð sem er gagnstætt friðunarstefnu Hafrannsóknar, en í ljósi ömurlegrar reynslu ættu stjórnmálamenn varla að þurfa mikinn kjark til að taka af þeim ráðin. Sýna má fram á með vísindalegum rökum að það er ekki einungis í stakasta lagi, heldur blátt áfram nauðsynlegt að auka veiðar til að bæta vaxtarskilyrði einstaklinganna og koma í veg fyrir sjálfát svo góðir árgangar verði ekki étnir upp áður en þeir geta tekið út vöxt. Einn slíkur er að sögn á leiðinni og myndi muna um að hann yrði að gjaldeyri en færi ekki á matseðilinn hjá horþorskinum.

*Höfundur er fiskifræðingur.*

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið



CHOW YUN FAT ER 54 ÁRA.

*„Það að starfa fyrir framan kvikmyndatökuvélar er það sem heldur í mér lífinu. Mér gæti ekki staðið meir á sama um hjólhýsi og mat á tökustað og þess háttar. Ég vil bara leika.“*

***Leikarinn Chow Yun Fat er á Vesturlöndum aðallega þekktur fyrir leik í hasarmyndum. Hann hefur hins vegar farið með fjölda hlutverka í gamanmyndum, dramatískum og rómantískum myndum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18. MAÍ ÁRIÐ 1920

## Stjórnarskrá konungsríkisins Íslands

Sambandslögin frá 1918 voru staðfest með breytingum af konungi Kristjáni X. í Sorgenfri-höllinni í Danmörku og svo árituð af Jóni Magnússyni forsætisráðherra 18. maí 1920 og urðu að stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Í stjórnarskránni eru ákvæði um þingbundna konungsstjórn, um konung og konungserfðir, um æðsta vald konungs í málefnum ríkisins með takmörkunum sem stjórnarskráin fjallaði um en ráðherra í ráðuneyti Íslands hafði framkvæmd þess með höndum, einnig stofnun íslensks ríkisráðs.

Lokið var hinni gömlu skiptingu í sérmál og sameiginleg mál. Í kjölfarið fylgdi stofnun Hæstaréttar og fullgildur þjóðfáni.



**MERKISATBURÐIR**

**1498** Landkönnuðurinn Vasco da Gama kemur til hafnar í Kalkútta í Indlandi.

**1565** Tyrkjaveldi hefur umsátur um Möltu, sem er hrundið þremur mánuðum síðar.

**1897** Stokkseyrarhreppi er skipt í Stokkseyrarhrepp og Eyrarbakkahrepp.

**1920** Sambandslögin frá 1918 eru staðfest með breytingum á stjórnarskrá.

**1978** Selfoss fær kaupstaðarréttindi.

**1980** Eldfjallið Sankti Helena gýs í Washington-ríki. 57 látast og tjónið er metið á þrjá milljarða dollara.

**1989** Verkfalli Bandalags háskólamanna lýkur. Hafði það staðið í sex vikur og valdið mikilli röskun á skólastarfi og fleiru.



## 80 ára afmæli

### Bjarni Kristjánsson

er áttræður í dag 18. maí.

Hann fæddist á N-Hvoli í Mýrdal, foreldrar Kristján Bjarnason og Kristín Friðriksdóttir. Hann kvæntist Snjólaugu Bruun og eru afkomendur þeirra orðnir 24. Bjarni er menntaður vélaverkfræðingur og var lengi rektor Tækniskóla Íslands. Hann hefur verið mikilvirkur veiðimaður og sinnt félagsmálum veiðimanna gegnum tíðina. Bjarni verður að heiman á afmælisdaginn.

†

**Pálína Halla Ásmundsdóttir**

frá Ásbúðum, Kópavogsbraut 57,

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 20. maí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Sunnuhlíð.

**Vandamenn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Sigríður Þórólfsdóttir**

dvalarheimilinu Höfða, áður til heimilis að Háholti 31, Akranesi,

sem lést aðfaranótt 5. maí, verður jarðsungin frá Akraneskirkju miðvikudaginn 20. maí kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á dvalarheimilið Höfða á Akranesi.

**Þórólfur Ævar Sigurðsson — Kristín Eyjólfsdóttir**
**Guðjón Heimir Sigurðsson — Valgerður Bragadóttir**
**Halldór Bragi Sigurðsson — Sigurlaug Brynjólfsdóttir**
**Guðrún Agnes Sigurðardóttir — Tryggvi Ásgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og kær vinkona,*

**Arnhildur Hólmfríður Reynis**

Skipholt 21, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Óháða söfnuðinum miðvikudaginn 20. maí kl. 15.00.

**Lísa Lotta Reynis Andersen — Börkur Árnason**
**Michael Einar Reynis — Geirþrúður Jónsdóttir**
**Elva Björk Barkardóttir**
**Hrannar Árni Barkarson**
**Arnar Daði Reynis**
**Eva Lind Reynis**
**Dúfa Sylvía Einarsdóttir — Guðmundur Ragnarsson**
**Anna Sigríður Einarsdóttir — Hrafn Andrés Harðarson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og hjartkær vinkona,*

**Sigrún Oddgeirsdóttir**

Hæðargarði 35, áður Skipasundi 11,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 19. maí kl. 15.00.

**Ingvar A. Guðnason — Þórunn Guðmundsdóttir**
**Gunnar Guðnason — Sigríður Davíðsdóttir**
**Haukur Geir Guðnason — Anna Sigríður Guðmundsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn**
**Theódór Halldórsson**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Einar Jónasson**

Hlíðargerði 10, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 13. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Árdís Guðmarsdóttir**
**Guðmar Einarsson — Elín Úlfarsdóttir**
**Sigríður Einarsdóttir**
**Einar Örn Einarsson — Tinna Brá Baldvinsdóttir**
**Eydís, Elísa, Birgitta Björg, Jónas, Árdís Freyja og Indriði Hrafn.**



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórhallur Guttormsson**

íslenskufræðingur,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 8. maí, verður jarðsunginn frá Neskirkju, miðvikudaginn 20. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans, er bent á minningarsjóð Sóltúns, s. 590 6000.

**Anna G. Þorsteinsdóttir**
**Þorsteinn G. Þórhallsson — Ragna Steinarsdóttir**
**Páll Þórhallsson — Þórdís Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Una Guðjónsdóttir**

frá Þórshöfn Langanesi, Heiðarbóli 6, Keflavík,

verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju, miðvikudaginn 20. maí kl. 14.00.

**Jón Friðjónsson — Sigríður Erlendsdóttir**
**Haukur Friðjónsson — Helga Guðjónsdóttir**
**Friðlaugur Friðjónsson — Margrét Sveinbjörnsdóttir**
**Hafdís Friðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS: NÁM

## Erum að svara b

„Þetta er í fyrsta skipti sem boðið er upp á heildstætt nám í málefnum innflytjenda af þessu tagi hér á landi,“ segir Edda Ólafsdóttir, félagsráðgjafi á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Edda hefur, ásamt Hallfríði Þórarinsdóttur, mannfræðingi og forstöðumanni Mirru, Miðstöðvar innflytjendarannsókna í ReykjavíkurAkademíunni, og starfsfólki Endurmenntunar, komið að skipulagningu nýrrar námsbrautar í málefnum innflytjenda sem kennd er á meistarastigi við Endurmenntun Háskóla Íslands.

„Námið hefst í haust hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og hefur umsóknarfrestur verið framlengdur,“ nefnir Edda og bætir við að hérlendis hafi skapast brýn þörf á slíku námi fyrir sérfræðinga í þessum málaflokki. Hún segir að miklar breytingar hafi orðið á íslensku samfélagi undanfarin ár. „Við verðum að fara að átta okkur á að við búum í nýju umhverfi, þar sem við höfum lengi vanist því að búa í einsleitu samfélagi.“

Beðin um að lýsa náminu, segir hún: „Námið er fjölbreytt og áhersla lögð á flesta þá þætti sem tengjast málefnum innflytjenda. Við vilja reyna að höfða til mismunandi hópa í samfélaginu og sjáum fyrir okkur að þeir sem fara í námið geti orðið leiðandi á þessu sviði. Við viljum sjá að þeir verði í stakk búnir til að innleiða hagnýta þekkingu á málefnum innflytjenda hver á sínum vettvangi.“

Edda segir málefni innflytjenda snerta allar hliðar mannlífsins og bætir við að lögð verði rík áhersla á að nemendur leggist í ákveðna sjálfsskoðun, ekki síður en samfélagsrýni. Eitt námskeiðið byggist til dæmis á dagbókarskrifum nemenda og er tilgangurinn að fá þá til að skoða eigin viðhorf og fordóma. „Þessi aðferð, það að leggjast í skipulagða

## Minning um skáld

Stofnun Gunnars Gunnarssonar, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn efna til málþings í fyrirlestrasal Þjóðarbókhlöðu í dag. Tilefnið er að í dag eru 120 ár liðin síðan Gunnar Gunnarsson skáld fæddist á Valþjófsstað í Fljótsdal.

Sigurjón Björnsson prófessor emeritus mun fjalla um Brimhendu, Jón Karl Helgason, dósent við HÍ, ræðir um dómsdagsmynd Gunnars í Vikivaka og Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor við HÍ, mun fjalla um náttúruna í Aðventu og fleiri sögum Gunnars. Að erindum loknum mun Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur, sem nú vinnur að ritun ævisögu skáldsins, stýra pallborði með fyrirlesurum.

Málþingið hefst klukkan 17. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



**STYRKIR** voru afhentir úr Húsverndarsjóði Reykjavíkur á dögunum. Hæsta styrkinn fékk Kirkjutorg 4, rúmar 1,6 milljónir króna. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til endurgerðar eða viðgerða á húsnæði eða öðrum mannvirkjum í Reykjavík, sem hafa sérstakt varðveislugildi af listrænum eða menningarsögulegum ástæðum.







Næringarþerapisti

Hef hafið störf að Krókhálsi 5a og mun vera þar alla fimmtudaga í sumar

- **Einstaklingsráðgjöf**
- **Hjónatímar**
- **Hóptímar**
- **Sér hóptímar fyrir unglinga**

Tímapantanir eða upplýsingar í síma 892-3808 eða sendið póst á betareynis@gmail.com

vísir.is
„...ég sá það á vísi"




Sólveig er ánægð með svarta eldhúsið sem uppfyllir gamlan draum. „Ég er eldhúskona fram í fingurgóma, geri mikið af kaffi latte og hef gaman af að fá fólk í mat, en ég er svokallaður hamfarakokkur og nota uppskriftir ekki mikið," segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hjartað slær í eldhúsinu

**Svört eldhúsinnrétting með háglans hafði lengi verið draumur Sólveigar Pétursdóttur bókavarðar. Þrátt fyrir ýmsar úrtölur lét hún loks drauminn rætast þegar hún flutti og sér svo sannarlega ekki eftir því.**

„Eldhúsið er mitt uppáhaldshorn. Mig hafði lengi dreymt um svart eldhús með háglansáferð og lét mér einhvern tíma detta í hug að mála eldhúsið mitt svart en það vakti ekki mikla lukku hjá vinum og vandamönnum, sem þótti þetta brjálæðisleg hugmynd. Þegar ég skoðaði þessa íbúð þá réð eldhúsið úrslitum," segir Sólveig Pétursdóttir bókavörður, og bætir við að auðvelt sé að þrífa eldhúsið.

„Ég er mun hrifnari af þessu eldhúsi svona heldur en ef það væri bara hvítt. Allir litir njóta sín og einnig er eitthvert japanskt yfirbragð sem ég er hrifin af. Skærir litir á móti svörtu eru sérstaklega fallegir," segir Sólveig. „Mér líður voðalega vel í eldhúsinu og í íbúðinni sem ég flutti í fyrir tæpu ári síðan og er afskaplega heimakær."

Í eldhúsinu eru stórir gluggar sem hleypa mikilli birtu inn í rýmið og gegnir það líka hlutverki borðstofu. „Þetta er vagga heimilisins. Þarna sitjum við og borðum, lærum og gerum allt sem gera þarf. Opið er inn í stofuna þó að vísu sé smá veggur sem skilur að eldhús og stofu, þetta er alveg eins og ég vil hafa það. Við erum með ylströnd á móti okkur, fínan og skjólgóðan pall þannig að hér er gott að vera. Bara fuglasöngur og kerið," útskýrir hún ánægð en Sólveig býr í Sjálandshverfinu í Garðabæ.

Sólveig viðurkennir að hún hafi gaman af litlum hlutum og nýtur þess að dúlla við heimilið. „Þetta eru oft svolítið óhefðbundnir hlutir sem ég heillast af, skemmtilegar myndir og sniðugt dót. Síðan þarf ég að hafa útvarp nálægt mér í eldhúsinu og þykir óskaplega vænt um hrærivélina mína þannig ég er svolítil dundukella í mér," segir hún og brosir. „Ég les hönnunarblöð og geri mér kaffi latte, hef gaman af búðum eins og Kokku og skoða þar eldhúsáhöld og annað smálegt."

*hrefna@frettabladid.is*


BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins

Smurþjónusta
15% afsláttur
olís
Nýttu tækifærið, 15% afsláttur af smurvinnu.

Tilboð á teflonbóni
Láttu okkur um þrifin
SÆKJUM & SENDUM




- Hjólbarðaþjónusta
- Smurþjónusta
- Alþrif og teflon
- Bón
- Djúphreinsun
- Mössun
- Mössun
- Dekkjahótel
- Rafgeymar
- Perur
- Rúðuþurkur
- Bremsuklossar
- Sækjum og sendum
- Flestar stærðir dekkja á lager

BÍLKÓ Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**HITABLETTIR** á viðarborðum eru hvimleiðir. Gamalt húsráð er að leggja hvítt handklæði, ekki of þykkt, yfir hreint borðið. Síðan er straujað yfir blettina með gufustraujárni. Passa þarf að þurrka alla gufu sem eftir verður strax. Upplýsingar af husrad.wordpress.com.




HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




„Manneskjuleg byggð og miklu skynsamlegri en margt af því sem hefur verið gert á síðustu árum," segir Pétur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Upprunalegur eldhúsbekkur í einum af verkamannabústöðunum. Eins og sjá má er hann bæði hirsla og hægindi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Núnir ljósarofar eftir áratuga notkun.

# Vinum boðið heim í bað

**Stórir draumar um íbúð alþýðumannsins nefndist erindi Péturs H. Ármannssonar arkitekts á málþingi sem haldið var vegna áttatíu ára laga um verkamannabústaði. Hann fór í heimsókn á Hringbrautina.**

„Framsæknustu arkitektar þessa tíma í arkitektúr eins og Guðjón Samúelsson og Gunnlaugur Halldórsson lögðu allt sitt í að hanna þarna heilsusamlegt og fallegt umhverfi fyrir alþýðufólk. Mér finnst það stórkostleg hugsjón," segir Pétur um verkamannabústaðina við Hringbraut sem risu milli 1930 og 1940 og mörkuðu tímamót í byggingarsögu borgarinnar.

Pétur telur bústaðina hafa staðist vel tímans tönn og segir þá eftirsótta að búa í. „En til að átta sig á gildi þeirra fyrir fólkið sem þar flutti inn í upphafi þarf að lesa um aðbúnaðinn í Pólunum.

Þetta var til dæmis í fyrsta sinn sem baðherbergi sáust í íbúðum hjá verkafólki. Þau voru þvílíkur lúxus að fólk bauð vinum og kunningjum heim til sín á sunnudögum í bað. Auðvitað var hugað mjög að hagkvæmni við gerð húsanna, hver fersentimetri var nýttur og það þótti of dýrt að hafa svalir. En það var tekið tillit til sólaráttar og skjólmyndunar. Þetta var manneskjuleg byggð og miklu skynsamlegri en margt af því sem hefur verið gert á síðustu árum." Hagkvæmar og notalegar íbúðir hafa ekki þótt spennandi viðfangsefni í arkitektúr að undanförnu að sögn Péturs. „Fyrir nokkrum árum var haldin hugmyndasamkeppni um félagslegar íbúðir framtíðarinnar og það var mjög lítil þátttaka," upplýsir hann. „Tíðarandinn var þannig."

*gun@frettabladid.is*


Rauðakrosshúsið

Ókeypis námskeið og ráðgjöf

VIKUNA 18. – 22. MAÍ

Mánudagurinn 18. maí

Sálrænn stuðningur - Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks. Tími: 12.30-14.00.

Prjónahópur - Við ætlum að koma saman, prjóna, hekla, fá okkur kaffi og hafa það notalegt. Tími: 13.00-15.00.

Gítarnámskeið fyrir byrjendur - Láttu drauminn rætast og dustaðu rykið af gítarnum. Sex vikna námskeið. Farið verður í undirstöðuatriði vinnukonugripanna. Annar tími af sex. Skráning nauðsynleg. Tími: 15.00-16.00.

Þriðjudagurinn 19. maí

Einkatímar í söng - Láttu drauminn rætast. Við bjóðum upp á 10 söngtíma, hver tími er þrjátíu mínútur, kennt er tvisvar í viku þriðjudaga og föstudaga. Takmarkaður fjöldi, skráning nauðsynleg. Tími: 12.00-14.00.

Qi – Gong - Gunnar Eyjólfsson leikari kynnir Qi Gong sem er aðferð mannsins til öflunar, varðveislu og dreifingar orku um líkamann. Iðkun Qi Gong á uppruna sinn í Kína og hefur þróast þar í aldanna rás. Undirstaðan er agaður líkamsburður, öndun og hugsun eða einbeitni. Tími: 12.00-13.00.

Bókhaldsaðstoð - Það er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir fjármálin og góð leið til þess er að færa heimilisbókhald. Fáðu aðstoð fagmanneskju. Tími: 13.00-15.00.

GPS staðsetningatæki - Hvernig virka GPS tæki og hin nákvæmari DGPS tæki? Þátttakendum er kennt að nýta tækin og GPS tölvuforrit. Tími: 13.30-15.00.

Áhugasviðskönnun - Ef þú hefur ákveðið starf eða nám í huga, getur könnunin staðfest hugmyndir þínar. Skráning nauðsynleg. Tími: 13.00-14.30.

Vinir í bata, tólf spora kerfið - Hópar sem vinna eftir tólf spora kerfinu koma saman í kirkjunum til að vinna að tilfinningalegum bata. Gangleg kynning. Tími: 15.00-16.00.

Barnið komið heim - Námskeið fyrir verðandi og nýbakaða foreldra sem vilja undirbúa sig fyrir eitt mikilvægasta verkefni lífsins - að ala upp barn. Fyrsti hluti af þremur. Skráning nauðsynleg. Tími: 16.00-20.30.

Miðvikudagurinn 20. maí

„Hafðu það gott" - Hamingjudagskrá fyrir konur sem vilja byggja sig upp með fyrirlestrum og léttum æfingum. Dans, söngur, slökunarbingó og glaðningur. Sirrý félags- og fjölmiðlafræðingur og Bjargey Aðalsteinsdóttir íþróttafræðingur fjalla um hvað við getum gert til að fjölga hamingjuhormónum og láta okkur líða vel. Námskeiðið er í tveimur hlutum, síðari hlutinn verður 29. maí. Skráning nauðsynleg. Tími: 13.00-16.00.

Tölvuaðstoð - Persónuleg aðstoð. Tími: 13.30-15.30.

Bókaklúbbur - Spjallað um bókina „Tár gírafans" eftir Alexander McCall Smith. Tími: 14.00-15.00.

Slökun og öndun - Kennsla í slökun og djúpöndun. Allir velkomnir. Tími: 16.30-17.00.

Fimmtudagurinn 21. maí

Lokað

Föstudagurinn 22. maí

Félagsvist og spil - Lauflétt skemmtun í lok vikunnar, já ég set tvistinn út og ég breyti í spaða. Léttar veitingar í boði hússins. Tími: 12.30-14.30.

Jóga - Viltu prófa jóga? Nú er tækifærið. Tími: 14.00-15.00.

Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Hláturjóga getur hjálpað til við að auðga lífið. Tími: 15.30-16.30.

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17




Grasið verður grænt og þétt ef það fær góðan áburð. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Lóðinni gert til góða

Garðyrkjufólk fyllist eldmóði á vorin enda ótal verkefni að glíma við. Eitt af því er að bera á grasflötina ef hún er fyrir hendi. Gott er að gera það nokkrum sinnum framan af sumri til að fá ræktarlega lóð og nú er tímabært að gefa henni fyrsta skammtinn. Kjörið er samt að kantskera beðin áður. Nauðsynlegt er líka að fylgjast með veðurspánni og bera á þegar rigning er í kortunum því í miklum þurrki er hætta á að áburðurinn brenni grasið.

Sums staðar er mosi til vandræða. Þá er magnesíumkalkið hentugt efni. Einföld og ódýr lausn til að minnka mosavöxtinn er að bera það á þrisvar yfir sumarið.

*- gun*

## Glitrandi ljósakróna á vegg

VEGGLÍMMIÐAR SEM STIRNIR Á.



Á vefsíðunni www.houseof3.com má kaupa hina fjölbreyttustu vegglímmiða. Slíkar veggmyndir hafa verið vinsælar undanfarin ár enda oft auðveldara að líma þær á veggina en að veggfóðra. Þá er líka einfaldara að rífa límmiðana af veggjunum þegar fólk er orðið leitt á þeim og vill breyta til.

Hér má sjá það nýjasta frá vefversluninni en veggmyndirnar eru ekki aðeins svartar heldur fylgja þeim glitrandi steinar sem lífga sannarlega upp á ljósakrónurnar og rammana.

# Þarft þú að STÆKKA eða MINNKA við þig?

….nú eða bara selja beint!

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

**Sími 530 6500**
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti. **Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa tveir öflugir löggiltir fasteignasalar,með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **ÞIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.

heimili FASTEIGNASALA



## Stórar eignalóðir fyrir frístundabyggð í landi Kílhrauns í Skeiða- og Gnúpverjahreppi



*Komdu og veldu þér þinn eigin sælureit*
*Frábær fjallasýn • Góð greiðslukjör*

**www.kilhraunlodir.is**

Sölumenn veita nánari upplýsingar í síma 824 3040 og 893 4609







## Stórglæsileg lúxusíbúð

Stórglæsileg 5herb., 131,2 fm, lúxusíbúð á tveimur hæðum í Naustabryggju. Mikið lagt í allar innréttingar. Gólfefni á allri íbúðinni eru náttúrusteinsflísar. Mikið lagt í þessa eign, sjón er sögu ríkari. Öll skipti skoðuð. Ásett verð 42 millj. Áhvílandi 20 millj.

Upplýsingar í síma 618-7618



# fasteignir

18. MAÍ 2009




Húsið hefur verið mikið endurnýjað og er við opið svæði í Garðabæ. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Endurnýjað einbýlishús

**Fasteignamarkaðurinn er með til sölu vel skipulagt og mikið endurnýjað einbýlishús í Garðabæ.**

Húsið, sem er við Efstalund 5, er á einni hæð og hefur verið mikið endurnýjað að undanförnu, þar á meðal eldhúsinnrétting og -tæki, gólfefni, baðherbergi, þvottaherbergi og margt fleira.

Eignin þykir vel skipulögð, en hún skiptist með eftirfarandi hætti: Komið er inn í flísalagða forstofu með skápum. Flísalagt gestasalerni með glugga er við forstofu. Forstofuherbergi er parkettlagt. Parkettlagður milligangur er inni af því. Þaðan er innangengt í bílskúr. Úr forstofu er gengið í flísa- og parkettlagt hol. Stofur eru samliggjandi og parkettlagðar, með útgangi á verönd til suðurs.

Eldhúsið er flísalagt og með innréttingum úr kirsuberjaviði með granítborðplötum. Mósaíkflísar eru á milli skápa og ísskápur og uppþvottavél eru innfelld í innréttingu. Svefngangur er parkettlagður.

Þvottaherbergi er flísalagt í gólf og veggi, búið nýlegum innréttingum með vélum í vinnuhæð og innfelldum vaski. Bakútgangur á lóð er úr þvottaherbergi. Baðherbergi er flísalagt, með glugga, handklæðaofni, sturtuklefa og hornbaðkari með nuddi. Hjónaherbergi og tvö barnaherbergi eru parkettlögð.

Bílskúr er með rafmagni, hita og rennandi vatni. Göngudyr og gluggar eru á bílskúr.

Lóð er fullfrágengin með verönd með skjólveggjum og heitum potti. Hiti er í innkeyrslu og stéttum framan við húsið.


# EIGNAMIÐLUN Mosfellsbæ



Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali

10 ár *í Mosfellsbæ*

Félag Fasteignasala

Sími: 586 8080 • Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • www.fastmos.is

## Litlikriki 60-66 - 270 Mosfellsbær




**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 17:00 TIL 18:00**

Til sölu fjögur mjög falleg raðhús við Litlakrika í Mosfellsbæ. Húsin eru 197 - 207 fm með innbyggðum 27,5 fm bílskúr og afhendast fullbúin að utan og langt komin að innan. Þetta eru glæsileg hús á fallegum stað.
**Áhvílandi lán frá Íbúðalánasjóði uþb. 20 m. Verð frá 37,4 m. 4355**

## Álmholt 7 - 270 Mosfellsbær




**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 18:00 TIL 18:30**

Mjög fallegt og mikið endurbætt 188,1 fm einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr á stórri lóð við Álmholt 7 í Mosfellsbæ. Eldhús og baðherbergi voru endurnýjuð fyrir 2 árum síðan. Mjög stór suðurgarður með timburverönd.
**V. 48,5 m. 4565**

## Hjarðarland 4 - 270 Mosfellsbær




**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 17:30 TIL 18:30**

Mjög glæsilegt 203,9 fm parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni. Falleg aðkoma er að húsinu, skjólgóð lóð og hellulagt bílaplan.
**Seljandi skoðar skipti á minni eign!**
**Ásett verð var kr. 46.700.000 - eignin fæst nú á 42.400.000 kr. 3472**

## Helgaland 9 - 270 Mosfellsbær




**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 18:00 TIL 19:00**

Mjög fallegt 307,4 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 52 fm tvöföldum bílskúr við Helgaland í Mosfellsbæ. Húsið stendur á 1.250 fm lóð. Á efri hæðinni er forstofa, þvottahús, eldhús, sjónvarpshol, stofa, borðstofa, baðherbergi og fjögur svefnherbergi. Á neðri hæðinni er baðherbergi og tvö stór herbergi.
**V. 68,9 m. 4418**

## Dvergaborgir 5, Íbúð 204 -112 Reykjavík




**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 18:00 TIL 18:30**

Falleg og rúmgóð 79,3 fm, 3ja herbergja endaíbúð með sérinngangi á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Dvergaborgir í Grafarvogi. **V. 20,5 m. 4513**

## Brekkutangi - Raðhús



254,0 m2 raðhús á þremur hæðum og bílskúr við Brekkutanga í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 5 svefnherbergi. Fallegur garður í suðvestur.
**V. 39,7 m. 4588**

## Reykjavík



**Espigerði - 108 Reykjavík** Mjög falleg og mikið endurnýjuð 101,9 fm, 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli við Espigerði 6. Fallegt útsýni er úr íbúðinni. Stutt er í alla þjónustu. **V. 22,5 m. 4550**



**Hjallavegur - 104 Reykjavík** Falleg 71,2 fm, 3ja herbergja íbúð á 1. hæð ásamt 19,4 fm bílskúr í 3ja hæða fjölbýli við Hjallaveg 6 í Reykjavík. **V. 19,9 m. 4578**



**Berjarimi - 112 Reykjavík** Vel skipulögð 67 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og góðri verönd. Fallegt útsýni er af verönd vestur yfir borgina. **Íbúðin er laus til afhendingar! Lækkað verð! ÁHVÍLANDI CA. 13,3 m. V. 15,9 m. 3815**



**Laufengi 118 - 112 Reykjavík** Mjög falleg og björt 4-5 herbergja 114,3 fm íbúð á 2. hæð með sérinngang af svölum. Rúmgóðar suðursvalir. Íbúðin hefur verið mikið standsett. Nýtt baðherbergi og eldhús. Mjög góð íbúð á frábærum stað.
**Óskað er eftir tilboð í eignina! - Áhvílandi 23,0 m. Kaupþing lán! 3579**



# Blaðberinn býður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## HÖFUM FJÖLDA STÆRÐA OG GERÐA ATVINNUHÚSNÆÐIS TIL LEIGU Á SKRÁ



### Laugalækur.

Fallegt 155,7 fm raðhús á pöllum þ.m.t. bílskúr á þessum eftirsótta stað í Laugardalnum. Aukin lofthæð í stofu og svalir meðfram endilöngu húsinu. Verönd til suðurs. Hús nýlega málað að utan. Laust fljótlega. **Verð 39,5 millj.**



### Fjarðarsel.

Fallegt 240,4 fm endaraðhús að meðt. 62,5 fm sér 2ja herb. íbúð í kjallara og 26,2 fm innbyggð bílskúrs. Húsið er tvær hæðir og kjallari og skiptist m.a. í samliggjandi stofur, sjónvarpsstofu, eldhús, 2 - 3 herb. auk séríbúðar. Ræktuð lóð og hiti í innkeyrslu. Arkitekt: Kjartan Sveinsson. **Laust til afh. strax. Verð 44,9 millj.**



### Strandvegur-Sjálandi Garðabæ.

Afar falleg og björt 103,7 fm íbúð á 2. hæð (götuhæð) að meðt. sér geymslu í nýlegu lyftuhúsi. Íbúðin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Eik í innréttingum. Eldunareyja og vönduð tæki í eldhúsi, rúmgóð stofa, 2 góð herbergi og baðherbergi með nuddbaðkari. Stórar suðursvalir og stæði í bílageymslu. **Verð 33,9 millj.**



### Austurströnd-Seltjarnarnesi. Útsýnisíbúð.

Falleg 161 fm útsýnisíbúð á 8. hæð (efstu) auk sér stæðis í lokaðri bílageymslu. Stórar stofur með útgangi á svalir til norðausturs. Glæsilegt og víðáttumikið útsýni. Sér geymsla í kj. og sameiginl. þvottaherbergi á hæðinni. **ATH. LÆKKAÐ VERÐ. Verð 43,9 millj.**



### Efstilundur -Garðabæ.

195,5 fm mikið endurnýjað einbýlishús að meðt. bílskúr vel staðsett við opið svæði. Eldhús með nýrri innréttingu og tækjum, stórt hol/sjónvarpshol, rúmgóðar stofur og endurnýjað þvottaherb. og baðherbergi. Ný gólfefni, flísar og parket. Stór verönd með skjólveggjum og heitum potti. **Laust fljótlega. Verð 49,9 millj.**



### Sólheimar

Vel skipulögð 101 fm íbúð á 11. hæð auk sér geymslu í kjallara. Útgangur á suðursvalir úr stofu og hjónaherbergi. Sameiginlegt þvottahús á efstu hæð. **Einstakt útsýni frá suðri til norðurs. Frábært útsýni. Laus strax. Verð 24,9 millj.**



### Sörlaskjól. 4ra herb. efri hæð.

Glæsileg og algjörlega endurnýjuð 4ra herb. efri hæð í þríbýlishúsi á opna svæðinu móti sjónum. Íbúðin er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt. Eyja í eldhúsi og vönduð tæki. Stór og björt stofa með útsýni út á sjóinn og víðar. Svalir til vesturs. Hús að utan nýviðgert. **Verð 37,0 millj.**



### Faxahvarf- Kópavogi.

281,0 fm einbýlishús á tveimur hæðum m. inng. 32,6 fm bílskúr. Húsið er afar glæsilegt með mikilli lofthæð og miklum og stórum gluggum. Tvennar svalir. Fallegt útsýni. Húsið skilast í núverandi ástandi, fullfrágengið að utan og rúmlega fokhelt að innan. **Arkitekt: Einar V. Tryggvason. Verð 52,5 millj.**



### Eiðistorg-Seltjarnarnesi. 4ra herb.

Rúmgóð 108,6 fm útsýnisíbúð í lyftuhúsi. Mikil lofthæð í íbúðinni um 3,3 metrar. SValir til norðvesturs. Útsýni að Snæfellsjökli og til sjávar**Innangengt í verslunarmiðstöðina Eiðistorgi. Verð 21,9 millj.**



### Fellsmúli. 3ja herb.

89,0 fm íbúð á 2. hæð auk 4,9 fm geymslu í kj. Góðar suðursvalir út af stofu. Bílaplan nýlega endurnýjað. **LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. Verð 19,5 millj.**



### Þórsgata.

79,3 fm einbýlishús á þremur hæðum í Þingholtunum. Eignin er töluvert endurnýjuð. Gott útsýni frá rishæð. Einkastæði. **SKIPTI Á MINNI EIGN KOMA TIL GREINA. Laust strax. ÁHV. HAGSTÆÐ LÁN. Verð 30,9 millj.**



### Daggarvellir-Hafnarfirði. 4ra herb.

Glæsileg 89,2 fm íbúð þ.m.t. sér geymsla á 4. hæð með sér inngangi af svölum. Fallegar innréttingar úr eik. Björt stofa/borðstofa með útgangi á stórar svalir til vesturs Stæði í bílageymslu. **Hagstætt áhv. lán um 21 millj. Verð 22,5 millj.**



### Mímisvegur. 2ja herb.

Mjög falleg og vel skipulögð 71,5 fm íbúð á 2. hæð í þessu reisulega steinhúsi í miðborginni. Suðursvalir út af st



### Ásakór - Kópavogi. 5 herb.

154 fm íbúð á 3. hæð auk bílskúrs í nýju lyftuhúsi. Stofa og eldhús í opnu rými og 4 rúmgóð herbergi. Tvennar rúmgóðar og flísalagðar svalir. Gott útsýni. **Skólar, íþróttir og verslun í göngufæri. Laus til afh. strax. Verð 34,9 millj.**



### Espigerði. 4ra herb.

Vel skipulögð 94,6 fm íbúð á 2. hæð auk 6,3 fm geymslu í þessum eftirsóttu fjölbýlum. Rúmgóðar svalir til suðurs. Þvottaherbergi innan íbúðar. Stutt í skóla og alla þjónustu. **Hagstætt áhv. lán.Verð 22,9 millj.**



### Kambasel. 3ja herb.

Björt og vel skipulögð 101,4 fm íbúð á jarðhæð, ekkert niðurgrafin og með sér garði á þessum rólega stað. Þvottaherbergi innan íbúðar. **Laus til afh. strax. Verð 22,9 millj.**

---

SKRIFSTOFUGARÐAR
**NETLA**
NETHYL

# Að hefja rekstur eða viltu lækka kostnað?

## Hagstæð leiga og fyrsta flokks aðstaða

**Hvar er NETLA?**

Á annari hæð í Nethyl 2 eru mjög glæsilegar skrifstofur fyrir einyrkja og fámenn fyrirtæki. Við köllum húsnæðið NETLU- skrifstofugarðar. Þar koma smærri fyrirtæki saman og deila með sér aðstöðu og kostnaði. Starfsmenn hafa lokaðar skrifstofur en hafa félagsskap af hver öðrum eins og hver óskar.

Nethylur er á Ártúnsholti og stendur við fjölförnustu gatnamót landsins. Frá Nethyl liggja leiðir til allra átta á höfuðborgarsvæðinu

**Laust í NETLU**

Fjögur laus herbergi sem hentar öllum er þurfa á vönduðu skrifstofuplássi af hóflegri stærð s.s. ráðgjöfum, lögmönnum, endurskoðendum, bókurum, hönnuðum, rithöfundum, grafískum hönnuðum, netfyrirtækjum o.sfr.

Herbergin eru frá 20-28m2 með sameign eða 11-17m2 herbergin sjálf.

**Fundarherbergi í NETLU**

Það er hagkvæmt að deila fundarherbergi með öðrum. Í NETLU er fundarherbergi fyrir 6 manna fundi eða færri. Það er vel búið með skjávarpa og þráðlaust net er í öllu húsnæðinu.

**Verð í NETLU?**

Verð: frá kr. 35-49.500 með vsk.

Innifalið: hiti, rafmagn, netaðgangur, þrif á sameign, aðgengi að fundarherbergi með skjávarpa, kaffiaðstaða og setustofa.

Það er ALLT að því ALLT innifalið!

**Nánari upplýsingar** Allar frekari upplýsingar veitir Gunnar í síma 664-6550

# NETLA skrifstofugarðar

# EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Félag Fasteignasala

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

## VANTAR ÍBÚÐIR TIL LEIGU

Vegna mikillar eftirspurnar vantar okkur allar gerðir íbúðar húsnæðis til leigu. Vinsamlegast hafið samband við Hilmar Þór Hafsteinsson löggiltan leigumiðlara. 4114

## Ljósakur 9-17 í Garðabæ - ný verð








Nýtískuleg, björt og stílhrein tvílyft raðhús. Þau eru vel staðsett á skjólsælum stað á Arnarneshæðinni með fallegu útsýni. Húsin eru klædd ýmist báraðri eða sléttri viðhaldslítilli álklæðningu sem gefa þeim stílhreint útlit. Allur frágangur að utan tryggir lágmarksviðhald. Húsin eru með 45 fm sólríkum svölum. Húsin eru seld tilbúin til innréttingar. **VERÐ FRÁ 38,2 MILLJ. TIL 39,6 MILLJ. HÚSIN VERÐA TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17:00 - 18:30**

## Háhæð - mjög vönduð útsýniseign



Fallegt og mjög vandað 271 fm einbýli efst á hæðinni með glæsilegu útsýni til vesturs. Húsið skiptist í anddyri, fjögur svefnherbergi, stofu, borðstofu, arinnstofu, eldhús, tvö baðherbergi, þvottahús og bílskúr. Garðurinn er sérlega glæsilegur, fallega ræktaður með stórum timbur pöllum og fl. V. 84,0 m. 4748

## Miðleiti - eftirsótt saðsetning



3ja herbergja íbúð í eftirsóttri blokk, "Gimlisblokkinni". Íbúðin skiptist þannig: Hol, þvottahús, eldhús, borðstofa, svefnherbergi, stofa, svalir o.fl. Stæði í upphitaðri bílageymslu fylgir. Íbúðin er laus strax. V. 28,5 m. 4749

## Þverbrekka - 9. hæð útsýni



Nýkomin í sölu 104 fm 4-5 herbergja íbúð á 9. hæð (efstu) í góðu lyftuhúsi. Mjög mikið útsýni. Íbúðin skiptist í tvær stofur, eldhús, sérþvottaherbergi í íbúð, þrjú svefnherbergi, baðherbergi svo og tvennar svalir. V. 19,9 m. 4750

## Freyjugata - 2 samþykktar íbúðir



Vel staðsett 90,6 fm einbýli með tveimur samþykktum íbúðum. Húsið þarfnast endurnýjunar. Laust strax. Um er að ræða tvær 2ja herbergja íbúðir sem má selja í sitthvoru lagi eða sem heild. V. 16,0 m. 4743

## Bústaðavegur



Íbúð á efri hæð með sérinngangi í fjórbýlishúsi. Íbúðin skiptist í sameiginlegt þvottaherbergi í kjallara, lítið forstofuherbergi/geymslu, barnaherbergi, eldhús með borðkrók, baðherbergi, hjónaherbergi, stofu, borðstofu og ris sem er yfir allri íbúðinni. V. 20,5 m. 4747

## Vantar stórt einbýlishús í Þ-selum

Traustur kaupandi óskar eftir 300-400 fm einbýlishúsi í Þ-selum í Seljahverfinu. Góðar greiðslur í boði fyrir rétta eign. Allar nánari upplýsingar veitir Kjartan Hallgeirsson í síma 824-9093.

## Einbýlishús í hlíðunum óskast

Traustur kaupandi óskar eftir 250-300 fm einbýlishúsi í hlíðunum, t.d. við Háuhlíð eða Hörgshlíð. Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson í síma 861-8514

## Einbýlishús í Vesturbæ eða Þingholtunum óskast

Traustur kaupandi óskar eftir 250-350 fm einbýlishúsi í vesturborginni eða þingholtunum. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign. Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali í síma 861-8514

## Eldri borgarar



**Skúlagata - 8. hæð** Falleg og björt 60,2 fm tveggja herbergja útsýnisíbúð á áttundu hæð við Skúlagötu fyrir 60 ára og eldri, glæilegt útsýni yfir sundin og vestur yfir borgina. Sér bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni. V. 20,5 m. 4716



**Sléttuvegur - 55 ára og eldri** Mjög falleg og björt 3ja herb. 84,6 fm íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi fyrir eldri borgara með glæsilegu útsýni til sjávar og yfir Kópavog. Íbúðin skiptist í hol, stórt svefnherbergi, geymslu, baðherbergi, tvær samliggjandi stofur, eldhús og svalir með glerlokun. V. 31,9 m. 4699

## Einbýli



**Bakkastígur - virðulegt hús** Virðulegt einbýlishús í gamla vesturbænum. sem er 206,7 fm á þremur hæðum ásamt 8,4 fm útigeymslu, samtals 215,1 fm. Húsið er bárujárnsklætt timburhús byggt árið 1903. Eignin skiptist í tvær hæðir og kjallara. V. 59,0 m. 4648



**Bollagarðar - Seltjarnarnes** Glæsilegt einbýlishús með sjávarútsýni. Eignin skiptist í forstofu, hol/gang, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús, fjögur herbergi, sjónvarpshol, geymslu og baðherbergi. Endurnýjuð lóð með afgirtri verönd og heitum potti. Allar innréttingar, gólfefni og skipulag er hið vandaðasta enda hefur húsið allt verið endurnýjað á síðustu árum. V. 65,0 m. 4640



**Litlagerði - frábær staðsetning** Sjarmerandi einbýlishús við Litlagerði sem er vinaleg botnlangagata aftan við Bústaðakirkju. Um er að ræða töluvert endurnýjað hús á þremur hæðum. Mjög stór og góður 63,5 fm bílskúr fylgir eigninni. Garðurinn er stór, sólríkur og samgróinn skógarlundi í landi Reykjavíkurborgar. V. 49,9 m. 4334



**Dragavegur - endurnýjað** Vel staðsett 245 fm hús með tveimur íbúðum og bílskúr. Á efri hæð er 3-4ra herbergja íbúð og á neðri hæð er 3ja herbergja íbúð. Bílskúr er u.þ.b. 40 fm. Húsið er klætt að utan og hefur verið mikið endurnýjað m.a. innréttingar og tæki. Vel mögulegt að taka íbúð upp í sem greiðslu. V. 53,9 m. 7284

## Raðhús



**Sóleyjarrimi - nýlegt raðhús** Falleg og vel skipulagt 208,1 fm nýlegt raðhús á tveimur hæðum. Eignin skiptist í á neðri hæð; forstofu, gestasnyrtingu, tvær stofur og eldhús. Á efri hæð; fjögur svefnherbergi, sjónvarpsstofu, baðherbergi og þvottaherbergi. Mikil lofthæð er á neðri hæðinni. Hiti er í gólfum. Afgirtur hellulagður suðurgarður. Hiti er í hellulögðu bílaplani. V. 54,0 m. 4697

## Raðhús



**Sandakur - gott verð** Sérlega vel skipulagt og fallegt raðhús á skjólsælum stað á miðri Arnarneshæðinni. Tvílyft húsið er glæsilegt ásýndum þar sem það er ýmist klætt áli eða harðviði. Húsið snýr á móti suð- suðvestri þannig að það nýtur sólar allan daginn. Húsið er selt og afhent tilbúið til innréttingar. V. 41,0 - 43,0 m. 8071

## Hæðir



**Álfheimar - neðri sérhæð** 5 herbergja 122,7 fm neðri sérhæð ásamt 28,7 fm bílskúr. Eignin skiptist í anddyri, hol, gang, eldhús, stofu, borðstofu, þrjú herbergi, þvottahús og baðherbergi. Sérgeymsla í kjallara og sameiginleg þvottahús. Svalir með tveimur útgöngum. V. 29,0 m. 4567



**Rauðalækur - Eftir sérhæð og ris, útsýni.** Góð 193,7 fm efri hæð og ris með sérinngang í þríbýli við Rauðalæk í Reykjavík. Íbúðin hefur verið töluvert endurnýjuð. Þrennar svalir eru á íbúðinni. V. 49,0 m. 4734



**Foldarsmári - neðri sérhæð** Glæsileg 149,7 fm neðri sérhæð með sérinngang ásamt sérstæðum bílskúr í smárahverfi Kópavogs. Aðkoma að húsinu er mjög góð og er þar stórt upphitað bílaplan. Garður í góðri rækt og sér timburverönd fylgir hæðinni. V. 41,3 m. 4721



**Hólavallagata - við landakotstún** 178,9 fm neðri sérhæð auk 21,1 fm bílskúrs, samtals 200 fm. Hæðin skiptist í stórt hol, stórt svefnherbergi með baðherbergi innaf, tvær samliggjandi stofur og eldhús. Lítil stúdíóíbúð hefur verið stúkuð frá. Í kjallara er íbúðarherbergi með aðgengi að salerni. V. 44,0 m. 4292

## 4ra-6 herbergja



**Hamraborg - gott útsýni** Rúmgóð 4ra herbergja íbúð á 1. hæð. Íbúðin skiptist í stórt hol, stofu, eldhús, baðherbergi og þrjú svefnherbergi. Suður svalir eru á íbúðinni. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni. Í kjallara er sameiginleg opin bílageymsla þar sem allir íbúðirnar eiga stæði. V. 17,8 m. 4731



**Hagamelur - Möguleg auka íbúð** 4ra herbergja íbúð á tveimur hæðum í vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin er skráð 79,6 fm en þá er aðeins átt við neðri hæðina. Íbúðarherbegi með sérinngang fyrir ofan íbúðina er að sögn eiganda 13 fm. V. 21,9 m. 4727



**Kaplaskjólsvegur- Vesturbær** Góð ca 90 fm 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í versturbæ Reykjavíkur. V. 20 m. 4726

## 3ja herbergja



**Frakastígur - mikið endurnýjuð** Þriggja herbergja vinaleg risíbúð með sér inngangi auk sérrýmis í skúr sem hægt er að hafa sem sér herbergi. Alls er um að ræða 47,0 fm á hæðinni og 10,7 í skúrnum, samtals 57,7 fm. Góð timburverönd í garðinum ásamt heitum potti. V. 15,9 m. 4746



**Hrísrimi - barnvænt hverfi** Falleg og vel skipulögð 3ja herbergja 88,7 fm íbúð á jarðhæð með sér inngangi í barnvænu hverfi í Grafarvogi. Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi, geymslu, stofu og eldhús. V. 21,4 m. 7570



**Vitastígur - Hafnarfjörður** Vel staðsett 3ja herbergja íbúð í kjallara. Íbúðin skiptist í anddyri, stofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi og eldhús. V. 12,3 m. 4733



**Skúlaskeið - Hafnarfjörður** Um er að ræða 3ja herbergja íbúð í 4-býli, sem skiptist í forstofugang, baðherbergi, tvö svefnherbergi, stofu og eldhús. Í kjallara er gott geymsluherbergi með glugga (er ekki skráð inn í fermetratölu íbúðar) auk sameiginlegs þvottaherbergis. V. 13,5 m. 4732

## 2ja herbergja



**Boðagrandi - mikið útsýni** 2ja herbergja falleg íbúð á 7. hæð. Stórglæsilegt útsýni er úr íbúðinni. Mikil sameign fylgir m.a. sauna, hjólageymsla o.fl Húsvörður er í blokkinni. V. 15,9 m. 4736



**Næfurás- Einstakt útsýni** Góð 2- 3ja herbergja íbúð í Árbæ Reykjavíkur með einstaklega fallegu útsýni. Íbúðin er skráð 77,1 fm en er um 85 fm að sögn eiganda, en geymslan er óskráð. Íbúðin hefur verið töluvert endurnýjuð frá árinu 2007. V. 18,9 m. 4740

# EIGNAMIÐLUN Leigumiðlun

**Nýjar íbúðir í Akralandi í Garðabæ** Nýjar 2ja til 4ra herbergja glæsilegar íbúðir á Arnarneshæðinni. Nánari upplýsingar veitir Hilmar Þór Hafsteinsson löggiltur leigumiðlari í síma 824-9098 eða 588-9090. 8165

**Austurströnd** Góð 67,2 fm íbúð á 3ju hæð, en jarðhæð frá Nesvegi. Stæði í bílgeymslu fylgir. Verð: 100 þús 4654

**Smiðjuvegur - verslunarhúsnæði** Gott 495 fm verslunarhúsnæði á einni hæð við Smiðjuveg í Kópavogi. 4741

**Laufásvegur** 140 fm verslunar- eða skrifstofuhúsnæði á jarðhæð. Engin VSK kvöð. Verð 1.800 pr fm.

Stakfell | Grunnur að góðu lífi
Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk
:: 535_1000
Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
stakfell.is
Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali
Fax 535 1009



## Kópavogsbraut - Lúxus íbúðir

Þrjár nýjar íbúðir 130 og 134 fm á jarðhæð móti suðri og 195.8 fm á 1 hæð með inngangi frá götu. Íbúðirnar afhendast tilbúnar til innréttinga án gólfefna og með einni málaðri umferð. Húsið er fullfrágengið að utan, klætt svörtum flísum og hellulögð stæði og stígar. Eignin er í grónu, veðursælu hverfi í Kópavogi - stutt í sund, skóla og aðra þjónustu.



## Aðalþing - Raðhús - Útsýni.

261 fm raðhús með innb. bílskúr á fallegum útsýnisstað í Kópavogi. Eignin skiptist m.a. í 5 svefnh., 2 baðherb. Stofan, borðstofan og eldhúsið eru opið rými. Innrétting úr eik og að hluta hvít. Granít á borðum. Baðherbergi flísalagt með góðum sturtuklefa. Upphengt salerni og gott skápapláss. Skipti möguleg.



## Hólmatún - Einbýlishús

236 fm. einbýli á einni hæð þar af er bílskúr 57,2 fm. Eignin er 3 svefnh. auk hjónah. með sér baði og fataherbergi, stofu og eldhús. Eignin er fullfrágengin að innan sem utan og stendur á góðum stað við sjávarkambinn. Kamína er í stofu hússins. Stór timburverönd. Verðtilboð



## Ólafsgeisli - neðri sérhæð.

81,7 fm neðri hæð á útsýnisstað - þar af er bílskúr 24 fm - Eignin er öll vönduð með 2 svefnh., hjónaherbergi með fataherbergi og útgengi í garð, tölvuherbergi, þvottah., flísalagt bað, alrými með eldhúsi , stofu og sjónvarpshorni. Garðurinn er fallegur, mosi og lyng með berjum og opið út í fallega náttúru. Verðtilboð

# Fjölmargir möguleikar á makaskiptum



### kaftahlíð - 4ra herb.

119,0 fm íbúð ásamt 30,1 fm bílskúr sem skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, 3 svefnh., baðherbergi sem er endurgert og með tengi fyrir þvottavél og teppalagða stofu. Tvennar svalir. Í kjallara er sér geymsla með hillum og sameiginlegt þvottahús. Sameiginleg útigeymsla er undir tröppum. Bílskúr er með hita, rafmagni og vatni. Verðtilboð



### Arnarás - 4ra herb.

129,8 fm 4ra herbergja íbúð í Garðabæ. Sér inngangur, gaseldavél í eldhúsi og þvottahús í íbúð, stórar og skjólsælar svalir með fallegu útsýni. SKIPTI Á EINBÝLISHÚSI KEMUR TIL GREINA. Verð 35,9 millj



### Barmahlíð - 4ra herb.

106,3 fm 4-5 herbergja mikið endurnýjuð íbúð á efri hæð sem skiptist í 3 svefnherbergi, eldhús, flísalagt bað sem er nýlegt og með tengi fyrir þv+þu, borðstofu með aðgengi út á svalir (má breyta í herb.) og bjartri stofu. Geymsla í kjallara og stórt risloft yfir íbúðinni. Sameiginlegur snyrtilegur og gróinn garður. Húsið endurnýjað að utan fyrir 2. árum.



### Sílakvísl - Endaraðhús

4ra herb. 109,8 fm tvílyft raðhús. Á neðri hæð er stofa/borðstofa með útgangi út á stóra timburverönd með skjólveggjum, eldhús, gestasnyrting og geymsla. Á efri hæð eru þrjú rúmgóð herbergi og bað með þvottavélat. Risloft yfir hluta efri hæðar. Vel viðhaldin eign. Verð 29.9 millj.



### Básabryggja - Raðhús við sjóinn.

201,7 fm raðhús við Básbryggju í Bryggjuhverfinu. Húsið er á þremur hæðum og er með bílskúr. Eldhús og stofur eru á 2. hæð svalir eru úr stofunni með gríðarlegur sjávarútsýni.3. svefnh. auk hjónaherbergis með sér baði eru í húsinu. Ýmiss skipti



### Kúrland 19 - Raðhús í Fossvogi

300 fm tvílyft raðhús. Efri hæð: anddyri, stofa, eldh., 4 herb. og bað. Neðri hæð: forst., hol, 4 herb., bað, þvottah. og geymsla. Verðtilboð



### Bakkasel - Raðhús

264 fm tvílyft raðhús með kjallara í Seljahverfinu. 19,5 fm. bílskúr innif. fm. fj. Skjólsæll og fallegur garður. Hitalagnir að húsi. Lækkað verð 39.5 millj.



### Bakkastaðir - parhús

166 fm endaraðhús á einnig hæð, þar af 27,3 fm innb. bílskúr. Stór verönd með tjörn og gróin lóð. Verð 49,5 millj.



### Krókamýri - Parhús

171,7 fm parhús á þessum vinsæla og gróna stað í Garðabæ. Göngufæri við skóla og leikskóla. Neðri hæð er með stofum og eldhúsi og efri hæð með svefnherbergjum og baði. Skjólsæll garður með sólverönd. Bílskúr vel útbúinn. Verð 58 millj.



### Heiðarhjalli - Parhús með útsýni.

214 fm tvílyft parhús. Stofur, eldhús, gestasn. og herb. eru á efri hæð og á neðri hæð eru 3. svefnh., bað og 10 fm "spa" með potti sem ekki inn í fm fjölda. Garðurinn fallegur og skjólsæll m/ viðhaldsfrírri verönd. Verðtilboð.



### Fossagata - Hæð

Hæðin er 4ra herbergja hæð sem er 72,7 fm og 23 fm kjallara. Bakhúsið er alls ca 30 fm. og gefur góðar leigutekjur. Verð 29,9 millj.



### Berjarimi - 5 herb.

140.3 m2 þar af 29,3 fm stæði í bílageymslu, íbúðin er með 4 svefnh. og er á 1. hæð með verönd í vestur. Lækkað verð. Yfirtaka á lánum. Mán.gr. u.þ.b. 100 þús. Verð 24 millj.



### Næfurás - 3ja herb.

125 fm íbúð ásamt nýlegum 24.7 fm bílskúr, íbúðin skiptist í hol stofu og 2 svefnh., eldhús, bað og þvottah. Mikið útsýni. Verð 29.9 millj.



### Kirkjusandur - 3ja herb.

85 fm íbúð á jarðhæð með sólskála sem opnast með rennihurð út í garð. Allar hurðir eru breiðar og er gott aðgengi fyrir hjólastóla eða göngugrindur. Bílskýli. Líkamsrækt. Íbúðin er laus. Verð 24,9 millj.



### Laugavegur - 3ja herb.

78,2 fm flott íbúð á 4. hæð (efsta hæð) með mikilli lofthæð. Þar af 7,4 fm sér geymsla í kjallara. Íbúðin skiptist í forstofu, 2 svefnh, bað, eldhús og stofu. Útgengt á svalir frá eldhúsi. Verð 29,9 millj



### Vitastígur - 3ja herb

94.4 fm íbúð á efstu hæð auk 21.8 fm þvottah/ geymslu í kjallara. Stofan parketlögð. SA-svalir. Svefnh. parketlögð með skápum. Bað er flísalagt með baðkari . Verð 27 millj



### Leifsgata - 2ja herb

54,8 fm 2ja herbergja íbúð í hjarta Reykjavíkur. Eldhús upprunalegt en snyrtilegt. Bað var nýlega tekið í gegn. Rúmgott svefnherbergi og stofa. Verð 16.5 millj



### Melalind Kóp. - 2ja herb. Útsýni

63 fm íbúð á jarðhæð með 40 fm sólpall. Íbúðin er hol, bað, svefnh., stofu, eldhús og geymsla. Parket og flísar á gólfum. Verð 19.9 millj



### Rauðás - 2ja herb

53.7 fm íbúð með fallegu útsýni yfir Rauðavatn og Bláfjallahringinn. Eikarparket á gólfum. Sólpallur móti vsv. Lækkað verð 15,9 millj.

Stakfell.is | :: 535_1000

# sumarbústaðir

MÁNUDAGUR 18. MAÍ 2009




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Hilmar
Sölufulltrúi
S: 695-9500

RE/MAX LIND
Þórarinn Jónsson hdl. Löggiltur fasteigna- og skipasasli.



***STÓRLÆKKAÐ VERÐ ÚR 19.9M Í 16.9M***

RE/MAX Lind Hilmar kynnir fallegt 70 m2 fullbúið heilsárshús í landi Búrfells í Grímsnes- og Grafningshreppi. Húsið er mjög vel staðsett í hlíðum Búrfells með stórfenglegu útsýni yfir Álftavatn og Sogið. Lóðin er 7.530 m2 eignarlóð.

**SKIPTI SKOÐUÐ**

Bæjarlind 4, 201 Kópavogi - Sími 520 9500

EIGNAMIÐLUN Mosfellsbæ


Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali

10 ár í Mosfellsbæ

Sími: 586 8080 · Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · www.fastmos.is

SUMARHÚS

Klettsflöt - Húsafelli



Sumarhús við Klettsflöt í Húsafelli. 22,2 fm sumarhús + ca. 8 fm svefnloft (ekki skráð), heitt vatn, rafmagn, heitur pottur og sólpallur með skjólveggjum. Húsið var allt tekið í gegn að innan vorið 2007 og getur allt innbú fylgt. Sundlaugin, golfvöllurinn og verslunin í mjög stuttu göngufæri. **Öll skipti skoðuð (bíll, fellihýsi, hjólhýsi) V. 7,9 m. 4563**

Herjólfsstígur - Ásgarðslandi



Mjög flottur 112,8 fm sumarbústaður í byggingu við Herjólfsstíg 18 í landi Ásgarðs í Grímsnesi. Húsið er fullfrágengið að utan, klætt með liggjandi viðarklæðningu. Stór timburverönd að sunnan og vestanverðu með heitum potti. Að innan er húsið fulleinangrað og rakavarið, hitalagnir eru komnar ísteyptar í plötu. Flott tækifæri fyrir laghentan einstakling að koma sér upp glæsilegum bústað í sumar. **V. 21.9 m. 3504**

Meðalfellsvegur - m/bátaskýli



50,2 fm sumarbústaður ásamt bátaskýli rétt við Meðalfellsvatn í Kjós. Húsið stendur á 1.600 fm gróinni lóð á fallegum stað. Í húsinu er kalt vatn og rafmagn. Töluvert af innbúi fylgir með bústaðnum. Bústaðnum fylgir bátaskýli og bátur við Meðalfellsvatn. **V 11,9 m. 3760**

Auglýsingasími
512 5050



– Mest lesið




Í matjurtagarðinum rækta þau hjónin grænmeti og hinar ýmsu kryddjurtir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Gamall lampi speglast í blómaspegli.



Margrét gerir vettlinga með vattarsaumi, fornri saumaaðferð sem fáir þekkja í dag.



Jakob ber úrgang á á melana.

# Sveitafólk sem tók heilt fjall í fóstur

**Hjónin Margrét Jónsdóttir og Jakob Jakobsson hafa átt margar af sínum ljúfustu stundum í Sunnuhlíð, sínu öðru heimili á sumrin.**

Þegar blaðamann og ljósmyndara Fréttablaðsins ber að garði hjá hjónunum Margréti Jónsdóttur, fyrrverandi fréttamanni, og Jakobi Jakobssyni, fiskifræðingi og fyrrverandi forstjóra Hafrannsóknastofnunar, mæta þau húsbóndanum þar sem hann ýtir á undan sér hjólbörum. Hann er á leið að bera úrgang á melana utan við girðingu sumarhúss þeirra.

Um árabil hirtu þau Margrét og Jakob hey af hinum ýmsu lóðum í Reykjavík og báru á melana. Í dag eru þau ekki alveg jafn stórtæk en færa þó ævinlega allan úrgang af eigin lóð í Reykjavík upp eftir. Og húsfreyjan tók líka fjallið sem gnæfir yfir bústaðnum í fóstur fyrir tuttugu árum. Hún fékk ýmsa til að leggja sér lið við að græða fjallið. Á þeim tíma var það svart en nú er það farið að grænka mikið, sem auk græðslunnar er því að þakka að fellið hefur verið friðað.



Gatið úr stofunni inn í eldhúsið er vinsælt hjá börnum, enda tilvalið fyrir ýmsa leiki.

Sunnuhlíð er skammt frá Reykjavík. Þegar þangað er komið verður maður borgarinnar hins vegar ekki var. Það kunna þau hjón vel að meta og verða fegin vorinu ár hvert, þegar tími er kominn fyrir sveitina. „Við erum sveitabörn og eigum voðalega erfitt með að vera á malbikinu á sumrin,“ segir Margrét. Jakob tekur undir það og bætir við: „Og ég er nú sjómaður líka.“

Jakob eignaðist bústaðinn fyrir tæplega fjörutíu árum. Húsið er þó eldra og hluti þess er síðan fyrir stríð. Þann hluta endurbyggðu þau hjónin fyrir um tuttugu árum í nákvæmri eftirmynd hins eldri. Byggingarefnið var þó annað, en sá gamli var samansettur úr kassafjölum, klæddum með tjörupappa og bárujárni, eins og þá tíðkaðist. Nýrri hluti hússins er síðan frá 1950.

Oft hefur verið líflegt á sumarheimili þeirra hjóna, húsið fullt af börnum og barnabörnum og gestir velkomnir. Sjónvarp og tölvur fá hins vegar ekki að koma inn fyrir hússins dyr. Þau hjónin kjósa heldur félagsskap hvor annars, nágranna sinna og vina. Þau vilja þó ekki kannast við að slappa lítið af. „Nei, við erum óttalegir letingjar, njótum helst að sitja hér inni við arininn og drekka kaffi,“ segir Margrét.

Ekki var þó leti hjónanna meiri en svo þennan dag, að nú átti að fara í það verk að bera öll húsgögn út á hlað og þrífa húsið í hólf og gólf. Þannig hefst hvert vor hjá þeim Jakobi og Margréti. *- hhs*




Margrét með hluta af kassafjölunum sem notaðar voru í gamla bústaðnum.

# FOLD FASTEIGNASALA

**Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00**
**Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is**

**Viðar Böðvarsson** viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
Þjónustusími sölumanna eftir lokun **694 1401**

# SUMARHÚSIN SELJAST Á FOLD

- Nú er eftirspurn eftir sumarhúsum á verðbilinu 4-14 milljónir.
- Einnig erum við með kaupendur að sumarhúsum í nágrenni við golfvelli.

# Eignir vikunnar

## Sumarhús Grímsnesi á bakka Hvítár.



Húsið er með einstaka staðsetningu á mikið grónu eignarlandi með útsýni yfir ána.Tvö svefnherbergi, stofa og stórir sólpallar. Einstakt tækifæri til eignast hús á þessum frábæra stað Verð 22.0 millj. 8598

## Hestvík Þingvöllum:



Vandað sumarhús á einstaklega fallegum útsýnisstað á kjarrivaxinni lóð úr landi Nesja við Þingvallavatn. Bústaðurinn skiptist í stofu , 2 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi með sturtu auk svefnlofts. Hann stendur hátt á frábærum útsýnisstað. Einstakt tækifæri. Verð 24.9 millj. 8049

## Fossatún Borgarfirði.



90 fm heilsárshús á bakka Blundsvatns með fallegu útsýni yfir Baulu og Skarðsheiði. Selst í núverandi ástandi Góð staðsetning miðsvæðis í Borgarfirðinum. Veiði er í vatninu og góð tómstundaaðstaða í nágrenninu. Stutt í 18 holu golfvöll við Borgarnes. Hentar vel fyrir laghenta sem vilja innrétta eftir eignin smekk. 8268 Gott verð: 14.9 m

## Sumarhús og lóðir



**Borgarleynir - Grímsnesi.**
Tveggja hæða 164 fm heilsárshús með steyptri neðri hæð og bílskúr.Fjögur svefnherbergi og stór stofa.Góðir pallar,Stutt í sundlaug og golfvelli.Eignarlóð. 7225



**Úlfljótsvatn**
Falleg tæplega 1 hektar lóð með fallegu útsýni yfir Úlfljótsvatnið og til Hengilsins. V 7,2 millj7938



**Sumarhús í Kjós.**
Fallegur ca. 40fm. bústaður í landi Norðurnes. Bústaðurinn er á tveimur hæðum. Neðri hæð er með eldhúsi, stofu og svefnherbergi og upp í risi er hjónaherbergi m. barnarúm undir súð. Fallegur pallur er umhverfis hús með heitum potti. V. 12,5 millj. 8041



**Sumarhús -Grímsnesi.**
Sumarhús í landi Mýrarkots nálægt Kiðjabergi. Húsið skiptist í tvö svefnherbergi ásamt svefnlofti, stofa og eldhús í opnu rými og baðherbergi, alls er húsið 92,7 fm að stærð og á 1,38 hektara eignarlóð. Stutt í golf á Kiðjabergi og í Hraunborgum og sund í Hraunborgum og á Minni Borg. V. 22,9 millj. 8039



**Erum með úrval sumarhúslóða til sölu m.a. þessar:**
Eilífsdal, Kjós - Verð: 1,3 millj. (leigulóð)
Miðfell, Þingvöllum - Verð: 2,2 millj
Þórisstaðir, Grímsnesi - Verð: 2,5 millj.
Klausturhólar, Grímsnesi - Verð: 2,2 millj
Apavatn, Grímnesi - Verð: 2,9 millj
Langá, Mýrum - Verð: 3,5 millj
Laugavatni - Verð 5,9 millj.j



**Sumarhús skammt frá Reykjavík:**
Ca. 60 fm. gott sumarhús og gestahús á mjög fallegum stað í Eyrarskógi, nálægt Hvalfirði. Áhvílandi tæpar 7 millj..
Verð aðeins 10,9 millj.



**Heilsárshús Þingvöllum:**
Fallegt hús vel staðsett nálægt vatninu í Miðfellslandi á Þingvöllum. Húsið sem er með óskráðri viðbyggingu um 70 fm. skiptist í 3 svefnherbergi, stofu, eldhús og bað. Verð: 14,9 millj.8246

# Eignir vikunnar

## Sumarhús Brekkuskógur



Vandað ca.97 fm nýtt sumarhús á einstaklega fallegri kjarrivaxinni lóð. Bústaðurinn skiptist í stofu , 2 svefnherbergi, eldhús, baðherbergi með sturtu auk svefnlofts. Húsið stendur á fallegum stað með mikilli fjallasýn og er með vönduðum innréttingum og húsgögnum sem fylgja með. Áhvílandi ca. 18 milljónir. Verð 20.9 millj. 8517

## Leirubakki - Landsveit.



Ca. 7000 fm lóði í fallegu kjarri vöxnu hrauni við Ytri-Rangá í landi Fjallalands, við eina fallegustu bergvatnsá landsins. Verð 2,5 millj. Möguleiki að fá keyptar 2 lóðir hlið við hlið með magnafslætti. (8214)

## Sumarhús Syðri Brú:



Fallegt tæpra 70 fm. heilsárshús á eignarlóð. Í húsinu er rafmagn, vatn og hitaveita og er það smekklega innréttað. Rólegt svæði með góðri staðsetningu þar sem stutt er í ýmsa útivist. Lækkað verð Áhvílandi langtímalán um 16,3 millj Verð 19,9 milljónir 8052

## Sveitasetur í Biskupstungum.



Heilsárshús að Syðri Reykjum í Biskupstungum, alls 162 fm að stærð. Eignin er á tveimur hæðum. Glæsilegt útsýni frá stofu sem er með stórum gluggum. Um 100 fm pallur er umhverfis húsið og einnig afgirtur heitur pottur. Þrjú svefnherbergi eru á hæðinni. Baðherbergi er flísalagt og með gólfhita, þar er einnig sturta og tengi fyrir þvottavél ásamt vandaðri baðherbergisinnréttingu. Óklárað rými á neðri hæð með ýmsum möguleikum. Verð 34.9 millj. 8056 Sjá nánar á www.fold.is

## Grímsnes Hallkelshólar



Vandað nýtt ca. 70 fm sumarhús á steyptum grunni. Húsið er á 1 hektara eignarlandi. Stór stofa og 2 svefnh. Innbú fylgir. Steypt plata með hitalögnum.Tveir golfvellir og sundlaug í grend. Framtíðareign á eignarlóð. Innbú fylgir. Verð 19.9 millj skipti möguleg á íbúð. 7040



Sumarhús - Borgarfirði.
75 fm hús auk 16 fm gestahúss. á 1,2 ha. leigulandi á fllegum stað í landi Stóra Fjalls í Borgarfirði Eignin afhendist fokheld. Fallegt kjarrivaxið land með miklu útsýni. Góð staðsetning Lækkað verð 9,9 millj Tilvnr. 8267



**Sumarhús - Eystri Rangá.**
Gott 106 fm heilsárshús. Tvö svefnloft og góð herbergi, sólpallur. Heitur pottur. Vandað hús á eins hektara leigulóð. Verð 24,9 millj.8515



**Sumarhús Geysi-Haukadal**
Ca. 98 fm. glæsilegt heilsárshús fallega staðsett á 0,7 ha. eignarlóð. Gólfhiti er í húsinu og allar innréttingar hinar glæsilegustu. Stór verönd. Fallegt umhverfi. Verð 24,9 millj.Tilvnr. 8616



**Sumarhús-Laugavatni.**
Mjög vel staðsett ca. 44fm. sumarhús á grónu eignarlanndi á fallegum útsýnisstíð á hálfs hektara eignarlandi í hlíðinni í landi Snorrastaða við Laugavatn. Fallegt umhverfi og stutt í alla þjónustu. Ásett verð 19,9 millj.



**Apavatn - Grímsnesi.**
Húsið stendur stutt frá vatnsbakkanum á 0,5 hektara eignarlandi. Tvö svefnherbergi. Rúmgott baðherbergi með sturtuklefa. Eldhúsið með fallegri innnréttingu og eldvél/ofn. Stofa er björt og rúmgóð. Mikill trjágróður. V14.9 m (8061)

Hvað kostar eignin mín? – Kíktu á **www.fold.is** – eða hafðu samband í síma **552 1400 / 694 1401**

## Bændur - sumarhúsaeigendur



Bjarnastaðir ehf er að hefja rekstur á jarðbor. Borum meðal annars eftir heitu og köldu vatni.

**Upplýsingar gefur Júlíus í síma 864 3313**



## FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Óskum eftir öllum stærðum og gerðum sumarhúsa og sumarhúsalóða á söluskrá.**







**BJÁLKAHÚS / GESTAHÚS TIL FLUTNINGS**
**Tilvalin fyrir ferðaþjónustu**

Fullbúin hús m/öllu, eldunaraðstöðu, salerni, sturtu, allar pípulagnir komnar, ofnar og raflagnir.

**Stærðir 15, 20 og 25 fm.**
**VERÐ FRÁ KR. 1,6 millj.**

**Hafið samband við EINAR í síma 898-9665**





**Hannes Steindórsson kynnir:**

Mjög fallegur og hlýlegur 42 fm sumarbústaður í Hraunborgum í Grímsnes og Grafningshreppi.Lóðin er 0,5 ha leiguland, í góðum trjálundi ,mikill veðursæld. Húsið er í góðu standi. Í húsinu eru 2 svefnherbergi, og baðherbergi með nýju salerni og sturtu.Eldhúsið og stofan eru saman í rými ný eldhúsinnrétting. Nýr góður pallur er við húsið sem snýr í suðurátt um 50fm að stærð. Rafmagnspottur er við húsið .Geymsluskúr er á lóð og er hann 9 fm, en hann ekki fullbúin að utan . Rafmagn er í húsinu og 200 lítra hitakútur.

**Allar upplýsingar veitir: Hannes Steindórsson s699-5008**




Letileg sumarbústaðatilvera nær hámarki í hengirúmi. Þetta fæst í Ikea á 7.990 krónur.



Púðar eru þarfaþing og auka á notalegheitin. Þessir fást í Ikea á 1.490 krónur stykkið.



Fátt er sveitalegra en bútasaumsteppi. Þetta fæst í Ilvu og kostar 9.900 krónur.



Heitir sumardagar kalla á kalda hressingu á borð við íspinna. Þessi íspinnabox fást í Ikea á 295 krónur.



Sólina er gott að sleikja í sólstól sem þessum. Hann er á hjólum, er stillanlegur og með útdraganlegum bakka. Fæst í Ilvu og kostar 34.900 krónur.

# Góðir dagar í bústaðnum

**Tími sumarbústaðaferða gengur senn í garð. Gott er að skipuleggja sig vel áður en lagt er af stað og hafa með sér nokkra hluti sem auka á notalegheitin.**

Á þeim tíma er sólin aldrei sest flykkjast Íslendingar í sveitasæluna. Margir eiga eigin bústaði en flestir reyna að leigja þá í eina til tvær vikur yfir sumarið.

Heilmikið umstang fylgir því að flytja heila fjölskyldu út á land. Pinklum og töskum er troðið í bílinn og svo er rennt af stað. Til að gera bústaðadvölina sem ánægjulegasta er gott að huga að smáatriðunum. Börnin þurfa að hafa eitthvað við að vera og hinir fullorðnu þurfa að láta fara vel um sig. Hér má sjá nokkra hluti sem gera sumarbústaðaferðina að notalegri upplifun.



Börnin skemmta sér vel í sætu tjaldi sem þessu. Það fæst í Rúmfatalagernum, fæst í nokkrum litum og kostar 1.690 krónur.



Badminton er afþreying bæði fyrir börn og fullorðna. Þetta badmintonsett fæst í Rúmfatalagernum á 399 krónur.


## Stórar eignalóðir fyrir frístundabyggð í landi Kílhrauns í Skeiða- og Gnúpverjahreppi



*Komdu og veldu þér þinn eigin sælureit*
*Frábær fjallasýn • Góð greiðslukjör*

**www.kilhraunlodir.is**

**Sölumenn veita nánari upplýsingar í síma 824 3040 og 893 4609**



**Auglýsingasími**

512 50 50




– Mest lesið

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**kjoreign@kjoreign.is**

Kjöreign ehf

OPNUNARTÍMI MÁN-FÖS KL. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is



**LÆKJASMÁRI, - KÓP.**
Falleg 4ra herbergja íbúð um 113,3 fm. á 3.hæð í lyftuhúsi. Suður svalir. Gott útsýni. Sér þvottahús í íbúð. Vandaðar innréttingar og gott skápapláss. Laus fljótletlega. Verð: 27.0 millj.



**LYNGBREKKA – KÓP.**
Efrisérhæð um 110,6 fm. í góðu tví-býlishúsi. Sérinngangur. Rúmgóð íbúð með fjórum svefnherbergjum. Frábært útsýni yfir Fossvogsdalinn og til Esjunn-ar. Laus fljótlega. Verð: 27,5 millj.



**LÓMATJÖRN – NJARÐVÍK:**
Nýlegt og huggulega innréttað einnar hæðar raðhús með innbyggðum bílskúr og sér garði í suður. Stærð alls er 156.0 fm. Hellulögn framan við húsið með snjóbræðslu. Ath. Möguleg skipti á 3ja til 4ra herb. Íbúð í Reykjavík og nág. Verð: 32,0 millj.



**IÐUFELL, - RVÍK.**
Rúmgóð 2ja herb. Íbúð á 3.hæð í fjölbýli. Stærð 68,2 fm. Yfirbyggðar svalir í suður. Íbúðin er laus strax. Verð 12,5 millj.

**Erum einnig með nýjar glæsilegar íbúðir við Kópavogstún og Gulaþing í Kópavogi. Einnig nýjar búðir við Sóleyarrima í Rvík.**

Fjöldi fasteigna á söluskrá, Netfang okkar er - kjoreign.is
Dan í síma 896-4013 og Ólafur 896-4090

Dan V.S. Wiium
hdl., og löggiltur fasteignasali

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

FASTEIGNASALAN
**fasteign.is** SÍMI 5 900 800
Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali.

## MELABRAUT – SELTJ.NESI



Erum með í sölumeðferð fjórar glæsilegar 4ra herb. hæðir í þessu húsi á besta stað á Nesinu.



- Sérinngangur í íbúðirnar og eru íbúðir neðri hæðar með 32 fm sérgarði og efri hæðir með 18 fm suðvestursvölum.
- 4ra herb.neðri hæð 114 fm ásamt hjóla og vagnageymslu
- 4ra herb.efri hæð 118 fm ásamt 27 fm bílskúr, hjóla og vagnageymslu.



***Íbúðirnar eru til afhendingar í haust fullbúnar með eða án gólfefna.***
***Húsið fullbúið að utan, lóðin og bílastæðin.***

**Uppl. gefur Ólafur B Blöndal, lgf. hjá fasteign.is**

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

**Auglýsingasími**
**512 50 50**




– Mest lesið

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ **Markviss leit**
Nýr hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ **Bregðumst fljótt við**
Okkar aðalsmerki eru skjót viðbrögð og lögð er áhersla á að flýta ráðningarferlinu eins og unnt er.

■ **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmanna-mála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.




» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is


Hulda Helgadóttir


Sigurborg Þórarinsdóttir


Kristín Hallgrímsdóttir


Jón Ragnarsson

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting, tjaldsvæði, salur f. hópa. www.borgarvirki.com info@borgarvirki.com

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet - Silunganet**
Flot- og sökknet. Mikið úrval. Heimavík. Sími 892 8655.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




Íbúðir og atvinnuhúsnæði til leigu í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni. www.lmh.is sími 517-0150

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**




**www.heimkynni.is**
**Til leigu 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

2 herb. íbúð til langt. leigu í árbænum. Leigist m. eða án húsgagna. Hiti og rafmagn innf. 90þ. á mán. s. 690 9996.

Til leigu ný 2ja herb. íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 897 9390 og 896 1306.

**Nálægt HÍ**
2 herb. íbúð til leigu hjá Háskóla Íslands. Sérinngangur. Leiga 78 þús. per mánuð með hita. Sími: 899 6221

Herbergi í neðra Breiðholti til leigu m. aðgangi að snyrtingu. Uppl. í s. 617 7223 & 566 7960.

DO YOU NEED A ROOM FOR RENT w/ furniture near KRINGLAN and BREIÐHOLT 8973611

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3 herb. íbúð Frá 1 júlí A.t.h óska eftir langtímaleigu, eingöngu í Grafarvogi. Leigugeta 90-115 Þús. Öruggum greiðslum heitið Uppl. Í síma 772 6658 eða 822 3818 eftir kl. 17:00.

ÓSKASTAÐSETNING ÁRTÚNSHOLT 110 RÚMLEGA FIMMTUG HJÓN MEÐ 10 ÁRA DRENG, LEITA AÐ LANG'TIMA LEIGU Á EINBÝLI/RAÐ/PARHÚS. FRÁ OG MEÐ 1 JÚLÍ 2009. POTTÞÉTT MEÐMÆLI, BANKATRYGGING OG FYRIRFRAMGREIÐSLA. SKOÐUM SVÆÐI 108-109-110-111-112-113-200-201-202-203-210. SENDIÐ UPPLÝSINGAR Á ingibjorgth@simnet.is EÐA HRINGIÐ Í SÍMA 891 9218 INGIBJÖRG.

## Sumarbústaðir

Sumarbúst. á besta stað í HÚSAFELLI til leigu í sumar. s. 895 6156.

Til leigu sumarhús við Brúará. Svefnpláss fyrir 8 manns. Heitur pottur. Lausar vikur í maí og júní. Verð per vika 95þús. Uppl. á maggahronn@gmail.com eða í s. 848 8881 e.kl. 20

## Atvinnuhúsnæði

**Fyrir innlendan iðnað**
1.706 m2 framleiðsluhús á Eyrarbakka. Raf.inntak 1.200 amp Starfsm.aðstaða. Útisvæði og fl. Hagstæð leiga. S. 661-6800

Atvinnuhúsnæði í Hafnarf.til leigu. 168 m2, fullbúið, stór hurð 4,2x4,2, stórt útisvæði. S: 660-1060

Geymsluhús óskast 12-20 fm færanlegt hús óskast til kaups eða leigu í 3 mánuði. Þarf að vera snyrtilegt að utan. Upplýsingar í síma 8600322 eða agnar@re.is

## Geymsluhúsnæði




Óska eftir c.a. 4 bretta plássi í fyrstigeymslu og c.a. 3 bretta pláss í kæligeymslu. Uppl. s. 895 0821 eða p.sig@simnet.is.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Bílskúr

Óska eftir bílskúr til leigu, traustar leigur. Uppl. s. 615 3659 - Jón.

## Gisting

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Vantar góða og trausta starfsmanneskju í hlutast. á grillst. í Vesturb. Helst ca 40-50 ára. S. 823 8458.

Málmiðnaðarfyrirtæki óskar eftir að ráða: Vana sandblásara, járniðnaðarmenn og verkamenn. Mikil vinna framundan. Upplýsingar í síma 863 6229 og 897 9743.

Við leitum af jákvæðum, drífandi einstaklingum í árangurstengt sölu og markaðsstarf. Áhugasamir hringi í S: 512-1604

Duglegir dreifingaraðilar óskast. JenFe Orkuskot S. 660 7753 orkuprof@gmail.com

**Kjötskurðarmaður**
Vanur kjötskurðarmaður óskast til sumarafleyisnga. Uppl. í s. 699 1705, Gæðafæði ehf.

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Nýr IPod touch silfurlitaður í rauðu hulstri tapaðist sunnud. 10. maí við Snæland Setb. eða Drekav. Fundarlaun í boði. Uppl. s. 862 2805.

Hitachi borvél tapaðist úr bíl á ferð við Fjarðarkaup í Hafnarfirði, föstud. 15 maí. Hafið samband í S.8604484 ef þið getið hjálpað eða hafið hana undir höndum.

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**Símadömur**
**Við erum tvær sem viljum tala við þig, erum mjög heitar. Láttu heyra í þér !**
**S. 908 6666 & 908 2000.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)



**Sexychat.is**
Sexychat.is er vandaður, nokkuð djarfur og mjög myndrænn vefur fyrir fólk sem vill sýna sig, spjalla og kynnast. Almenn áskrift er ókeypis. Fleiri áskriftarleiðir bjóðast, einnig fyrir djarfasta fólkið. Vertu æfinlega velkomin/n. Sexychat.is.

## Tilkynningar

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 40 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. maí 2009, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2009 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. maí 2009, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 40 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 18. maí 2009.

Tollstjórinn
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli



# Allir komast í vitann sem vilja

Aðgengi að Garðskagavita hefur verið bætt til muna.

Garðskagaviti er vinsæll áfangastaður ferðamanna. Undanfarið hefur verið unnið að því að gera aðkomuna að gamla vitanum aðgengilegri fyrir alla. Ferðamálasamtök Suðurnesja létu vinna verkið fyrir styrk frá Umhverfissjóði Ferðamálastofu.

Ætlunin er að lagfæra aðgengi að 20 ferðamannastöðum á Reykjanesi, en það er opinber stefna í sveitarfélaginu að gera sem flesta áfangastaði ferðamanna aðgengilegri fyrir alla. Næsta verkefni er að bæta aðgengi að Gunnuhver á Reykjanesi og að Valahnjúk.

Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri og Oddný Harðardóttir bæjarstjóri klipptu á borðann á dögunum með aðstoð Róberts Arons og opnuðu þannig aðgengi allra að Garðskagavita. - sg



**VINSÆLL ÁFANGASTAÐUR** Erlendum ferðamönnum þykir eftirsóknarvert að heimsækja Garðskagavita. Aðgengið hefur verið bætt til muna.



**NÁM Í SJÁLFSSKOÐUN** Edda Ólafsdóttir félagsráðgjafi og einn af skipuleggjendum náms í málefnum innflytjenda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

UM MÁLEFNI INNFLYTJENDA

# rýnni þörf

sjálfsskoðun í námi með þessum hætt er eflaust mjög nýtt fyrir mörgum,“ bendir hún á.

Undirbúningur að náminu hófst fyrir um tveimur árum. Edda hefur komið að honum sem fulltrúi á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða ásamt öðrum sem í sínu starfi tengjast þessum málaflokki með einhverjum hætti. Hópurinn hefur hist reglulega á tímabilinu til að þróa og skipuleggja námið í samstarfi við ýmsa sérfræðinga, sem hann hefur kallað til. Edda segir að púlsinn á málefnum innflytjenda hafi þar af leiðandi verið tekinn á víðtækum grunni og þarfirnar greindar. „Það hefur verið sérlega ánægjulegt að fá tækifæri til þess að þróa þessa námsbraut,“ segir hún.

Afrakstur vinnunnar er eins og áður sagði ný námsbraut í málefnum innflytjenda á meistarastigi. Um er að ræða tveggja missera 45 (ECTS) einingar nám. Það verður einnig hægt að taka í fjarnámi. Allar nánari upplýsingar er að finna á vef Endurmenntunar Háskóla Íslands, www.endurmenntun.is.

vala@frettabladid.is



**STÓRSKÁLD** Nú eru 120 ár liðin frá fæðingu Gunnars Gunnarssonar. Í tilefni af því verður málþing helgað skáldinu haldið í Þjóðarbókhlöðunni í dag. MYND/GUNNARSSTOFNUN


Gott í MATINN




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA –09-0192

## SÓSUKOKKAR ATHUGIÐ!

Nú eru gráðaostur og piparostur fáanlegir í handhægum plastöskjum. Sparaðu tíma og fyrirhöfn við að rífa niður þessa sígildu sósuosta og galdraðu fram fljótandi meistaraverk.

## Kjúklingur MEÐ SINNEPSSÓSU OG SÆTKARTÖFLUGRATÍNI



**KJÚKLINGUR**

- 6 stk. kjúklingabringur
- 3 dl sýrður rjómi
- 2 msk. sætt sinnep
- 1 msk. dijon sinnep
- 3 dl kornflögur
- salt og nýmulinn svartur pipar

**SÆTKARTÖFLUGRATÍN**

- 1 kg sætar kartöflur
- 1 stk. meðalstór laukur
- 100 gr. beikon
- 4 dl rjómi
- 100 gr. piparostur rifinn
- 200 gr. gratínostur
- salt

Takið skinnið af bringunum og setjið í smurt form kryddið með salti og nýmuldum svörtum pipar. Blandið saman sýrðum rjóma og sinnepi og smyrjið yfir kjúklinginn. Stráið því næst muldum kornflögum yfir svo þær hylji kjúklinginn vel . Bakið við 185° í u.þ.b. 30 mín eða þar til bringurnar eru gegnumsteiktar. Berið fram með sætkartöflugratíni og fersku brokkolí.

Skrælið og skerið sætar kartöflur í teninga og saxið laukinn. Setjið í eldfast mót. Steikið beikon á pönnu og hellið rjóma yfir, bætið í rifnum piparosti, blandið vel saman, hellið rjómablöndunni yfir kartöflurnar og stráið loks gratínosti yfir. Bakið við 175° í 30–40 mín.



Við sósugerð er mikilvægt að hræra alltaf með jöfnum hraða og mynda áttu með sósupískinum. Þannig næst árangur.

www.ms.is/gottimatinn

**Aðalfundur** verður haldin í Neskirkju við Hagatorg
20. Maí næst komandi kl.: 20:00 í fundarherberki í kjallara.
Venjuleg aðalfundarstörf,
stjórnin. nydogun@nydogun.is



NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð






NOKKUR ORÐ
Þórunn Elísabet Bogadóttir

# Langmesti sigurinn

Loksins er Eurovision-brjálæðinu lokið og pistlum eins og þessum fer snarlega fækkandi í kjölfarið. Á hverju einasta ári fer fram þetta samsæri ríkissjónvarpa í Evrópu um að pína íbúa viðkomandi landa til þess að horfa á keppnina þeirra. Samsærið felst í því að gera fólki það nánast ómögulegt að verða ekki vart við keppnina og keppnislögin svo að þegar loksins kemur að keppninni er varla annað hægt en að horfa. Þrátt fyrir að fólk leggi sig virkilega fram við að fylgjast ekki með gengur það sjaldnast upp, allavega á Íslandi. Svo kannski er best að sætta sig bara við það og taka þátt í gleðinni.

Ég horfði á keppnina og skipti á milli íslenska og breska ríkissjónvarpsins. Þegar kom að Íslandi kynnti breski þulurinn hina ungu og stórglæsilegu Jóhönnu á sviðið. Hann sagði lagið eiga verulega möguleika á sigri, en vegna kreppunnar á Íslandi hefðu greinilega ekki verið til peningar fyrir búningum svo mamma Jóhönnu hlyti að hafa gramsað í skápunum sínum og fundið gamlan brúðarmeyjarkjól. Það hlaut auðvitað að koma að minnsta kosti eitt kreppudjók, en þau urðu fleiri. Þegar atriðið var búið átti kynnirinn ekki orð yfir það hversu frábært þetta var. Íslendingar hlytu að gera sér miklar vonir um velgengni í keppninni – svo lengi sem þeir ynnu ekki. Það er nefnilega mergurinn málsins, þó það sé ekki líklegt til vinsælda á Íslandi. Við höfum aldrei haft efni á því að vinna keppnina, en í ár hefði sigur líklega verið banabitinn. Í þetta skiptið er annað sætið því í alvörunni langmesti sigurinn.



## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**MYNDLIST** Hrafnhildur Arnardóttir er komin heim með ný verk sem hressa áhorfandann eins og jafnan er með verk þessarar skemmtilegu listakonu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ofið í mannshárið

Hrafnhildur Arnardóttir er komin heim og opnaði sína fyrstu sýningu hér á landi í galleríi i8 á laugardaginn en sýningin er framlag þeirra í i8 til Listahátíðar. Hrafnhildur er búsett í New York þar sem hún starfar jöfnum hönd undir nafninu Shoplifter – Búðarþjófur.

Auk þess að hafa sýnt víða á alþjóðavettvangi hefur Hrafnhildur tekið þátt í nokkrum samsýningum á landinu hin síðustu ár og þar hefur hár verið henni hugleikinn efniviður. Skemmst er að minnast plötu Bjarkar Guðmundsdóttur, Medúlla, en myndir voru fyrr á öldum unnar úr mannshári sem var þá eins og nú söluvara fátækra kvenna. Margar íslenskar konur stunduðu það þá að selja hár sitt, en hár var þá aðallega notað í hárkollur en líka sem þráður og efni í vef í myndlist. Þangað sækir Hrafnhildur hefðina.

Á sýningunni í i8 gallerí verða til sýnis glæný verk sem sumpart byggja á þeirri textílhefð sem hún hefur þróað undanfarin ár en um leið er greinileg stefna tekin í átt til upprunans. Hrafnhildur var menntuð í Myndlista- og handíðaskólanum gamla og vann þá einkum í málverk. Í vinnslu hennar með vef má sjá greinilegar tilvísanir í abstrakthefðir málverks og teikningar tuttugustu aldar, bæði expressjónisma, geómetríu og minimalisma. Margt í áferð verkanna minnir á hluta af lífsverki Ásgerðar Esterar Búadóttur sem vann sín verk mikið í hár. Hrafnhildur vinnur með þessar módernísku hefðir með skírskotun í handverk, hönnun og skreytilist. Á sýningunni verða verk unnin beint á vegg, lágmyndir, teikningar og ljósmyndir en minnisstæðar eru ljósmyndir sem hún hefur sýnt hér sem sumar vísuðu beint í superrealismann.

Í viðtali við Rafskinnu, tímarit um listir í fyrra sagði hún enda: „Ég leyfi mér að vaða milli listgreina og tengi öll mín áhugasvið og þráhyggju myndlistinni. Ég hef unun af því að vera á gráu svæði og hleypa því að sem mér finnst koma verkunum við, enda er það í eðli mínu að halda sem flestum dyrum opnum og rannsaka farvegi sem í fljótu bragði virðast ekki eiga heima í myndlistinni en smjúga svo þangað á endanum. Ég get stundum ekkert gert að því, það er eins og efniviður og hugmyndafræði velji mann en ekki á hinn veginn.“

Hrafnhildur Arnardóttir sýndi síðast hér á landi á sýningum í Listasafni Reykjavíkur, Pakkhús postulanna, 2006 og ID – Lab, 2008. Þá hafa verk hennar verið mjög sýnileg undanfarið í New York. Í samstarfi með tónskáldinu Nico Muhly vann hún að uppsetningu verks í The Kitchen, 2008, tók þátt í samsýningunni It’s Not Your Fault í Luhring Augustine-galleríinu, sama ár og á nú verk til sýnis í MOMA-listasafninu sem hún vann í samstarfi með Assume Vivid Astro Focus þar sem saman er stefnt verkum hennar úr hári og ljósatúbum.

Sýning Hrafnhildar Arnardóttur í i8 gallerí er hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík og sýningarstjórn er í höndum Markúsar Þórs Andréssonar.

pbb@frettabladid.is










## > ÉG ER EKKI FEIT

Leikkonan Miley Cyrus er ósátt við að fólk sé að velta sér upp úr útliti hennar og segja að hún sé feit. Í síðustu viku birtust myndir af henni á bikiní á Bahama-eyjum þar sem hún þótti hafa bætt á sig. „Ég er venjuleg stelpa og hef mína galla. Það er eitt og annað sem ég mætti laga en hættið að kalla mig feita,“ segir hún.



# Fólk

folk@frettablad

# Federline vill komast í form

Kevin Federline hefur nánast ekkert komist í fréttir eftir að fyrrverandi eiginkonan náði sæmilegri geðheilsu. Nú eru bandarískir fjölmiðlar hins vegar farnir að veita honum meiri athygli þótt fréttaefnið sé Federline ekki að skapi. Því dansarinn er í stað K-Fed kallaður Feiti-Fed.

Hann er sagður hafa bætt á sig 25 kílóum síðan hann og Britney skildu árið 2006.



**FEITUR** Kevin Federline þykir nokkuð mikill um sig þessa dagana en hann er að taka sig á.

En nú hefur Federline ákveðið að setja sér stólinn fyrir dyrnar og mætir í líkamsræktina á hverjum degi. „Kevin hefur aldrei verið mikið fyrir líkamsræktarstöðvar, hann hefur haldið sér í formi með því að dansa. Nú er hann hins vegar mættur á hverjum degi og rífur í lóðin þrjá tíma í senn.“

Af fyrrverandi eiginkonunni er það hins vegar að frétta að fyrrverandi samstarfsmenn hennar reyna nú af öllum mætti að fá nálgunarbanni á sig hnekkt. Fyrst var það umboðsmaðurinn Sam Lufti og nú er það lögfræðingurinn Rob Eardly. Hann krefst þess að nálgunarbanninu verði aflétt og því má ljóst vera að andlit Britney Spears verður eitthvað lengur í blöðunum fyrir annað en bara tónlist.



**FYRIR DÓMSTÓLUM** Sagan endalausa um Britney Spears virðist engan endi ætla að taka.

# Flottur pakki

Í ár eru liðin 40 ár síðan hljómsveitin Trúbrot steig fyrst á svið og af því tilefni hefur öllum fjórum plötum sveitarinnar verið safnað saman í viðhafnarútgáfu. Með öskjunni sem hýsir plöturnar fjórar fylgir 52 blaðsíðna bók sem rekur sögu Trúbrots í máli og myndum.

Trúbrot var ofursveit stofnuð upp úr Hljómum og Flowers. Í upphaflegri útgáfu voru Gunnar Þórðarson, Rúnar Júlíusson, Karl J. Sighvatsson, Gunnar Jökull Hákonarson og Shady Owens, en það var nokkur hreyfing á mannaskipan og þeir Gunni og Rúnar voru einu meðlimirnir sem voru í sveitinni á öllum fjórum plötunum. Magnús Kjartansson kom inn á plötu númer tvö og var atkvæðamikill í sveitinni eftir það.

Þegar Trúbrot varð til höfðu erlendar poppsveitir verið að þróa sína tónlist yfir í flóknari og framsæknari hluti. Trúbrot var stofnuð undir áhrifum frá þeim hræringum og lagði mikinn metnað í lagasmíðar og útsetningar. Á fyrstu plötunni voru sjö lög eftir Gunnar Þórðarson og fjögur tökulög í mjög breyttum útsetningum, þeirra á meðal var útgáfa Karls J. Sighvatssonar á Pílagrímakórnum úr Tannhäuser eftir Wagner með texta eftir Þorstein Eggertsson. Sú útgáfa fór fyrir brjóstið á mörgum og siðapostular Ríkisútvarpsins gengu svo langt að rispa lagið á þeim eintökum sem stofnunin átti.

Það er margt hreint stórkostlegt á þessari fyrstu plötu Trúbrots þó að hún sé ekki fullkomin. Lagasmíðarnar eru sumar magnaðar, útsetningarnar eru flottar og það eru tilþrif í spilamennskunni, en textar Þorsteins Eggertssonar við lögin Konuþjófurinn og Afgangar sýna að sveitin var komin styttra á leið textalega heldur en tónlistarlega. Á fyrsta disknum eru líka lögin af smáskífunum tveimur sem komu í kjölfarið og eru báðar hrein snilld. Önnur platan Undir áhrifum er heilsteyptari en frumsmíðin. Textarnir eru á ensku og nú eftir hljómsveitarmeðlimi sjálfa og tónlistin er undir miklum áhrifum frá bandarískum hippasveitum eins og CSN&Y. Fín plata. Þriðja platan, hin margrómaða ...lifun hefur að geyma þemaverk sem sveitin frumflutti á tónleikum í Háskólabíói í mars 1971. Frábært verk sem stendur vel fyrir sínu enn í dag. Lokaplata Trúbrots, Mandala, er svo sísta plata sveitarinnar. Það er svolítið eins og vindurinn sé aðeins farinn úr mönnum þó að á henni séu nokkur ágæt lög.

Trúbrot var fyrsta íslenska ofursveitin og án efa ein af merkustu poppsveitum Íslands. Tvær af plötunum hennar eru í hópi hundrað bestu platna Íslandssögunnar í kosningunni sem nú fer fram á tónlist.is, fyrsta platan og ...lifun. Það er ekki ofmat og í raun á Undir áhrifum alveg heima þar líka. Þó að ekkert áður óútgefið efni sé í Trúbrotsöskjunni er gott að fá þessar plötur allar saman í einum pakka og sérstaklega mikill fengur í ítarlegum sögutexta Jónatans Garðarssonar í bókinni sem fylgir.

**Trausti Júlíusson**




**TÓNLIST**
**Trúbrot**
Trúbrot
★★★★

Trúbrot var ein af merkustu hljómsveitum íslenskrar poppsögu. Þessi heildarútgáfa sýnir að tónlist hennar þolir vel upprifjun og stendur fyrir sínu enn í dag.

# Stutt stopp á Lýðvarpi Ástþórs

**Svo virðist sem upplausnarástand sé á Lýðvarpinu. Helsta stjarnan, Sirrý spá, er hætt og framkvæmdastjórinn einnig.**

„Já, þetta passar. Ég er hætt á Lýðvarpinu,“ segir Sirrí Sigfús, spákona og útvarpsmaður. Sirrý spá, ein helsta útvarpsstjarna Útvarps Sögu, ákvað að söðla um og ganga til liðs við Lýðvarpið. Hún staldraði hins vegar stutt við þar. Hún gekk á dyr þegar hún komst að raun um að Ástþór Magnússon er potturinn og pannan á Lýðvarpinu.

„Ég hef aldrei verið hrifin af Ástþóri og ekki viljað koma nálægt neinu sem hann er að gera. Mér var tjáð að hann væri fluttur til Spánar og væri eigandi stöðvarinnar. Það voru rosaleg gylliboð í gangi og mikill þrýstingur á mig að ég kæmi. Ég átti að vera með minn eigin þátt og mátti ráða mínum málum alfarið sjálf. En þetta eru ekkert nema svik og prettir,“ segir Sirrý. Hún var með þátt á Lýðvarpinu en þá gafst hlustendum kostur á að hringja inn. Þátturinn átti að vera frá níu til tíu að kvöldi en vegna gríðarlega mikilla viðbragða var Sirrý beðin um að lengja þáttinn um klukkutíma. Svo margir voru á línunni sem biðu. Og Sirrý varð að sjálfsögðu við því og allt leit vel út. En Sirrý heyrði svo af því að Ástþór væri sá sem öllu réði en það sá hún ekki fyrir. En það er svo með þá sem gæddir eru spádómsgáfu, það er ekki á þeirra færi að spá fyrir sjálfum sér.

„En þetta lagðist alltaf illa í mig. Og fyrsta kvöldið sem ég átti að fara í útsendingu var eins og reynt væri að koma í veg fyrir að ég færi á Lýðvarpið. Ég læsti lyklana mína inni í borðstofu og þar voru spáspilin mín. Ég hringdi á lásasmið en hann gat ekki komið fyrr en klukkan tólf en ég átti að vera mætt í útsendingu klukkan níu. Þannig að ég greip með mér spil sem ég hef ekki spáð með. Það gekk svo sem ágætlega en ég kem þarna ekki meir,“ segir Sirrý sem nú situr heima og hugsar næstu skref.

Ástþór Magnússon býr nú um stundir á Marbella á Spáni en framkvæmdastjóri Lýðvarpsins til skamms tíma var Gunnar Kristján Steinarsson. Hann er einnig hættur og segir því svo farið með flesta: „Ég pakkaði saman og labbaði út þegar Ástþór gaf út þá yfirlýsingu í síðustu viku að hann ætlaði ekki að borga einum né neinum neitt. Eftir standa í dagskránni þeir sem voru með honum í framboði,“ segir Gunnar.

Hvort Sirrý snúi aftur á öldur ljósvakans og þá á Sögu er óvíst því Arnþrúður Karlsdóttir er þegar búin að ráða aðra spákonu á stöðina – Siggu drottningu – eða frú Sigríði Júlíusdóttur sem að sögn Arnþrúðar ætlar að gefa fólki sínar persónulegu lottó-tölur sem hún reiknar út frá fæðingardegi viðkomandi.

**jakob@frettabladid.is**



**STÚDÍÓ LÝÐVARPSINS** Þegar ljósmyndara bar að garði á Lýðvarpinu var Grétar Mar, fyrrverandi þingmaður, við míkrófóninn en upplausnarástand ríkir nú á útvarpsstöðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**SIRRÍ SPÁ** Hætti um leið og hún komst að því að Ástþór væri potturinn og pannan á Lýðvarpinu. Framkvæmdastjórinn og fleiri pökkuðu einnig saman.


**TÓNLEIKAR**
**með Express ferðum**

25.-26. maí
**Beyoncé**
TILBOÐ!
Verð á mann
**49.900 kr.**
**O2-höllinni London**
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum og miði á tónleikana.

12.-14. júní
**Britney Spears**
Verð á mann í tvíbýli
**78.900 kr.**
**O2-höllinni London**
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting í tvær nætur ásamt morgunverði og miði á tónleikana.

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100
**Express ferðir**
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


# Jordan ástfangin af öðrum manni

Breska fyrirsætan Jordan lýsti því yfir tveimur mánuðum fyrir skilnaðinn sinn við Peter Andre að hún væri ástfangin af öðrum manni. Jordan, sem heitir réttu nafni Katie Price, opnaði hjarta sitt á bar og henti meðal annars frá sér giftingarhring sínum. „Katie sagðist vilja þennan nýja mann en hún vildi líka halda í fjölskyldulíf sitt með Peter Andre. Hún sagði að börnin sín væru sér mikils virði en hún væri ekki ástfangin af Peter,“ segir Mona Lewis, þátttakandi í sjónvarpsþáttunum Apprentice, sem sat undir yfirlýsingum Jordan.

Í viðtali í breska blaðinu Mirror segir Mona frá því að Jordan hafi gert lítið úr ástarlífi hjónanna. „Pete er orðinn leiðinlegur í rúminu. Ég sakna kynlífsins með Dwight,“ á Jordan að hafa sagt og átti þar við fótboltamanninn Dwight Yorke sem er barnsfaðir hennar.

Breska Heimsfréttablaðið greindi frá því í gær að skilnaðurinn hefði átt sér langan aðdraganda. Þannig er haft eftir vini Peter Andre að tvö ár séu síðan þau hafi sofið saman.



**ÓHAMINGJA** Skilnaður Jordan og Peter Andre hefur verið yfirvofandi í tvö ár. Hún missti áhugann á honum fyrir löngu síðan. NORDICPHOTOS/GETTY

# Danger Mouse hættir við plötu

Upptökustjórinn Danger Mouse er hættur við að gefa út plötuna Dark Night of the Soul eftir deilur við útgáfufyrirtæki sitt. Danger Mouse, sem heitir réttu nafni Brian Burton, fékk í lið með sér rokkarana Sparklehorse og Íslandsvininn David Lynch til að gera þrettán laga plötu. Auk þess hjálpuðu nokkrir þekktir músíkantar til við verkefnið; þeir Iggy Pop, Julian Casablancas úr The Strokes og meðlimir The Flaming Lips og Pixies. Plötunni átti að fylgja myndabók sem David Lynch gerði.

Danger Mouse hefur neitað að tjá sig um málið en afstaða hans er klár. Hann hyggst gefa plötuna út eins og áætlað var, nema með tómum diski í hulstrinu. Með því mælist hann beinlínis til þess að fólk kaupi umbúðirnar en hali tónlistinni niður af netinu.



**ÓSÁTTUR** Danger Mouse lenti í rimmu við plötufyrirtækið EMI.

# Ramsay fékk óvæntan gest

Sjónvarpskokkurinn Gordon Ramsay lætur sér fátt fyrir brjósti brenna og hefur gefið af sér þá ímynd að ekkert komi honum úr jafnvægi. Nema kannski brjálaðir lundar á Íslandi og steikt hjörtu. Og hjákona á tökustað. Já, eins og kom fram í heimspressunni stóð hjónaband kokksins ansi tæpt þegar breskir fjölmiðlar greindu frá því að hann hefði átt í ástarsambandi við Söruh Symonds. Ramsey vísaði því á bug og sagðist aldrei hafa stigið í vænginn við neina konu nema frúna.

Symonds birtist hins vegar óvænt á tökustað þegar Ramsay var að segja lærlingum sínum á Hell's Kitchen, veitingastaðnum sínum í Los Angeles, til syndanna. Tökuvélarnar voru ekki lengi að finna Symonds og beindu kastljósinu að henni í stutta stund en svo hvarf hún eins og hendi væri veifað. Talið er að tökurnar hafi staðið yfir í janúar á þessu ári og telja fjölmiðlar nú nokkuð ljóst að kjaftfori kokkurinn og Sarah hafi jafnvel ruglað saman reitum á einhverjum tímapunkti.



**HJÁKONA Í MYND** Meint hjákona Gordons Ramsay birtist í raunveruleikaþættinum Hell's Kitchen og þykir það skjóta rótum undir þá kenningu að Ramsay hafi brotið hjúskaparheit sín.



**J.D. KVEÐUR** Zach Braff leikur í sex Scrubs-þáttum til viðbótar.

# Scrubs fær framhaldslíf

**Læknagrínþættirnir Scrubs verða framleiddir áfram, þrátt fyrir spár annars efnis. Næsta þáttaröð verður sú níunda í röðinni. Þeirri áttundu lauk fyrir skemmstu með þætti sem kallaðist „My Finale“ og töldu margir að hann yrði sá síðasti sem yrði framleiddur. Þættirnir hafa fengið lítið áhorf eftir að þeir færðust frá sjónvarpsstöðinni NBC yfir til ABC. Aðalstjarnan, Zach Braff, hafði tilkynnt brotthvarf sitt.**

**Nú hefur ABC staðfest að þættirnir halda áfram og Braff hefur fallist á að leika í sex þáttum í næstu þáttaröð. Þá kveður hann endanlega en í þessum sex þáttum verður nýr hópur aðalleikara kynntur til sögunnar. Þar á meðal verða nýgræðingar sem kynntir voru í áttundu þáttaröðinni auk gamalla aðalpersóna eins og dr. Turk, dr. Cox og Húsvörðurinn. Þá er búist við því að Sarah Chalke, sem leikur dr. Elliott Reid, leiki í sömu sex þáttum og Braff.**



**THE LIBERTINES** Hafði ekki spilað síðan 2004.

# Óvænt endurkoma The Libertines

**Þrír af fjórir meðlimum bresku rokksveitarinnar The Libertines stigu saman á svið á föstudagskvöldið. Breska tónlistartímaritið NME greinir frá því að Pete Doherty, Carl Barat og Gary Powell hafi, flestum að óvörum, stigið á svið á Rhythm Factory í London og spilað sjö lög. Þetta eru fyrstu tónleikar The Libertines síðan 2004 þegar sveitin hætti.**




DYNAMO REYKJAVÍK

# NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus










LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS | kl. 4, 7 og 10 | 14 |
| STAR TREK | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 10 |
| MÚMÍNÁLFARNIR(650kr.) | kl. 4 - Íslenskt tal | L |
| STATE OF PLAY | kl. 10 | 12 |
| 17 AGAIN | kl. 4, 6 og 8 | L |













SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| STAR TREK XI | kl. 6 - 8D - 10:40D | 10 |
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:40 | VIP |
| NEW IN TOWN | kl. 8:30 - 10:40 | L |
| NEW IN TOWN | kl. 5:50 | VIP |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6D | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 6 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 | 12 |
| THE UNBORN | kl. 10:40 | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK XI | kl. 8D - 10:30D | 10 |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| ALFREÐ ELÍASSON OG LOFTLEIÐAMYND | kl. 5:30D - 8D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 5:50 | L |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10:10 síðasta sýn! | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:30 | 10 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 8 | L |
| KNOWING | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HANNA MONTANA | kl. 8 | L |
| NEW IN TOWN | kl. 10 | L |
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS AND DEMONS | kl. 8 - 10:40 | 14 |
| HANNAH MONTANA | kl. 8 - 10:10 | L |



NÝTT Í BÍÓ!













SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS D | kl. 3-5-6-8-9-10.50 | 14 |
| ANGELS & DEMONS LÚXUS D | kl. 5-8-10.50 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 5.20-8-10.40 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 3-5.40- 8-10.20 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 3 | L |
| MALL COP | kl. 3 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS | kl. 6-9 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 6-9 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 6.30-9 | 14 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6-8-10 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30-8.30 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 5.40- 8-10.20 | 14 |
| STATE OF PLAY | kl. 5.20-8 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.40 -10.35 | 12 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 8-10.10 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS | kl. 6-9 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 10 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 6-8 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR




# Hannibal snýr aftur



**EFTIRMINNILEGUR** Anthony Hopkins var ákaflega eftirminnilegur í hlutverki Hannibals Lecter í kvikmyndinni The Silence of the Lambs.

Einhver fágaðasta mannæta seinni tíma, Hannibal Lecter, mun væntanlega snúa aftur á hvíta tjaldið. Sir Anthony Hopkins og Sir Ridley Scott eru nú að vinna að því að endurvekja þetta skrímsli sem hafði þó svo fínan smekk á bæði vínum og fallegri tónlist. Hannibal Lecter birtist fyrst í Manhunter þar sem Brian Cox lék hann en raðmorðinginn varð fyrst frægur þegar Hopkins túlkaði hann í frægri kvikmynd Jonathans Demne, Lömbin þagna, árið 1991 og fékk hárin til að rísa á hnökkum kvikmyndahúsagesta.

Hopkins var síðan aftur á ferðinni líki Lecters í kvikmyndinni Hannibal sem fékk fremur dræmar viðtökur árið 2001. Öllu betri þótti Red Dragon sem var frumsýnd 2002 en þar er því lýst hvernig Jack Crawford hefur hendur í hári Hannibals. Eftir því sem fregnir herma úr Hollywood hefur Cate Blanchett verið orðuð við hlutverk Clarice Starling en Jodie Foster gaf það frá sér til að leikstýra Claire Danes í Flora Pum. Innan úr herbúðum Universal-myndversins heyrist að Hopkins og Scott séu báðir mjög ákafir í gerð kvikmyndarinnar, sem yrði framhald af Lömbin þagna. „Okkur líkar vel við það sem við höfum séð, handritið er virkilega gott,“ sagði innanbúðarmaður hjá kvikmyndaverinu.

# Spilar í sjö Evrópulöndum

**Hljómsveitin For a Minor Reflection er á leiðinni í sína stærstu tónleikaferð til þessa. Spilað verður á tuttugu tónleikum í sjö Evrópulöndum á tæpum mánuði.**



**FOR A MINOR REFLECTION** Síðrokkararnir efnilegu eru á leiðinni í sína lengstu tónleikaferð til þessa.

„Þetta er lengsti túrinn okkar hingað til. Þetta verður alveg mánuður úti og við erum mjög spennt-ir,“ segir Guðfinnur Sveinsson.

Fyrstu tónleikarnir verða á Spot-hátíðinni í Danmörku 23. maí en þeir síðustu verða í Glasgow í Skotlandi 20. júní. Einnig spilar sveitin á fimm tónleikum í Þýskalandi sem tengjast íslenska tónlistarklúbbnum Norðrinu sem var stofnaður fyrr á árinu.

Síðasta tónleikaferð hinnar samningslausu For a Minor Reflection var farin í nóvember þegar hún hitaði upp fyrir Sigur Rós víðs vegar um Evrópu. Sá túr stóð yfir í þrjár vikur og spiluðu þeir félagar á fimmtán tónleikum, mest fyrir framan 8.500 manns á tvennum tónleikum í London. Um páskana í fyrra fór sveitin líka á stuttan túr um Bandaríkin og Kanada til að fylgja sinni fyrstu plötu eftir sem kom út skömmu fyrir Iceland Airwaves 2007. „Það var góð reynsla og við vöndumst því að keyra langar vegalengdir,“ segir Guðfinnur. Bætir hann við að platan, sem nefnist „Reistu þig við sólin, er komin á loft“, hafi fengið mun betri viðtökur en þeir bjuggust við, enda var hún gerð á aðeins sex klukkustundum. Hefur hún selst í tæpum fjögur þúsund eintökum, sem er ekki slæmt miðað við fyrstu plötu hljómsveitar. „Hún var tekin upp „live“ í litlum bílskúr í Kópavogi og mixuð og masteruð af bróður bassaleikarans [Elvars Þórs Guðmundssonar] á tveimur tímum yfir nótt,“ segir Guðfinnur.

Býst hann við því að meira verði lagt í næstu plötu, sem verður líklega tekin upp á þessu ári.

Eftir að For a Minor Reflection kemur heim frá Evrópu verður ekkert slakað á því þá tekur við tónleikaferð um Ísland sem stendur yfir í viku. Þar verður tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds með í för og verða fyrstu tónleikarnir í Reykjavík 23. júní. „Það lengsta sem við höfum spilað í burtu frá Reykjavík er í Hafnarfirði. Þetta er nýtt fyrir okkur en við erum mjög spenntir,“ segir Guðfinnur.

freyr@frettabladid.is

# Hrekktu Sveppa og Audda



**HRÓLFUR OG STYRMIR** Útvarpsmennirnir knáu slógu Audda og Sveppa út af laginu með því að hrekkja þá í beinni útsendingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Útvarpsmennirnir Styrmir Jónasson og Hrólfur Sturla Rúnarsson, sem stjórna þættinum Upp í loft á Útvarpi Sögu, hafa fengið sig fullsadda af endalausum hrekkjum Sveppa og Audda í gegnum árin. Brugðu þeir á það ráð að láta þá sjálfa finna til tevatnsins með útvarpshrekkjum í beinni útsendingu. Fyrst hrekktu þeir Audda með aðstoð handboltakappans Loga Geirssonar og í síðasta þætti á föstudaginn var röðin komin að Sveppa.

„Okkur langar bara að bögga hann. Hann er alltaf að bögga aðra og það er kominn tími til að hann verði böggaður,“ sagði Styrmir skömmu fyrir Sveppa-hrekkinn. Þegar Auddi var hrekktur þóttist Logi Geirsson vera pabbi Styrmis. Biðluðu þeir til Audda um að hann kæmi fram í barnatíma í sjónvarpinu sem væri í undirbúningi. „Hann var hræddur við Loga en síðan fór hann að hlæja. Þetta var eins og hann hefði verið tekinn,“ segir Styrmir og vísar þar í samnefnda sjónvarpsþætti Audda.

Styrmir og Hrólfur, sem eru á tólfta og fjórtánda ári, hafa verið duglegir að hrekkja fólk í þætti sínum. Engu skipti hvort um þekkta eða lítt þekkta einstaklinga er að ræða því hrekkir séu alltaf fyndnir sama hver eigi í hlut.

- fb




## OPNIR KYNNINGARFUNDIR

# MEISTARANÁM

## Í VIÐSKIPTADEILD HR

ALÞJÓÐLEG SÝN – FRAMSÆKIÐ FÓLK – SKAPANDI UMHVERFI

Viðskiptadeild HR starfar í nánu samstarfi við erlenda háskóla og hefur sterk tengsl við atvinnulífið. Við val á kennurum, sem flestir koma frá þekktum erlendum háskólum, er lögð áhersla á framúrskarandi fræðilega þekkingu, góða kennsluhæfileika ásamt fjölþættri reynslu úr atvinnulífinu. Markmiðið er að útskrifaðir nemendur verði gerendur, greinendur og gagnrýnendur. Þessu markmiði er náð með jafnvægi á milli hagnýtra og fræðilegra verkefna í náminu.

**Viðskiptadeild HR býður til eftirfarandi kynningarfunda miðvikudaginn 20. maí:**

- MSc Í ALÞJÓÐAVIÐSKIPTUM, kl. 16:00
- MSc Í EVRÓPUFRÆÐUM Í SAMSTARFI VIÐ LAGADEILD HR, kl. 16:00
- MSc Í FJÁRMÁLUM FYRIRTÆKJA, kl. 17:00
- MSc Í REIKNINGSHALDI OG ENDURSKOÐUN, kl. 17:30
- MSc Í STJÓRNUN REKSTRARBÓKHALDS, kl. 17:30

Nemendur í meistaranáminu verða á staðnum til skrafs og ráðagerða.
Boðið verður upp á léttar veitingar.

**Staður:** Háskólinn í Reykjavík, Ofanleiti 2, stofu 201
**Stund:** Miðvikudagurinn 20. maí kl. 16:00

*Rúmur helmingur stærstu fyrirtækja á Íslandi ætlar að ráða í ný störf á þessu ári. Þar af reikna 80% þeirra með að ráða í framtíðarstarf og 70% þeirra ætla að ráða fólk til sumarstarfa. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun sem Atvinnuþjónusta Háskólans í Reykjavík hefur látið gera.*
***Algengasta fræðasviðið sem fyrirtæki leita nú að er viðskiptafræði (56%).***

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

## > Íslandsmet hjá Ásdísi

Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir heldur áfram að bæta sig en hún setti enn eitt Íslandsmetið í spjótkasti á Laugardalsvelli um helgina. Þá kastaði Ásdís 61,37 metra og bætti eigið Íslandsmet um 95 sentimetra en gamla metið var 60,42 metrar. Hún setti það 15. mars síðastliðinn á Vetrarkastmóti Evrópu. Kastið hjá Ásdísi kom henni í sjöunda sætið á heimslistanum en hún var í tíunda sæti með gamla metið sitt.



**sport**
sport@frettabla-

ARON KRISTJÁNSSON HANDKNATTLEIKSÞJÁLFARI: ÞARF AÐ VELJA Á MILLI HAUKA OG ÅRHUS GF

# *Aron með freistandi tilboð frá Århus GF*

Aron Kristjánsson, þjálfari handknattleiksliðs Hauka, fór utan til Danmerkur í síðustu viku til þess að skoða aðstæður og spjalla við forráðamenn danska úrvalsdeildarliðsins Århus GF.

Aron kom heim með samningstilboð í farteskinu og hann þarf nú að gera upp hug sinn hvort hann heldur áfram að þjálfa Haukana eða fer utan til Danmerkur á nýjan leik en Aron þjálfaði lið Skjern í Danmörku áður en hann kom heim fyrir tveim árum til þess að taka við Haukaliðinu.

„Mér leist mjög vel á allt þarna hjá félaginu. Þetta er flottur bær og flottar aðstæður. Það vantar ekkert upp á það. Ég veit hreinlega ekki hvað ég mun gera en ég er með tilboð frá félaginu," sagði Aron við Fréttablaðið í gær.

Aron segir að tilboð félagsins sé freistandi og það verði ekki auðvelt að taka ákvörðun.

„Þetta félag er að horfa til þess að byggja upp en ekki tjalda til einnar nætur. Liðið varð í níunda sæti á síðustu leiktíð og komst ekki í úrslitakeppnina. Sá árangur olli nokkrum vonbrigðum enda mannskapurinn sem er til staðar ágætur. Það er smá millibilsástand þessa dagana og það þarf að byggja upp nýtt lið. Það eru miklar möguleikar í þessum bæ en þetta er háskólabær. Það gefur líka vonir um að gott sé að finna styrktaraðila," segir Aron.



Hann segir fjölskylduna vera að fara yfir stöðuna þessa dagana og finna út hvað sé best að gera.

„Ef við förum út þá er þetta ekki fyrir okkur eins og að fara til Japans enda þekkjum við danska lífið mjög vel og líkaði við á sínum tíma. Við erum að vega og meta möguleikana og vonandi verður komin niðurstaða í vikunni," segir Aron sem mun líklega hitta Haukana í dag.

„Þetta er erfið ákvörðun enda eru Haukar flott félag og mér hefur liðið vel þar líka. Ég er bara undir feldinum þessa dagana og við sjáum hvað setur," segir Aron, sem hefur gert frábæra hluti með Haukana og gert þá að Íslandsmeisturum bæði árin sem hann hefur stýrt liðinu.

Alex Ferguson hefur unnið deildina ellefu sinnum:

# Stýri liðinu meðan ég hef heilsu til þess

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson skráði nafn sitt í sögubækurnar enn eina ferðina á laugardag þegar Manchester United varð Englandsmeistari í ellefta skiptið undir hans stjórn.

Félagið hefur þess utan unnið átján Englandsmeistaratitla og jafnaði þar með met Liverpool yfir flesta meistaratitla. Ferguson sagði þennan bikar vera kæran en sagði að nítjándi meistaratitill United yrði enn sérstakari.



„Stóra áskorunin er að vinna þennan titil aftur á næsta ári því það væri afar sérstakur titill. Það yrði sá nítjándi í röðinni og myndi setja okkur rækilega í sögubækurnar hjá félaginu. Ég er þegar farinn að hugsa um næsta ár. Það er nokkuð sem menn verða að gera hjá þessu félagi. Það er ekkert annað í boði en að halda áfram og vinna," sagði Ferguson ákveðinn en hann er ekki þekktur fyrir að fagna titlum sínum allt of lengi.

„Auðvitað er ég samt afar stoltur yfir því að hafa jafnað met Liverpool. Þegar ég kom hingað til félagsins var Liverpool aðalliðið á Englandi. Mitt hlutverk var að breyta því. Mér datt samt aldrei nokkurn tímann í hug að ég myndi vinna ellefu Englandsmeistaratitla með þessu félagi," sagði Ferguson brosmildur.

„Við höfum sýnt ótrúlegan stöðugleika í vetur. Leikurinn gegn Stoke um jólin var afar mikilvægur og hann kom okkur í gang. Svo var markið hjá Macheda gríðarlega mikilvægt því annars hefði Liverpool náð yfirhöndinni í toppbaráttunni," sagði Ferguson, sem þreytist aldrei á því að vinna.

„Ég mun vera stjóri þar til heilsan segir mér að hætta," sagði Ferguson. - hbg





**Opinn morgunverðarfundur um innleiðingu Vatnatilskipunar ESB, þriðjudaginn 19. maí kl. 8:30 til 10:00 á Grand Hótel.**

Roger Owen yfirmaður vistfræðideildar skosku Umhverfisstofnunarinnar (SEPA) heldur fyrirlestur um innleiðingu Vatnatilskipunar Evrópusambandsins í Skotlandi.

**Dagskrá:**

| | |
|---|---|
| 8:00 | Húsið opnar |
| 8:30 | Kristín Linda Árnadóttir forstjóri Umhverfisstofnunar: Vatnatilskipun ESB á Íslandi |
| 8:40 | Roger Owen, yfirmaður vistfræðideildar SEPA: Vatnatilskipun ESB og upptaka hennar á Skotlandi |
| 9:40 | Umræður |
| 10:00 | Fundarslit |

**Fundarstjóri**: Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar

Veiðimálastofnun

UMHVERFISSTOFNUN




**MEISTARAR** Leikmenn Man. Utd fagna hér titlinum á heimavelli sínum um helgina. Það var mikið um dýrðir.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Kóngarnir á Englandi

**Manchester United varð enskur meistari þriðja árið í röð á laugardag er liðið fékk stigið sem dugði. Þetta var jafnframt átjándi Englandsmeistaratitill Man. Utd, sem hefur þar með jafnað met Liverpool yfir flesta Englandsmeistaratitla.**

**FÓTBOLTI** Það er ekkert lát á velgengni Manchester United í enska boltanum. Félagið vann um helgina sinn ellefta Englandsmeistaratitil undir stjórn Sir Alex Ferguson og þann átjánda í heildina.

Liðið þurfti aðeins eitt stig í síðustu tveim leikjum sínum til þess að tryggja titilinn endanlega og það hafðist þar sem liðið gerði markalaust jafntefli gegn Arsenal í hrútleiðinlegum leik. Leikmenn United gátu því fagnað á heimavelli í fyrsta skipti síðan árið 1999.

Gary Neville, fyrirliði liðsins, segir að gæði og breidd leikmannahópsins hefðu skilað United titlinum að þessu sinni.

„Það sem gerðist í vetur var að það var ekki hægt að velja ellefu bestu mennina í liðið. Það var það mikil samkeppni um stöður og margir jafnir. Það snerist allt um hópinn í vetur og hver einasti leikmaður lagði sitt af mörkum til þess að ná þessum árangri. Liverpool kláraði þetta tímabil í svakalegu formi en við létum það ekki slá okkur út af laginu. Við börðumst hatrammlega og sýndum mikið hugrekki og þor til þess að klára þessa keppni," sagði Neville.

Wayne Rooney sagði það hafa skipt liðið miklu að ná að klára deildina um helgina svo aðalliðið gæti hvílt um næstu helgi. Í staðinn mæta menn ferskir í úrslitaleik Meistaradeildarinnar nokkrum dögum síðar.

„Nú getum við undirbúið okkur sem allra best fyrir úrslitaleikinn í Róm og stjórinn getur hvílt þá sem hann vill. Það er annars ótrúlegt að hafa unnið þrjá titla í röð. Það er stórkostleg tilfinning. Liverpool veitti okkur samkeppni alla leið og þetta hefur verið frábært tímabil," sagði Rooney.



**SIGURKOSS** Cristiano Ronaldo var í lykilhluverki hjá United í ár. Hann segist vera hamingjusamur hjá félaginu.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Leikmenn United lögðu mikið upp úr því að vinna titilinn á heimavelli enda hefur liðið nánast undantekningalaust þurft að fagna á útivelli síðan enska úrvalsdeildin var stofnuð.

„Það er ótrúlegt að vinna á heimavelli. Maður getur aldrei vanist þessu. Það er alltaf sérstakt að vinna til verðlauna en að gera það á heimavelli er enn sérstakara," sagði Skotinn Darren Fletcher, sem átti frábæra leiktíð á miðjunni hjá Man. Utd.

Leikmaður ársins í ensku deildinni, Ryan Giggs, þekkir það best allra í liðinu að vinna titla en hann hefur verið í liði United í öll skiptin sem liðið hefur unnið úrvalsdeildina. „Að vinna titilinn er alltaf alveg einstaklega góð tilfinning og ég hef verið afar lánsamur að spila með mörgum frábærum leikmönnum. Það er líka mjög sérstakt að fá að lyfta bikarnum á heimavelli fyrir framan okkar stuðningsmenn. Þessi leikur tók á taugarnar en í kjölfarið kom léttir og gleði. Öll vinnan í vetur er svo sannarlega þess virði þegar maður uppsker svona ríkulega," sagði Giggs, sem er alltaf jafn hungraður og stjórinn sinn í að vinna titla.

„Hvert tímabil er sem áskorun fyrir okkur. Við munum njóta helgarinnar en síðan byrjum við að hugsa um Barcelona strax á mánudag." henry@frettabladid.is

## ÚRSLIT

*Enska úrvalsdeildin:*

**CHELSEA - BLACKBURN 2-0**
1-0 Florent Malouda (4.), 2-0 Nicolas Anelka (59.).
**WEST BROMWICH ALBION - LIVERPOOL 0-2**
0-1 Steven Gerrard (27.), 0-2 Dirk Kuyt (62.)
**BOLTON WANDERERS - HULL CITY 1-1**
1-0 Grétar Steinsson (25.), 1-1 Craig Fagan (45.).
**EVERTON - WEST HAM UNITED 3-1**
0-1 Radoslav Kovac (23.), 1-1 Louis Saha (37.), 2-1 Joseph Yobo (47.), 3-1 Louis Saha (75.).
**MIDDLESBROUGH - ASTON VILLA 1-1**
1-0 Tuncay Sanli (13.), 1-1 John Carew (56.).
**NEWCASTLE UNITED - FULHAM 0-1**
0-1 Diomansy Kamara (40.).
**STOKE CITY - WIGAN ATHLETIC 2-0**
1-0 Ricardo Fuller (68.), 2-0 James Beattie (75.)
**TOTTENHAM - MANCHESTER CITY 2-1**
1-0 Jermain Defoe (28.), 1-1 Valeri Bojinov (64.), 2-1 Robbie Keane (85.)
**MAN UTD - ARSENAL 0-0**

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. United** | **37** | **27** | **6** | **4** | **67-24** | **87** |
| Liverpool | 37 | 24 | 11 | 2 | 74-26 | 83 |
| **Chelsea** | **37** | **24** | **8** | **5** | **65-22** | **80** |
| Arsenal | 37 | 19 | 12 | 6 | 64-36 | 69 |
| **Everton** | **37** | **16** | **12** | **9** | **53-37** | **60** |
| Aston Villa | 37 | 16 | 11 | 10 | 53-48 | 59 |
| **Fulham** | **37** | **14** | **11** | **12** | **39-32** | **53** |
| Tottenham | 37 | 14 | 9 | 14 | 44-42 | 51 |
| **West Ham** | **37** | **13** | **9** | **15** | **40-44** | **48** |
| Manchester City | 37 | 14 | 5 | 18 | 57-50 | 47 |
| **Stoke City** | **37** | **12** | **9** | **16** | **37-51** | **45** |
| Wigan Athletic | 37 | 11 | 9 | 17 | 33-45 | 42 |
| **Bolton** | **37** | **11** | **8** | **18** | **41-52** | **41** |
| Blackburn | 37 | 10 | 10 | 17 | 40-60 | 40 |
| **Portsmouth** | **36** | **9** | **11** | **16** | **35-55** | **38** |
| Sunderland | 36 | 9 | 9 | 18 | 31-48 | 36 |
| **Hull City** | **37** | **8** | **11** | **18** | **39-63** | **35** |
| Newcastle | 37 | 7 | 13 | 17 | 40-58 | 34 |
| **Middlesbrough** | **37** | **7** | **11** | **19** | **27-55** | **32** |
| WBA | 37 | 8 | 7 | 22 | 36-67 | 31 |



**REIÐUR** Alan Shearer var brjálaður út í Howard Webb dómara. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Newcastle í vandræðum:

# Shearer reiður út í Webb

**FÓTBOLTI** Alan Shearer, stjóri Newcastle, var brjálaður út í Howard Webb, dómara leiks Newcastle og Fulham um helgina.

Webb dæmdi af mark sem Mark Viduka skoraði en sjónvarpsmyndir sýndu að það var kannski ekki algjörlega réttur dómur hjá Webb dómara.

Newcastle tapaði leiknum, 0-1, og er í fallsæti fyrir lokaumferð deildarinnar. Shearer fylgdi Webb af velli og öskraði á hann. Stjórinn hafði ekki róast mikið þegar hann hitti fjölmiðlamenn í kjölfarið.

„Við erum gríðarlega vonsviknir með markið sem var dæmt af. Ég er búinn að skoða þetta atvik og það er nákvæmlega ekkert að því. Ég er verulega vonsvikinn með þessa dómgæslu," sagði Shearer foxillur.

„Ég náði ekki eyrum dómarans eftir leikinn en ég mun halda áfram að reyna. Stóru ákvarðanirnar hans voru rangar í dag. Hann verður örugglega sammála mér um það þegar hann hefur skoðað atvikin aftur."

Newcastle er stigi á eftir Hull en á engu að síður von enda mun Hull mæta Manchester United í lokaumferðinni. Meistararnir munu reyndar mæta til leiks án margra sinna sterkustu manna en ungu leikmennirnir hjá félaginu hafa sýnt góða takta í vetur. - hbg

WBA fyrsta liðið til þess að falla úr úrvalsdeildinni:

# Reynsluleysið felldi okkur

**FÓTBOLTI** Liverpool rak síðasta naglann í kistu WBA í gær þegar liðið vann 0-2 á The Hawthorns. WBA leikur því í 1. deildinni að ári.

Jonathan Greening, fyrirliði WBA, sagði að reynsluleysi hefði orðið liðinu aðallega að falli á þessari leiktíð.

„Það er engin rétt og engin röng leið til þess að spila fótbolta. Við spilum ákveðinn fótbolta og höfum spilað ágætan fótbolta á köflum. Reynsluleysi í bland við vanþroska varð okkur líklega að falli. Við sýndum það enn og aftur í dag þegar við gefum mark á meðan við erum inni í leiknum á fullu," sagði Greening.

Hann hrósaði stuðningsmönnum félagsins sérstaklega en þeir hafa staðið þétt við bak liðsins í vetur og sungu um að liðið kæmi strax upp aftur eftir að fallið varð að veruleika.

„Þeir hafa verið stórkostlegir í allan vetur. Við erum búnir að vera á botninum síðan í október en það hefur engu máli skipt. Stuðningurinn hefur alltaf verið jafn frábær. Við reyndum að framkvæma stórkostlegan flótta en það lá ekki fyrir okkur að þessu sinni," sagði Greening.

Greening sagðist vonast til þess að Tony Mowbray yrði áfram með liðið og hjálpaði því að komast aftur í hóp hinna bestu sem fyrst.

„Við njótum þess allir að spila undir hans stjórn. Okkur líkar við þann bolta sem hann vill að við spilum. Að sjálfsögðu ræður stjórnin því hvort hún heldur honum við stjórnvölinn. 1. deildin er hörkudeild en við verðum að láta slag standa og reyna að komast strax upp aftur," sagði þessum fyrrverandi leikmaður Manchester United. - hbg




**BEINT UPP AFTUR** Stuðningsmenn WBA hafa ekki gefist upp þó svo að liðið þeirra sé fallið um deild. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES




| KR | 0-0 | Þróttur |
|---|---|---|
| KR-völlur, áhorf.: 1.826 | | Erlendur Eiríksson (6) |

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–2 (6–0) |
| Varin skot | Stefán 0 – Sindri 5 |
| Horn | 12–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–6 |
| Rangstöður | 2–0 |

| **KR** 4–4–2 | | **ÞRÓTTUR** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Stefán Magnússon | 5 | ***Sindri Jensson** | **8** |
| Skúli Friðgeirsson | 4 | Kristján Björnsson | 5 |
| Grétar Sigurðarson | 6 | Runólfur Sigmunds. | 7 |
| Bjarni Guðjónsson | 6 | Dennis Danry | 8 |
| Jordao Diogo | 5 | Birkir Pálsson | 6 |
| Óskar Örn Hauksson | 3 | Andrés Vilhjálmsson | 5 |
| Jónas Guðni Sævars. | 6 | (81., Skúli Jónsson | -) |
| Baldur Sigurðsson | 3 | Haukur Sigurðsson | 6 |
| (70., Guðm. Péturs. | 5) | (87., Ingvi Sveins | -) |
| Atli Jóhannsson | 6 | Hallur Hallsson | 6 |
| (75., Gunnar Jóns. | -) | Rafn Andri Haralds. | 6 |
| Björgólfur Takefusa | 5 | Morten Smidt | 5 |
| Prince Rajcomar | 4 | (63., Davíð Rúnars. | 7) |
| (60., Guðm. Ben. | 5) | Hjörtur Hjartarson | 6 |

**Maður leiksins*

| Stjarnan | 3-0 | ÍBV |
|---|---|---|
| Stjörnuvöllur, áhorf.: 1.011 | | Magnús Þórisson (6) |

*1-0 Tryggvi Bjarnason (35.)*
*2-0 Arnar Már Björgvinsson (62.)*
*3-0 Arnar Már Björgvinsson (86.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–8 (5–3) |
| Varin skot | Bjarni 3 – Albert 2 |
| Horn | 10–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–19 |
| Rangstöður | 2–2 |

| **STJARN.** 4–4–2 | | **ÍBV** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Bjarni Þ. Halldórsson | 7 | Albert Sævarsson | 6 |
| Guðni R. Helgason | 8 | Arnór Eyvar Ólafs. | 5 |
| Tryggvi Bjarnason | 7 | Yngvi Borgþórsson | 6 |
| (46., Arnar Björgvi. | 8) | Matt Garner | 3 |
| Daníel Laxdal | 7 | Þórarinn Valdimars. | 5 |
| Hafsteinn Helgason | 6 | Augustine Nsumba | 5 |
| Jóhann Laxdal | 6 | (88., Gauti Þorvarða. | -) |
| Birgir H. Birgisson | 6 | Tony Mawejje | 6 |
| Björn Pálsson | 6 | Bjarni R. Einarsson | 4 |
| Halldór Björnsson | 7 | (55., Leitch-Smith | 5) |
| ***Steinþór Þorstei.** | **8** | Pétur Runólfsson | 4 |
| (89, Andri Sigurjón. | -) | Chris Clements | 5 |
| Þorvaldur Árnason | 6 | Viðar Ö. Kjartansson | 4 |
| (72., Magnús Björgv. | -) | (75., Elías Árnason | -) |

**Maður leiksins*

*Pepsi-deild karla:*

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stjarnan** | **3** | **3** | **0** | **0** | **12-1** | **9** |
| KR | 3 | 2 | 1 | 0 | 6-1 | 7 |
| **Fylkir** | **2** | **2** | **0** | **0** | **3-0** | **6** |
| Breiðablik | 2 | 2 | 0 | 0 | 3-1 | 6 |
| **Fram** | **2** | **1** | **0** | **1** | **3-2** | **3** |
| Valur | 2 | 1 | 0 | 1 | 3-2 | 3 |
| **FH** | **2** | **1** | **0** | **1** | **2-2** | **3** |
| Keflavík | 2 | 1 | 0 | 1 | 1-2 | 3 |
| **Þróttur** | **3** | **0** | **1** | **2** | **1-8** | **1** |
| Fjölnir | 2 | 0 | 0 | 1 | 2-5 | 0 |
| **Grindavík** | **2** | **0** | **0** | **2** | **1-7** | **0** |
| ÍBV | 3 | 0 | 0 | 3 | 0-6 | 0 |



**EIÐUR SMÁRI** Sést hér í leiknum á Mallorca í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Spænski og ítalski boltinn:

## Barcelona og Inter meistarar

**FÓTBOLTI** Barcelona og Inter urðu um helgina meistarar í löndum sínum. Bæði lið áttu það sameiginlegt að verða meistarar án þess að spila á laugardeginum.

AC Milan tapaði fyrr um daginn og svo tapaði Real Madrid á dramatískan hátt fyrir Villarreal og úr varð heljarinnar teiti bæði í Katalóníu sem og í Mílanó.

Barcelona tefldi fram hálfgerðu varaliði í gær og tapaði 2-1 fyrir Real Mallorca.

Eiður Smári var í byrjunarliði Barcelona en var tekinn af velli á 74. mínútu. **- hbg**

# Mikil vonbrigði hjá KR-ingum

**Þróttur gerði sér lítið fyrir og nældi í jafntefli gegn KR í Frostaskjóli í gær. Talsverð bæting frá því að hafa tapað síðasta leik sínum, 6-0. Jafnteflið mikil vonbrigði fyrir KR-inga sem höfðu unnið tvo fyrstu leiki sína í deildinni og voru á flugi. Sóknarleikurinn varð þeim þó að falli í gær enda skapaði liðið ákaflega lítið.**

**FÓTBOLTI** Þróttarar náðu í sitt fyrsta stig í deildinni, á sama tíma og KR tapaði dýrmætum stigum, þegar liðin gerðu markalaust jafntefli í bragðdaufum leik í Vesturbænum í gærkvöldi.

Þó svo að KR-ingar hafi verið mun sterkari aðilinn í gær gekk þeim illa að skapa sér hættuleg færi og vonbrigðin því mikil í þeirra herbúðum.

„Þetta var ekki nógu gott. Við áttum auðvitað að vinna þennan leik okkur tókst það ekki. Við lékum ekki nógu beittan sóknarleik og boltinn gekk of hægt á milli manna. Ásetningur þeirra var greinilega að ná í eitt stig og þeim tókst það, við erum ósáttir,“ sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR, í leikslok.

Fyrri hálfleikur var með eindæmum rólegur í gærkvöldi. Þróttarar voru greinilega mættir í Vesturbæinn til þess að halda hreinu og lögðu alla áherslu á varnarleikinn, eðlilega þó miðað við útkomu síðasta leiks þar sem þeir töpuðu 6-0 á heimavelli gegn nýliðum Stjörnunnar.

Sindri Snær Jensson stóð í marki gestanna, í stað Danans Henriks Boedker sem var kominn á bekkinn. Hann greip nokkrum sinnum vel inn í þegar KR-ingar gerðu sig líklega til að ógna marki Þróttar, sem gerðist þó ekki ýkja oft í fyrri hálfleik. Hættulegasta færi hálfleiksins fékk Prince Rajcomar þegar hann slapp í gegnun vörn Þróttara eftir frábæra sendingu Atla Jóhannssonar. Prince fór hins vegar illa með gott færi og Sindri bjargaði vel.

Síðari hálfleikur þróaðist á svipaðan hátt og sá fyrri. KR var meira með boltann en gekk bölvanlega að skapa sér hættuleg marktækifæri. Baldur Sigurðsson og fleiri lykilmenn liðsins voru engan veginn í takt við leikinn á meðan Þróttarar börðust af krafti um hvern einasta bolta. Mesta hættan í seinni hálfleik skapaðist þegar Grétar Sigfinnur Sigurðsson átti hættulegan skalla sem Sindri varði vel en að öðru leyti náðu varnarmenn Þróttar, með Dennis Danry sem besta mann, að loka á spil KR-inga og niðurstaðan markalaust jafntefli.

Logi Ólafsson sagði leik Þróttara ekki hafa komið KR-ingum á óvart. „Við bjuggum okkur undir svona leik en það er erfitt að skora þegar það er nánast eins og útihátíð í vítateignum. Við fengum þó mjög gott marktækifæri í fyrri hálfleik þegar Prince lét verja frá sér og það er ljóst að í svona leik verðum við að nýta þau færi sem við fáum, en það gerðum við ekki,“ bætti Logi við.

Hallur Hallsson, fyrirliði Þróttar, var öllu hressari að leik loknum.

„Það reiknuðu kannski ekki margir með að við myndum ná stigi hér í dag en það var alltaf markmiðið okkar. Síðasti leikur var einn sá skelfilegasti fótboltaleikur sem ég hef spilað og bætingin því gríðarleg hjá okkur.

Við lögðum áherslu á vörnina eftir að hafa fengið á okkur átta mörk í tveimur leikjum og við náðum að halda hreinu, sem við erum mjög ánægðir með,“ sagði Hallur að lokum. **- sjj**




**KLÚÐUR** Prince Rajcomar fær hér eitt besta færi leiksins en honum voru mislagðir fætur fyrir framan markið eins og oft áður í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**BARÁTTA** Þróttarar börðust geysilega hart í gær eins og Jónas Guðni Sævarsson fær að finna fyrir hér. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stjarnan heldur áfram að gera það gott í Pepsi-deild karla og er enn með fullt hús stiga:

# Stjörnustrákarnir halda áfram að slá í gegn

**FÓTBOLTI** Stjarnan er enn á mikilli siglingu í Pepsi-deild karla en í gær vann liðið 3-0 sigur á ÍBV í nýliðaslag deildarinnar. Tryggvi Bjarnason kom Stjörnunni yfir í fyrri hálfleik en varamaður hans, Arnar Már Björgvinsson, skoraði síðari tvö mörk heimamanna í þeim síðari.

Þar með er Stjarnan enn með fullt hús stiga á toppi deildarinnar. ÍBV er hins vegar á botninum – stigalaust og á enn eftir að skora mark.

Eyjamenn stilltu upp nokkuð varnarsinnuðu liði. Stjörnumenn lágu nokkuð þétt á gestunum.

Stjörnumenn sóttu mikið. Þeir fengu mikið af hornspyrnum og stórhættulegum innköstum þökk sé langri kastgetu Steinþórs Freys Þorsteinssonar. Hann tók einnig hornin og alls átta slík í fyrri hálfleik. Eftir eitt slíkt lá knötturinn loksins í netinu. Varnarmaðurinn Tryggvi Bjarnason náði fínum skalla sem hafnaði í netinu.

Forysta Stjörnumanna var verðskulduð. Heimamenn héldu uppteknum hætti í síðari hálfleik og voru mun sterkari aðilinn. Tryggvi Bjarnason þurfti reyndar að fara af velli í hálfleik, væntanlega vegna meiðsla, en inn í hans stað kom Arnar Már sem átti eftir að láta vel af sér kveða.

Það var svo á 62. mínútu að Arnar Már skoraði sitt fyrra mark í leiknum. Það kom eftir fallega sókn Stjörnumanna þar sem hinn sprettharði Halldór Orri Björnsson kom upp vinstri kantinn og lagði boltann fyrir markið. Þar hafði Arnar betur í baráttunni við Albert markvörð og náði að koma knettinum í netið.

Arnar Már stráði síðan salti í sár Eyjamanna er hann skoraði þriðja mark Stjörnunnar undir lok leiksins. Albert Sævarsson, sem hafði annars átt fínan leik, gerði sig sekan um slæm mistök í marki ÍBV. Hann lét Arnar stela frá sér boltanum og þurfti Arnar lítið annað að gera en renna honum yfir línuna.

„Það er mjög slæmt að vera með ekkert stig eftir þrjá leiki enda ekki það sem við ætluðum okkur fyrir mót. Sérstaklega slæmt er að við höfum ekki enn náð að skora mark,“ sagði Heimir Hallgrímsson, vonsvikinn þjálfari ÍBV, eftir leik.

Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, var vitanlega afar sáttur við sína menn í kvöld en hans menn hafa nú unnið Grindavík, Þrótt og ÍBV.

„Öllum þessum liðum var spáð í neðri hluta deildarinnar en ég átti samt ekki von á að vera með níu stig eftir fyrstu þrjá leikina. Það er framar mínum vonum.”

Bjarni var sérstaklega sáttur við hversu duglegir hans strákar hafa verið við markaskorun en Arnar Már hefur verið öflugur og skorað fjögur mörk í tveimur leikjum – í báðum sem varamaður.

„Það er gríðarlega gott að hafa mann eins og hann á bekknum. Það er oft sagt um slíka ofurvaramenn að það þýðir ekkert að hafa þá í byrjunarliðinu – þá skora þeir ekkert,” sagði Bjarni í léttum dúr. **– esá, - göj**



**MARKI FAGNAÐ** Tryggvi Bjarnason fagnar hér marki sínu en Eyjamenn eru niðurlútir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ÚRSLIT

*Pepsi-deild kvenna:*

**ÍR-Valur** 1-10
Bryndís Jóhannesdóttir - Dagný Brynjarsdóttir 3, Katrín Jónsdóttir 2, Helga Sjöfn Jóhannsdóttir, Hallbera Guðný Gísladóttir, Anna Garðarsdóttir, Kristín Ýr Bjarnadóttir, sjálfsmark.

**Afturelding/Fjölnir-Fylkir** 1-3
Margrét Þórólfsdóttir - Danka Podovac, Rúna Sif Stefánsdóttir, Anna Björg Björnsdóttir.

**KR-Keflavík** 6-0
Hrefna Huld Jóhannesdóttir 6.

**Breiðablik-Stjarnan** 0-1
Björk Gunnarsdóttir.

**GRV-Þór/KA** 0-3
Rakel Hönnudóttir 2, Mateja Zver.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fylkir** | 3 | 3 | 0 | 0 | 14-2 | 9 |
| Stjarnan | 3 | 3 | 0 | 0 | 8-1 | 9 |
| **Valur** | 3 | 2 | 0 | 1 | 15-5 | 6 |
| Þór/KA | 3 | 2 | 0 | 1 | 15-6 | 6 |
| **Breiðablik** | 3 | 2 | 0 | 1 | 9-4 | 6 |
| KR | 3 | 1 | 0 | 2 | 7-4 | 3 |
| **Aftureld/Fjöln.** | 3 | 1 | 0 | 2 | 4-9 | 3 |
| GRV | 3 | 1 | 0 | 2 | 3-8 | 3 |
| **Keflavík** | 3 | 0 | | 03 | 1-15 | 0 |
| ÍR | 3 | 0 | 0 | 3 | 2-24 | 0 |

Hrefna var stjarna helgarinnar í Pepsi-deild kvenna:

# Fylkir og Stjarnan efst

**FÓTBOLTI** Það er breytt landslagið í kvennaboltanum í ár. Yfirburðir Vals og KR eru ekki þeir sömu og hafa verið undanfarin ár og önnur lið eru farin að blanda sér í slaginn.

Stjarnan og Fylkir eru þau lið sem byrja tímabilið með mestum látum en bæði lið hafa unnið alla þrjá leiki sína í deildinni.

Stjarnan vann mjög sterkan sigur á Blikum um helgina og Stjarnan ætlar að berjast á toppnum þrátt fyrir áföll fyrir tímabilið.

Fylkisliðið er einnig að koma skemmtilega á óvart og verður líklega ekki valtað mikið yfir það í sumar líkt og venjan hefur verið undanfarin ár. Íslandsmeistarar Vals hafa tapað einum leik í sumar og það gegn Breiðablik. Valsstúlkur rúlluðu létt yfir ÍR um helgina en ÍR-liðið virðist ekki eiga mikið erindi í deildina.

Norðanstelpur í Þór/KA hafa einnig verið að bíta frá sér og verða örugglega sterkar með Rakel Hönnudóttur í broddi fylkingar.

KR-ingurinn Hrefna Huld Jóhannesdóttir var samt að öðrum ólöstuðum maður helgarinnar en hún skoraði öll sex mörk KR gegn Keflavík.

Hrefna er nýkomin aftur til KR og byrjar vel í sumar. **- hbg**



**SJÓÐHEIT** Hrefna Huld skoraði öll sex mörk KR gegn Keflavík um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**SIGURBERGUR SVEINSSON** Fer hugsanlega til Danmerkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslandsmeistarar Hauka:

# Fer Sigurbergur með Aroni?

**HANDBOLTI** Fari svo að Aron Kristjánsson taki tilboði danska félagsins Århus GF mun Sigurbergur Sveinsson fylgja honum til Danmerkur, að því er heimildir fréttastofu Stöðvar 2 herma.

Sigurbergur stefndi framan af vetri að komast í atvinnumennsku en ákvað að skuldbinda sig Haukum áður en tímabilið kláraðist.

Forsendur munu aftur á móti breytast nokkuð ef Aron fer frá liðinu og yrði það mikið áfall fyrir Íslandsmeistarana að missa þjálfarann sinn sem og bestu skyttuna. **- hbg**



**MARGRÉT LÁRA** Komin í gang. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sænski kvennaboltinn:

# Fyrsta mark Margrétar Láru

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir opnaði markareikning sinn fyrir Linköping í dag þegar hún tryggði liðinu sigur á Djurgården, 1-0. Margrét Lára kom af bekknum á 70. mínútu og skoraði sigurmarkið tíu mínútum síðar.

Það gengur ekki eins vel hjá fyrrum þjálfara Margrétar Láru, Elísabetu Gunnarsdóttur, en lið hennar, Kristianstad, tapaði sjöunda leik sínum í röð í deildinni og er enn án stiga. **- hbg**


SUMARHÚSAEIGENDUR - FELLIHÝSAEIGENDUR ATH! NÚ STANDA YFIR
DÝNUDAGAR!!!

HEILSURÚM
með tvöföldu fjaðrakerfi
20 % Afsláttur

Stærðir:
80 x 200 cm.
90 x 200 cm.
100 x 200 cm.
120 x 200 cm.
140 x 200 cm.
160 x 200 cm.
180 x 200 cm.

YFIRDÝNUR gera rúmið þitt notalegra 20 % Afsláttur


EGGJABAKKADÝNUR
Verma og mýkja
Allar stærðir
30 % Afsláttur

SPRINGDÝNUR
20 % Afsláttur

Stærðir: 80 x 200 cm. 90 x 200 cm. 100 x 200 cm. 120 x 200 cm. 140 x 200 cm. 160 x 200 cm. 180 x 200 cm.


SÉRSKORINN SVAMPUR
20 % Afsláttur


SVAMPDÝNUR EFTIR MÁLI 20 % Afsláttur


KODDAR OG SÆNGUR
20 % Afsláttur


SVEFNSÓFAR
20-40 % Afsláttur

LYSTADÚN Marco
ÞAR SEM FAGMENNSKA OG FJÖLBREYTNI FARA SAMAN
Opið virka daga 10–18 og laugardaga 11–16
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, s: 471 2954

## > David Schwimmer

„Þegar maður nýtur velgengni kemur fólk öðruvísi fram við mann. Þá er auðvelt að halda að maður sé eitthvað annað en maður er.“

***Schwimmer fer með aðalhlutverkið í myndinni The Big Nothing sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ HÁKON SVAVARSSON (13 ÁRA) ER STOLTUR AF ÞVÍ AÐ VERA ÍSLENDINGUR**

## *Jóhanna Guðrún var okkur til sóma*



Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva var haldin í Moskvu í Rússlandi á laugardaginn. Noregur vann keppnina með glæsibrag og setti stigamet með 387 stig, um níutíu stigum meira en finnska skrímslahljómsveitin Lordi sem sló metið fyrir nokkrum árum. Eins og flestir landsmenn vita lentum við í öðru sæti með glæsilegum flutningi Jóhönnu Guðrúnar Jónsdóttur á laginu Is It True, lagi Óskars Páls Sveinssonar. Bakraddir voru þau Friðrik Ómar sem keppti fyrir okkar hönd í Evróvision í fyrra ásamt Regínu Ósk, Hera Björk sem lenti í öðru sæti í undankeppninni í Evróvisjon fyrir Danmörku og Erna Hrönn. Í þriðja sæti lenti Aserbaídsjan en það var spennandi í lokin þegar Noregur gaf þeim tíu stig og þeir komust upp fyrir okkur í annað sætið, en elsku Noregur gaf okkur svo tólf stig þannig að við komumst aftur í annað sætið.

Noregur var með alls sextán tólfur sem er met, en við fengum þrjár tólfur; frá Möltu, Írum og Noregi. Eistland kom á óvart með lagi á eistnesku, en hörku skvísa var þar á ferðinni eins og hjá Aserbaídsjan og að sjálfsögðu Íslandi. Allra leiðinlegasta lagið í keppninni var lagið frá Englandi en á einhvern óskiljanlegan hátt gekk því vel, örugglega af því að frægur listamaður samdi lagið en hann heitir Andrew Lloyd Webber. Spánverjar voru lengi án stiga en svo datt inn eitt og eitt stig hjá þeim. Ekkert skrítið að þeir náðu ekki miklu enda var þetta ömurlegt lag, og þeir ættu að skammast sín.

Mikið var um ballöður í ár, ekkert sérstakar ballöður, en Ísland var með þá bestu að mínu mati að sjálfsögðu. Þetta var besti árangur Íslands frá árinu 1998 þegar Selma söng Out of our lock, eða eitthvað svoleiðis, en þá lentum við líka í öðru sæti. Keppnin verður haldin í Noregi að ári. TIL HAMINGJU NORSARAR!

## MÁNUDAGUR



▶ **19.45 Breiðablik – FH, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.50 Stefnuræða forsætisráðherra, beint** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00 Prison Break** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.10 This American Life** SKJÁREINN



▶ **21.30 Entourage** STÖÐ 2

### SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hanna Montana** (34:56)
**17.53 Sammi** (25:52)
**18.00 Millý og Mollý** (11:26)
**18.13 Herramenn** (51:52)
**18.25 Fréttaaukinn** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**19.50 Stefnuræða forsætisráðherra** Bein útsending frá Alþingi þar sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra flytur stefnuræðu sína og fram fara umræður um hana.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Íslenski boltinn** Sýnd verða mörkin úr síðustu leikjum á Íslandsmótinu í fótbolta.
**22.50 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan. (e)
**23.35 Bráðavaktin** (ER) (19:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. (e)
**00.15 Kastljós** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Devil Wears Prada**
**10.00 Look Who's Talking**
**12.00 Cats & Dogs**
**14.00 Look Who's Talking**
**16.00 The Devil Wears Prada**
**18.00 Cats & Dogs**
**20.00 The Big Nothing** Kennari sem orðinn er hundleiður á eilífu strögli og peningaleysi, gengur í lið með alræmdum svikahrappi og hyggst verða sér út um skjótfengið fé með fjárkúgun. En auðvitað fer allt úrskeiðis sem getur farið úrskeiðis.
**22.00 The Squid and the Whale**
**00.00 The Omen**
**02.00 Breathtaking**
**06.00 Murderball**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego Afram!, Kalli litli Kanína og vinir og Ævintýri Juniper Lee.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Jamie At Home** (4:13)
**10.00 Notes From the Underbelly**
**10.20 Extreme Makeover: Home Edition** (8:25)
**11.05 Logi í beinni**
**11.50 60 mínútur**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (191:260)
**13.25 Rumor Has It**
**15.10 ET Weekend**
**15.55 Barnatími Stöövar 2** A.T.O.M., Galdrastelpurnar og Ævintýri Juniper Lee
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (1:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons** (13:22)
**20.00 American Idol** (37:40)
**20.45 American Idol** (38:40)
▶**21.30 Entourage** (3:12) Vincent og félagar standa nú á krossgötum því þrátt fyrir að nokkrum þeirra hafi tekist að skapa sér nafn í kvikmyndabransanum þá neyddust þeir til að flytja úr villunni góðu. En þeir halda sínu striki og stóra tækifærið gæti verið að banka upp á með Medellín, stórmynd hins kostulega Ara Gold.
**21.55 Peep Show** (11:12) Sprenghlægilegir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.
**22.20 New Amsterdam** (7:8)
**23.05 Bones** (10:26)
**23.50 Terminator: The Sarah Connor Chronicles** (7:9)
**00.35 Rumor Has It**
**02.10 House of Flying Daggers**
**04.05 Peep Show** (11:12)
**04.30 Friends** (1:24)
**04.55 The Simpsons** (13:22)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

### STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Stjarnan - ÍBV** Útsending frá leik í Pepsi-deild karla.
**14.25 Stjarnan - ÍBV** Útsending frá leik í Pepsi-deild karla.
**16.15 Mallorca - Barcelona** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**17.55 NBA 2008/2009 - Playoff Games** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.
▶**19.45 Breiðablik - FH** Bein útsending frá leik í Pepsi-deild karla.
**22.00 Pepsí mörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.
**23.00 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð.
**23.30 Þýski handboltinn - Markaþáttur** Hver umferð gerð upp í þýska handboltanum.
**00.00 World Supercross GP** Að þessu sinni fór mótið fram á Sam Boyd leikvanginum í Las Vegas.
**00.55 Breiðablik - FH** Útsending frá leik Breiðabliks og FH í Pepsi-deild karla.
**02.45 Pepsí mörkin 2009**

### STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Chelsea - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.05 Bolton - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.45 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**18.50 Portsmouth - Sunderland** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**22.00 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**22.30 Portsmouth - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.50 Game Tíví** (15:15) (e)
**17.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.15 The Game** (12:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.
**18.40 Psych** (12:16) (e)
**19.30 Málefnið** (6:6) Umræðuþáttur í beinni útsendingu. Sölvi Tryggvason og Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir fá til sín góða gesti og kafa djúpt málin sem brenna á vörum þjóðarinnar.
▶**20.10 This American Life** (2:6) Bandarísk þáttaröð þar sem fjallað er um venjulegt fólk sem hefur óvenjulegar sögur að segja. Þættirnir eru byggðir á vinsælum útvarpsþáttum. Umsjónarmaður er Ira Glass.
**20.35 What I Like About You** (2:24) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York. Aðalhlutverkin leika Amanda Bynes og Jennie Garth.
**21.00 One Tree Hill** (17:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt.
**21.50 CSI** (18:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Tvöhundraðasti þátturinn af CSI frá upphafi.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 The Cleaner** (10:13) (e)
**00.20 Óstöðvandi tónlist**

### ÍNN

**20.00 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir ræðir við Símon Þorleifsson, Gunnar H. Gunnarsson og Gísli Gíslasson um tvöföldun Vesturlandsvegar.
**20.30 Ákveðin viðhorf** Umsjón: Andri Már Sigurðsson og Ragnhildur Lára Finnsdóttir.
**21.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir ræðir um lífsleikni og erlent samstarf við Sjöfn Guðmundsdóttur.
**21.30 Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0855

Ekki borga
**15.000 kr.**
að óþörfu!




**Þann 1. júní leggst 15.000 kr. vanrækslugjald á óskoðaðar bifreiðar og vagna** (ekki ferðavagna) með **endastafinn 3 í bílnúmeri.** Vegna mikillar aðsóknar í lok mánaðar er óvíst að hægt sé að sinna öllum skoðunarbeiðnum. Forðastu óþarfa kostnað og óþægindi með því að draga ekki fram á seinustu daga mánaðarins að fara með bílinn í skoðun.

Aðalskoðun

**Skoðunarstöðvar:**
**Reykjavík** Skeifunni 5, Sími 590 6930
**Hafnarfjörður** Hjallahrauni 4 (við Helluhraun), Sími 590 6900
**Kópavogur** Skemmuvegi 6 (bleik gata), Sími 587 3344

www.adalskodun.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00
### American Idol



Leitin að áttundu Idol-stjörnu Bandaríkjanna fer nú senn að ljúka í vinsælasta skemmtiþætti veraldar. Þrír glæsilegir söngvarar standa eftir, Danny, Chris og Adam, og syngja þeir eitt lag að eigin vali og annað sem dómarar völdu fyrir þá. Þau Simon Cowell, Randy Jackson, Paula Abdul og Kara DioGuardi sitja í dómnefnd en það er bandaríska þjóðin sem ræður úrslitum í þjóðaratkvæðisgreiðslu. Hverjir komast áfram í úrslitaþátt American Idol?

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Málefni
### SkjárEinn kl. 19.30

Umræðuþáttur þar sem Sölvi Tryggvason og Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir fá til sín góða gesti til þess að ræða ítarlega þau málefni sem eru efst á baugi. Í kvöld leitast þau við að fá svar við einni spurningu: Er botninum náð eða mun ástandið versna? Málefnið reynir að komast að því í eitt skipti fyrir öll.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Höfuðlausn
**15.30** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Lárétt eða lóðrétt
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Hringsól
**23.05** Á tónsviðinu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (190:260)
**17.15 Hollyoaks** (191:260)
**17.45 ER** (12:22)
**18.35 Seinfeld** (3:13)
**19.00 Hollyoaks** (190:260)
**19.30 Hollyoaks** (191:260)
▶**20.00 Prison Break** (13:24) Í tilefni þess að Prison Break snýr nú aftur á Stöð 2, þriðjudaginn 19. maí verða fyrstu 16 þættirnir rifjaðir upp og sýndir hér á Stöð 2 Extra á 4 dögum.
**20.45 Prison Break** (14:24)
**21.30 Prison Break** (15:24)
**22.15 Prison Break** (16:24)
**23.00 Cold Case** (18:23) Ein vinsælasta spennuþáttaröð Stöðvar 2 snýr aftur í sjöttu seríunni. Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.
**23.45 Damages** (11:13) Patty Hewes er virtur lögfræðingur sem lætur ekkert stöðva sig. Ellen sem fylgdi Patty hvert fótmál í fyrstu seríunni þarf núna að starfa leynilega fyrir FBI en hennar markmið er að ná sér niður á Patty Hewes og knésetja hana.
**00.30 Fringe** (17:21) Olivia Dunham alríkisfulltrúi og feðgarnir Walter og Peter Bishop hafa þau komist á snoðir um að hin dularfullu mál sem þau fengu inn á borð til sín væru öll nátengd og hluti af heljarstóru samsæri sem teygir anga sína til voldugasta lyfjafyrirtækis í heimi.
**01.15 Sjáðu**
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** Jonathan Creek **10.55** Jonathan Creek **11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** Blackadder Goes Forth **14.30** The Weakest Link **15.15** Jonathan Creek **16.05** Jonathan Creek **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder Goes Forth **19.10** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** Holby Blue **20.50** Any Dream Will Do **21.50** Holby Blue **22.40** Jonathan Creek **23.30** Jonathan

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** 21 Søndag **10.50** Aftenshowet **11.25** Vi bliver ved! **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Family Guy **14.30** Monster allergi **15.00** Troldspejlet **15.15** Ulven og rødharen **15.20** Ulven og Rødhætte **15.30** Den travle by **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Gør det selv **18.00** På opdagelse i Amazonas **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Kriminalkommissær Foyle **21.35** Seinfeld **22.00** Boogie Mix

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Grosvold **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Ansikt til ansikt **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Frilandshagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Små Einsteins **16.25** Vennene på Solflekken **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Puls **17.55** Borettslaget **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Om et hjerte **20.30** Husdrømmen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Inspektør Lynley **22.45** Nytt på nytt **23.15** Kulturnytt

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Sportspegeln **12.45** Siska **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** De engelska kronjuvelerna **15.50** Anslagstavlan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Berlinerpopplarna **18.50** Min morbror tyckte mycket om gult **19.00** La Paloma **19.55** Anslagstavlan **20.00** Fotboll under slöjan **20.55** Kulturnyheterna **21.10** Nip/Tuck **21.55** Babben & co **22.55** Sändningar från SVT24



## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Ég er að sjálfsögðu mjög stolt af drengnum. Hann hefur alla tíð haft mjög mikinn áhuga á þessu.“*

Gunnur Samúelsdóttir, móðir leikstjórans Samúels Bjarka Péturssonar sem er að taka upp 150 milljóna króna bjórauglýsingu í Prag.

# Kalli Olgeirs flýr kreppuna til Svíþjóðar

„Ég er að flýja land, segi það bara án þess að blikna, og það eru ýmsar ástæður fyrir því,“ segir píanóleikarinn og lagahöfundurinn Karl Olgeirsson. Hann flýr til Svíþjóðar ásamt konu og tveimur börnum, ætlar að koma sér fyrir í Lundi og einbeita sér að tónsmíðum. „Það eru nokkrar ástæður fyrir þessu, það er meiri vinna þarna úti og svo er stemningin hérna heima ekkert æðisleg,“ útskýrir Karl.

Karl hefur lengi verið meðal fremstu tónlistarmanna þjóðarinnar en hann segist hafa verið kominn á ákveðna endastöð. „Mig hefur lengi langað til að komast inn á stærri tónlistarmarkað, í Svíþjóð búa tíu milljónir þannig að þetta er miklu meira um sig heldur en Ísland.“

Svíþjóð er stundum kölluð „popp-land“ af tónlistarsérfræðingum og Karl er vel meðvitaður um að músíkin er mikill iðnaður hjá Svíunum. „Þarna drýpur bara smjör af hverju strái,“ segir hann í léttum dúr.

Hann rennir þó blint í sjóinn, kveðst þó kominn með slatta af tenglum frá vinum og kunningjum sem hafa verið að vinna úti í heimi. „Og svo er ég búinn að koma mér upp heimasíðu þar sem áhugasamir geta hlustað á lögin mín, ég er búinn að vera að vinna að þessu í dágóðan tíma.“ En kreppan ógurlega hafði úrslitaáhrif. „Já, ég held að hún hafi haft það, maður hefði eflaust ekki látið verða af þessu ef allt hefði verið í himnalagi hérna heima.“ - fgg



**TIL SVÍÞJÓÐAR** Karl Olgeirsson hefur ákveðið að flytja til Svíþjóðar ásamt fjölskyldu sinni enda sé stemningin hér á landi ekkert sérstök. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** sett, **6.** skammstöfun, **8.** hamfletta, **9.** fuglahljóð, **11.** bor, **12.** rót, **14.** fíflast, **16.** rás, **17.** blund, **18.** óðagot, **20.** ullarflóki, **21.** auma.

**LÓÐRÉTT**
**1.** klöpp, **3.** frá, **4.** sykurbráð, **5.** blekking, **7.** mjór, **10.** fálm, **13.** poka, **15.** dyggur, **16.** iðka, **19.** tvö þúsund.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lagt, **6.** eh, **8.** flá, **9.** rop, **11.** al, **12.** grams, **14.** atast, **16.** æð, **17.** lúr, **18.** fum, **20.** rú, **21.** arma.
**LÓÐRÉTT: 1.** berg, **3.** af, **4.** glassúr, **5.** tál, **7.** horaður, **10.** pat, **13.** mal, **15.** trúr, **16.** æfa, **19.** mm.

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**SUMARLANDIÐ** Grímur Hákonarson er að fara að leikstýra sinni fyrstu kvikmynd í fullri lengd. Hún heitir Sumarlandið og skartar Ólafíu Hrönn og Kjartani Guðjónssyni í aðalhlutverkum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## GRÍMUR HÁKONARSON: SUMARLANDIÐ Á LEIÐ Í TÖKUR Í JÚLÍ

# Ólafía Hrönn verður miðill

„Við byrjum tökur í júlí og ef allt gengur samkvæmt áætlun er ráðgert að þeim ljúki í ágúst,“ segir Grímur Hákonarson. Hann er að fara að leikstýra sinni fyrstu kvikmynd í fullri lengd eftir mikla velgengni á stuttmyndasviðinu. Nægir þar að nefna Slavek the Shit og Bræðrabyltu sem báðar hafa hlotið fjölmörg verðlaun á alþjóðlegum hátíðum. Það er kvikmyndafyrirtæki Baltasars Kormáks, Blue Eyes, sem framleiðir myndina en einvalalið tæknifólks kemur að gerð hennar: Ari Kristinsson verður á bak við tökuvélina og Linda Stefánsdóttir sér um leikmyndahönnunina.

Sumarlandið er kolsvört kómedía með þeim Ólafíu Hrönn Jónsdóttur og Kjartani Guðjónssyni í aðalhlutverkum; Ólafía leikur miðil af gamla skólanum en Kjartan er eiginmaður hennar. „Persóna Ólafíu er byggð á þekktum miðlum á borð við Erlu Stefánsdóttur og Þórunni Maggý. Hún er ekki með nein spil eða spákúlu heldur er bara í góðu sambandi við hina framliðnu, er hálfgerður sálusorgari fyrir syrgjendur,“ segir Grímur. Persóna Kjartans er hins vegar illa smituð af 2007-hugsunarhættinum þar sem allt var til sölu, álfar, tröll og bara spíritisminn eins og hann leggur sig. „Hann reynir að markaðssetja þetta allt af miklum móð.“ Upphaflega stóð til að myndin færi í tökur síðasta haust en ekki náðist að fjármagna myndina að fullu. Grímur kveðst hálffeginn yfir þeirri lendingu.

„Ég nýtti veturinn til að fara aðeins betur yfir handritið og fékk Ólaf Egil Egilsson til að fara aðeins yfir það með mér.“

Leikstjórinn segist tilbúinn fyrir kvikmynd í fullri lengd, þetta sé eitthvað sem hann hafi alltaf stefnt að. „Annars finnst mér lítill munur á stuttmyndum og kvikmyndum í fullri lengd, þetta er bara aðeins meiri vinna, lengri tökutími en annars voðalega svipað,“ segir Grímur sem gerir sér þó fyllilega grein fyrir því að svona kvikmyndagerð fylgir meiri pressa. „Sem betur fer er Sumarlandið tiltölulega einföld mynd, hún gerist mestmegnis á sama staðnum. Hún er enginn Myrkrahöfðingi, slík mynd kemur bara seinna.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Ótrúlegt gengi **Jóhönnu Guðrúnar Jónsdóttur** í Eurovision var vitanlega mál málanna um helgina. Fregnir berast af vinsældum lagsins Is it True? víða um heim, svo sem í Svíþjóð þar sem lagið er í fyrsta sæti yfir seld lög hjá iTunes og í Finnlandi þar sem það er í öðru sæti. Fréttablaðið sagði í síðustu viku frá því að Sony í Svíþjóð og fyrirtæki Simons Fuller væru á höttunum eftir Jóhönnu Guðrúnu. Ekki hefur áhuginn minnkað eftir að hún náði öðru sætinu og reyndar berast óljósar fréttir innan Eurovision-hópsins um að samningaviðræður við eitt fyrirtæki séu komnar á rekspöl.



En það eru ekki bara þeir sem fóru til Moskvu sem græða á Eurovision-æðinu. **Páll Óskar Hjálmtýsson** hélt sitt árlega partí á Nasa og þar ættu nokkrar krónur að hafa komið í kassann. Að minnsta kosti hafði tónlistarmaðurinn á orði að aldrei nokkurn tímann, í langri sögu hússins, hefði jafn mikið af fólki verið þar inni á sama tíma.



Bókaforlagið Veröld greinir frá því á vef sínum að eftir að Fréttablaðið sagði frá því að bók **Láru Ómarsdóttur** með kreppuráðum væri væntanleg hafi rignt inn fyrirspurnum um hvenær hún kæmi og vildi fólk fá að vita nánar um bókina. Bókin mun vera væntanleg í verslanir á morgun.

- hdm, jbg

Gólfdúkur skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn



Eldhúsið
hjarta heimilisins



Svefnherbergið
þægilegt andrúmsloft



Forstofan
einfaldara verður það ekki



Heimilisdúkur, sígild lausn:
-léttur í þrifum
-auðveldur í lögn
-glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með gólfdúk og teppi

Forbo FLOORING SYSTEMS

KJARAN GÓLFBÚNAÐUR
SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

# Sveppasýking komin á kreik

„Nafnið, já, það er kannski svolítið groddaralegt en þetta var bara það fyrsta sem kom upp í hugann á mér og mér fannst það fyndið,“ segir Sverrir Þór Sverrisson, grínisti með meiru.

Sverrir hefur stofnað framleiðslufyrirtækið Sveppasýking í kringum barnamynd sem hann er að fara að gera um ævintýri og svaðilfarir algjörs Sveppa og og vinar hans, Villa, sem naglbíturinn Vilhelm Anton Jónsson leikur. Ráðgert er að tökur hefjist 25. maí. „Við spilum þetta svolítið eftir eyranu, ætli við förum ekki í innisenurnar fyrst og leyfum grasinu aðeins að grænka en förum síðan út í júní,“ útskýrir Sverrir en myndin segir frá því þegar Villi týnist og Sveppi fer að leita hans á ólíklegustu stöðum.

Auk Sverris og Vilhelms koma þær Ilmur Kristjánsdóttir og Kastljósstjarnan Ragnhildur Steinunn töluvert við sögu auk Auðuns Blöndal en hann hefur verið dálítið útundan þegar kemur að hvíta tjaldinu, ólíkt Sverri og Pétri Jóhanni Sigfússyni, hinum Strákunum. „Auðunn leikur leiðinlega gæjann. Hann gerði það í þáttunum og tókst svona glimrandi vel upp með hlutverkið, hafði lítið fyrir því,“ segir Sverrir og hlær, hefur annars litlar skýringar á því af hverju Auðunn hefur ekki gert meira af því að leika í bíómyndum. Sverrir er stórhuga þegar kemur að kvikmyndagerðinni og segist hugsa Sveppa-myndirnar í formi þríleiks. - fgg



**Í KVIKMYNDAGERÐ** Sverrir Þór hefur stofnað framleiðslufyrirtækið Sveppasýkingu og vinnur að fjölskyldu- og barnamynd um Algjöran Sveppa. Ragnhildur Steinunn kemur við sögu í myndinni.


TIL HAMINGJU MEÐ
FRÁBÆRAN ÁRANGUR
Eurovision
SÖNGVAKEPPNI
EVRÓPSKRA
SJÓNVARPSSTÖÐVA
MOSKVA 2009
SJÓNVARPIÐ
- Annað og meira

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
- Lífið heil
www.lyfja.is
Opið **07** til **01**
Lyfja Lágmúla




**BAKÞANKAR**
**Þórhildar Elínar Elínardóttur**

## *Þar skall hurð nærri hælum*

Nú höfum við eignast ekki bara eina, heldur tvær þjóðhetjur sem heita Jóhanna og þess munu líklegast sjást merki í nafnagjöf hvítvoðunganna á næstunni. Auk þess sem fjöldi stúlkubarna fær nöfn eins og París Þöll, Aþena Fló og Þúfa Dúfa mun nýfæddum Jóhönnum örugglega fjölga stórfellt í þjóðskrá. Á Íslandi munu innan skamms tifa um ponsulítil Jóhanna Mist og agnarsmá Jóhanna Þrá. Því hvað er betra en fá í vöggugjöf hetjulegt nafn fyrstu konunnar sem varð forsætisráðherra landsins eða þeirrar sem næstum sigraði í Evróvisjón en lét okkur þó ekki sitja uppi með keppnina að ári?

**ÆTTERNI** okkar getum við að miklu leyti rakið til Norðmanna sem þrifust illa í ströngum aga heimafyrir. Hingað til Íslands fluttu óþekktarormarnir og enn sér þess nokkur merki í skaplyndi frændþjóðanna. Á meðan við spændum upp auðlindirnar og spreðuðum þeim í allskyns partý og vitleysu eins og enginn væri morgundagurinn, fara Norðmenn enn snemma í háttinn og dunda sér við víðavangshlaup og sparnað í frístundum. En eins og gamla góða frændur sem horfa með góðlátlegu yfirlæti á gelgjustælana í unglingnum er dálítið notalegt að eiga þá að þegar í harðbakkann slær. Talandi um yfirlæti.

**HIN** glæsilega Jóhanna Guðrún, sem við munum síðast í hlutverki barnastjörnunnar, flutti lag sem léttilega mætti heimfæra upp á Hrunið: Er það satt, er þetta búið? Hún stóð sig nógu vel til að vinna Evróvisjón nú um helgina. Reyndar munaði ekki nema hársbreidd. Hefðu Norðmenn spilað út einum af sínum venjubundnu slögurum værum við Íslendingar nú sigurvegarar og þar með sannarlega þjóð í enn meiri vanda. Með buxurnar á hælunum í peningamálum þyrftum við engu að síður að halda fjölþjóðlega keppni í glysi og sýndarmennsku að ári. Spjátrungseðlið sem við tókum í arf frá umræddum forfeðrum og kom okkur að lokum á alþjóðlega vanskilaskrá, hefði séð til þess að þeirri keppni væri ætlað að toppa allar þær sem á undan komu. Sama hvað.

**MEÐ** eldgamla Laugardalshöll og fokhelt tónlistarhús hefðu kostirnir samt ekki verið margir. Í fyrsta sinn í sögu Evróvisjón hefði keppnin verið haldin í leigutjaldi á hafnarbakkanum í Reykjavík. Okkur hefur verið forðað frá sögulegri niðurlægingu. Takk, Jóhanna!

**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er mánudagurinn 18. maí, 138. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.10 | 13.24 | 22.41 |
| Akureyri | 3.35 | 13.09 | 22.46 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

